

22

Vaðfuglar víkja fyrir spörfuglum

24

Mörg spennandi verkefni fram undan

28–29

Markviss stefnumótun og aukin skilvirkni

Bændablaðið

2. tölublað 2019 • Fimmtudagur 31. janúar • Blað nr. 531 • 25. árg. • Upplag 32.000 • Vefur: bbl.is

Íslendingar eru í þeirri öfundsverðu stöðu að búa í landi þar sem gnægð orku er að finna frá náttúrunnar hendi, eins og sjá má á þessari mynd sem tekin var á Reykjanesi sl. sunnudag. Þeim gæðum er þó æði misskipt eftir landshlutum. Eftir að skilið var á milli framleiðslu og flutnings á raforku hefur verðlagningin í auknum mæli færst yfir á flutning sem bitnar harðast á dreifðum byggðum. Það var gert 2005 þegar innleidd var tilskipun Evrópusambandsins frá 1996 um aðskilnað framleiðslu og flutnings á rafmagni. Þá skiptir engu þótt þær dreifðu byggðir standi oft mun nær orkuverunum sjálfum en mesta þéttbýlið á höfuðborgarsvæðinu, þar sem orka til heimila er langódýrust. Varðandi hátt orkuverð standa dreifðar byggðir á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi verst að vígi samkvæmt gögnum Byggðastofnunar. Mynd / HKr.

Heildarorkukostnaður heimila mjög misjafn eftir staðsetningu á landinu:

Dreifbýlisbúar greiða ríflega tvöfalt meira fyrir orkuna en íbúar höfuðborgarsvæðis

– Notkun á varmadælum gæti lækkað húshitunarkostnað með rafmagni að jafnaði um 50% samkvæmt skýrslu Byggðastofnunar

Heildarorkukostnaður á raforku og húshitun heimila er líkt og undanfarin ár hæstur í dreifbýli á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða (OV), verð frá RARIK fylgir þar fast á eftir. Er heildarorkukostnaðurinn ríflega tvöfalt hærri á Vestfjörðum, eða rúmlega 227% miðað við það sem höfuðborgarbúar þurfa að greiða.

Þetta kemur fram í skýrslu Byggðastofnunar sem kom út á bóndadaginn 25. janúar síðastliðinn. Þar er gerður samanburður á orkukostnaði heimila á Íslandi 2018 og er miðað við útreikninga sem Orkustofnun gerði fyrir Byggðastofnun á raforku- og húshitunarkostnaði yfir heilt ár.

Miðað er við sams konar fasteign á nokkum stöðum bæði í þéttbýli og dreifbýli. Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m^2 að grunnfleti og 350 m^3. Þá er miðað við 4.500 kWst í almennri rafmagnsnotkun og 28.400 kílówattstundir (kWst) við húshitun.

Við útreikninga þessa er almenn rafmagnsnotkun og fastagjald tekið saman annars vegar og hitunarkostnaður hins vegar. Gjöldin eru reiknuð út samkvæmt gjaldskrá þann 1. september 2018 en til samanburðar eru gjöld frá sama tíma árin 2017 og 2016. Árlegir útreikningar Orkustofnunar eru nú til frá árinu 2013.

Lægsta mögulega verðið er hæst hjá Orkubúi Vestfjarða

Þegar skoðaður er heildarorkukostnaður miðað við lægsta mögulega verð frá öllum veitum 2018 eru íbúar í dreifbýli á veitusvæði Orkubús Vestfjarða að borga mest. Er þá miðað við íbúa sem ekki njóta hitaveitu.

Notendur í dreifbýli á veitusvæði RARIK án hitaveitu og hjá Veitum ohf. voru í svipaðri stöðu á síðasta ári og viðskiptavinir OV.

Hafa ber í huga að þarna er verið að miða við lægstu verðtaxta svo kostnaður heimila getur í sumum tilfellum verið mun hærri. Þannig er heildarorkukostnaður í dreifbýli þegar miðað er við algengasta verð nokkru hærri hjá RARIK en Orkubúi Vestfjarða. eða 324.967 krónur á móti 315.550 krónum.

Lægst á Seltjarnarnesi

Ef horft er til lægsta mögulega verðs heildarorkukostnaðar þá er hann, líkt og undanfarin ár, hæstur í dreifbýli á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða nú kr. 315.179, eða 1,5% hærri en árið 2017. Miðað við þá staði sem nú er horft til er heildarorkukostnaðurinn lægstur á Seltjarnarnesi, kr. 138.557. Munurinn er 176.622 krónur og þurfa Vestfirðingar því að greiða rúmlega 227% hærra orkuverð en Seltirningar.

Notkun varmadælu bætir stöðuna

Með notkun varmadæla myndi húshitunarkostnaður, þar sem nú er bein rafhitun, lækka að jafnaði um 50%. Þeir sem eru með beina rafhitun í sínu íbúðarhúsnæði geta sótt um eingreiðslu (styrk) til Orkustofnunar til að setja upp varmadælu. */HKr./MÞÞ*

– Sjá nánar á bls 2

FRÉTTIR

Sauðfjárrækt:

Opinn fagráðsfundur 1. mars

Fagráð í sauðfjárrækt stefnir á að halda fræðslu- og umræðufund um ræktunarstarfið í sauðfjárrækt í Bændahöllinni föstudaginn 1. mars.

Fundurinn er hugsaður sem vettvangur til að ræða stefnur og strauma í sauðfjárræktinni, kynna starfsemi fagráðs og kynna niðurstöður úr rannsóknum. Nánari dagskrá veður auglýst þegar nær dregur, en upplagt er fyrir þá sem láta sig þessi mál varða að taka daginn frá. */Fagráð*

Hagstofa Íslands:

Lækkun vísitölu neysluverðs

Vísitala neysluverðs miðuð við verðlag í janúar 2019 er 462,0 stig og lækkar um 0,41% frá fyrra mánuði. Vísitala neysluverðs án húsnæðis er 394,3 stig og lækkar um 0,73% frá desember 2018.

Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 3,4% en vísitalan án húsnæðis hefur hækkað um 2,6%.

Vísitala neysluverðs samkvæmt útreikningi í janúar 2019, sem er 462,0 stig, gildir til verðtryggingar í mars 2019. Vísitala fyrir eldri fjárskuldbindingar, sem breytast eftir lánskjaravísitölu, er 9.122 stig fyrir mars 2019. */VH*

Könnun Gallup um viðhorf erlendra ferðamanna til íslenska lambakjötsins:

Rúmlega helmingur erlendra ferðamanna borðar lambakjöt

– 64% eru fremur eða mjög jákvæðir í garð lambakjöts og 38% þekkja einkennismerki Icelandic lamb

Rúmlega helmingur erlendra ferðamanna sem koma til Íslands, eða 54%, hefur neytt íslensks lambakjöts á ferðum sínum um landið einu sinni eða oftar. Þá eru 64% þeirra jákvæðir eða fremur jákvæðir í garð lambakjöts en einungis 2% neikvæðir og 34% taka ekki afstöðu samkvæmt könnun Gallup.

Icelandic lamb hefur á undanförnum árum verið að kynna merki sitt sem einkennir nú um 170 veitingastaði um allt land sem leggja áherslu á lambakjöt á sínum matseðli. Sífellt fleiri veitingastaðir hafa sýnt áhuga á að hafa þetta merki á áberandi stað til að leggja áherslu á að þar sé boðið upp á íslenskt lambakjöt. Einnig er vaxandi áhugi meðal verslana um að fá að nota merkið, einkum þeirra sem sérhæfa sig í sölu á kjöti. Var Kjötkompaníið fyrsta sérverslunin til að festa merkið upp á vegg hjá sér.

Sífellt fleiri ferðamenn þekkja merki Icelandic lamb

Kannanir Gallup sem gerðar hafa verið frá 2017 sýna að erlendir ferðamenn eru stöðugt að vera meðvitaðri um þetta einkennismerki lambakjötsins hér á landi.

Í könnun Gallup frá 2017 kemur fram að 27% erlendra ferðamanna þekktu til merkis Icelandic lamb í veitingahúsum og verslunum. Í könnun sem gerð var í maí 2018 sögðust 29% þekkja merkið og í könnun í nóvember 2018 voru 38% erlendra ferðamanna meðvituð um tilvist merkisins.

54% hafa borðað lambakjöt

Rúmlega helmingur ferðamanna sem hingað koma neytir eða bragðar lambakjöt einu sinni eða oftar á ferð sinni um landið. Undanfarin tvö ár hefur þetta hlutfall haldist nokkuð stöðugt.

Þegar ferðamenn voru spurðir um hvort þeir hafi borðað lambakjöt á veitingahúsum og/eða keypt það í verslunum í dvöl sinni hér á landi svöruðu 54% ferðamanna því játandi árið 2017. Þar af höfðu 40% fengið lambakjöt á veitingahúsum en 10% höfðu keypt það bæði í verslun og á veitingahúsi, en 4% einungis í verslun.

Í maí 2018 svöruðu 49% sömu spurningu játandi. Þar af höfðu 36% keypt það á veitingahúsum en 13% bæði á veitingahúsum og í verslunum og 5% einungis í verslunum

Í október síðastliðnum voru þeir sem neytt höfðu íslensks lambakjöts 54%. Þar af 38% á veitingahúsum og 13% bæði á veitingahúsum og í verslunum og 3% höfðu neytt lambakjöts sem einungis var keypt í verslun. */HKr.*



Orkan er dýr í dreifbýlinu

– Algengur kyndingarkostnaður heimila í Vestmannaeyjum er um 150 þúsund króna hærri á ári en á Seltjarnarnesi

Þegar litið er á orkukostnað heimila þá getur verið ansi dýr reskturinn á landsbyggðinni. Í dreifbýli þar sem kynda þarf hús með rafmagni getur sá kostnaður hæglega verið þrefalt til fjórfalt hærri en lægst gerist hjá íbúum á höfuðborgarsvæðinu.

Hæst er algengt verð á raforku til húshitunar hjá HS veitum í Vestmannaeyjum, eða 209.635 krónur á ári. Þar er lægsta mögulega orkuverð til húshitunar hins vegar142.568 krónur.

Lægst er algengt orkuverð hins vegar frá hitaveitu Seltjarnarness, eða 59.924 krónur á ári, og munar þar nærri 150 þúsund krónum á ári á algengu verði i Vestmannaeyjum.

Útreikningar Orkustofnunar

Í skýrslu Byggðastofnunar, sem kom út á bóndadaginn 25. janúar síðastliðinn, um samanburð á orkukostnaði heimila á Íslandi 2018 er miðað við útreikninga sem Orkustofnun gerði fyrir Byggðastofnun á raforku- og húshitunarkostnaði yfir heilt ár.

Miðað var við sams konar fasteign á nokkum stöðum bæði í þéttbýli og dreifbýli. Viðmiðunareignin er einbýlishús, 140 m2 að grunnfleti og 350 m3. Þá er miðað við 4.500 kWst í almennri rafmagnsnotkun og 28.400 kílówattstundir (kWst) við húshitun.

Notendur í dreifbýlinu borga meira

Þegar skoðaður er heildarorkukostnaður miðað við lægsta mögulega verð frá öllum veitum 2018 eru íbúar í dreifbýli á veitusvæði Orkubús Vestfjarða að borga mest. Er þá miðað við íbúa sem ekki njóta hitaveitu. Notendur í dreifbýli á veitusvæði RARIK án hitaveitu og hjá Veitum ohf. voru í svipaðri stöðu á síðasta ári og viðskiptavinir OV. Notendur í dreifbýli á Norðurlandi sem njóta hitaveitu eru lítið betur settir.



Algengasta verð hæst hjá RARIK

Hafa ber í huga að þarna er verið að miða við lægstu verðtaxta svo kostnaður heimila getur í sumum tilfellum verið mun hærri. Þannig er heildarorkukostnaður í dreifbýli þegar miðað er við algengasta verð nokkru hærri hjá RARIK en Orkubúi Vestfjarða, eða 324.967 krónur á móti 315.550 krónum. Þar er það hærra verð RARIK fyrir beina rafhitun sem dregur verðið upp. Þar er RARIK að bjóða 204.906 krónur á ári en OV er með 195.449 krónur. Bæði RARIK og Rafveita Reyðarfjarðar eru þar með hærra algengasta verð en OV. Þá eru HS veitur með hæsta algengasta verðið fyrir beina rafhitun í Vestmannaeyjum, eða 209.634 krónur. Samt er heildarpakki Vestmannaeyinga nærri 100 þúsund krónum lægri yfir árið en hjá RARIK, eða 226.690 krónur.

Í þéttbýliskjörnum er algengasta verðið hæst í Grundarfirði. Neskaupstaður, Vopnafjörður, Hólmavík, Reyðarfjörður, Höfn, Seyðisfjörður, Bolungarvík, Ísafjörður og Patreksfjörður fylgja þar fast á eftir.

Lægsti heildarorkukostnaður er á Seltjarnarnesi, 138 þúsund, en 315 þúsund á Vestfjörðum

Ef horft er til lægsta mögulega verðs heildarorkukostnaðar þá er hann, líkt og undanfarin ár, hæstur í dreifbýli á orkuveitusvæði Orkubús Vestfjarða nú kr. 315.179, eða 1,5% hærri en árið 2017. Miðað við þá staði sem nú er horft til er heildarorkukostnaðurinn lægstur á Seltjarnarnesi kr. 138.557. Munurinn er 176.622 krónur og þurfa Vestfirðingar því að greiða rúmlega 227% hærra orkuverð en Seltirningar.

Lægsta raforkuverð á höfuðborgarsvæðinu er 79 þúsund en 120 þúsund hjá OV

Fram kemur í útreikningunum að lægsta mögulega verð á raforku sem notendum stendur til boða á hverjum stað, með flutnings- og dreifingarkostnaði, fæst á Akranesi, í Mosfellsbæ, á Seltjarnarnesi og í Reykjavík, um 79 þúsund krónur. Í dreifbýli hjá Orkubúi Vestfjarða bætist 52% við verðið í Reykjavík og borga vestfirsku neytendurnir þá 120 þúsund krónur.

Húshitun í dreifbýli á Vestfjörðum 226% hærri en á Seltjarnarnesi

Þegar kemur að húshitunarkostnaði er munurinn öllu meiri. Lægsti húshitunarkostnaðurinn er á Seltjarnarnesi, kr. 59.924. Þá koma Flúðir með kr. 60.492 og Mosfellsbær með kr. 79.804. Með Seltjarnarnes sem ódýrasta kostinn er munurinn á hæsta og lægsta verði um 226%.

Af þeim stöðum sem skoðaðir voru árið 2017 var lægsti húshitunarkostnaðurinn á Seltjarnarnesi, kr. 55.380, á Flúðum kr. 61.628 og í Grindavík kr. 84.632.

Fyrir ári síðan var lægsta mögulega verð hæst á orkuveitusvæði RARIK í dreifbýli, hjá Orkubúi Vestfjarða í dreifbýli, á Hólmavík, í Grundarfirði, í Neskaupstað, á Reyðarfirði og í Vopnafjarðarhreppi kr. 191.666. Hefur sá kostnaður hækkað um tæp 2% og er nú kr. 195.134. Þá voru Bolungarvík, Ísafjörður og Patreksfjörður einnig með hæstan kostnað árið 2017, kr. 191.666 en hefur nú lækkað í kr. 189.996.

Notkun varmadælu getur stórlækkað orkukostnað

Með notkun varmadæla myndi húshitunarkostnaður, þar sem nú er bein rafhitun, lækka að jafnaði um 50%. Þeir sem eru með beina rafhitun í sínu íbúðarhúsnæði geta sótt um eingreiðslu (styrk) til Orkustofnunar til að setja upp varmadælu. Íbúar sem fá orkuna frá kyntri hitaveitu eða annarri hitaveitu geta ekki fengið slíkan styrk. Þau svæði sem í þessari greiningu eru með beina rafhitun eru eftirfarandi:

- Bolungarvík
- Grundarfjörður
- Hólmavík
- Höfn
- Ísafjörður
- Neskaupstaður
- Orkubú Vestfjarða – dreifbýli
- Patreksfjörður
- RARIK – dreifbýli
- Reyðarfjörður
- Seyðisfjörður
- Vopnafjörður

Lækkun á þessum svæðum væri því um kr. 100.000 á heimili á ársgrundvelli. Einnig er íbúðarhúsnæði í Vestmannaeyjum með beina rafhitun. Stendur það til bóta með uppsetningu sjóvarmadælu og því geta einstakir notendur í Vestmannaeyjum ekki sótt um slíkan styrk. */HKr./MÞÞ*

ÁSAR

ÍSLENSK HEILSÁRSHÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR

500.000 kr.
kynningarafsláttur af fyrstu 5 Ásahúsunum

SPLUNKUNÝTT
Grunnflötur
65 fm

Verð 7.176.000 kr. m/vsk

SPLUNKUNÝTT
Grunnflötur
80 fm

Verð 9.349.000 kr. m/vsk

KLETTAR

HEILSÁRSHÚS

Grunnflötur 65 fm + 35 fm svefnloft
Verð 7.476.000 kr. m/vsk

Grunnflötur 80 fm + 49 fm svefnloft
Verð 9.649.000 kr. m/vsk

EFLA verkfræðistofa á Akureyri sér um tæknilega hönnun á öllum húsunum okkar. Öll hönnun á burðarvirki, festingum og allt efnisval er skv. gildandi byggingarlöggjöf. Húsin uppfylla því að öllu leyti kröfur sem gerðar eru til húsbygginga hér á landi.

EFLA

JÖKLAR

Upplifun á Íslandi

ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKA FERÐAÞJÓNUSTU

Forsniðin einingahús - Fljótleg í uppsetningu

GRUNNHÚS - Verð m/vsk
2.589.600 kr.

Grunnhús
24,3 fm

Einfalt að stækka

JÖKLAR - FLATT ÞAK

GRUNNHÚS - Verð m/vsk
2.797.600 kr.

Grunnhús
24,3 fm

Einfalt að stækka

JÖKLAR - BURST ÞAK

GRUNNHÚS - Verð m/vsk
2.797.600 kr.

Grunnhús
24,3 fm

Einfalt að stækka

JÖKLAR - ÍSLENSKU HÚSIN

Húsin afhendast ósamsett miðað við skilalýsinguna „Tilbúin að utan, fokheld að innan“ Húsin standast 100% íslenska byggingareglugerð.

STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN

Landshús - Sími 553 1550 - landshus@landshus.is - www.landshus.is

LANDSHÚS

FRÉTTIR

Bændablaðið mest lesni prentmiðillinn á landsbyggðinni síðastliðin fimm ár

– Er næststærst yfir landið allt og þriðji mest lesni prentmiðillinn á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt könnun Gallup

Samkvæmt lesendakönnun Gallup um lestur á prentmiðlum á síðasta ársfjórðungi 2018 er Bændablaðið mest lesni prentmiðillinn á landsbyggðinni. Hefur svo verið öll þau fimm ár sem blaðið hefur tekið þátt í þessari könnun. Þá er blaðið næstmest lesni prentmiðillinn yfir landið í heild og í þriðja sæti á höfuðborgarsvæðinu.

Á landsbyggðinni hefur meðallestur á Bændablaðinu aukist um 2,5 prósentustig á milli ára, eða úr 43,1% árið 2017 í 45,6% árið 2018. Er Bændablaðið jafnframt eini prentmiðillinn sem þátttakandi var í könnun Gallup sem bætir markvert við sig í lestri á landsbyggðinni, fyrir utan Morgunblaðið, sem bætti við sig 0,1% meðan aðrir dragast saman.

Í þessari könnun Gallup var kannaður lestur á Bændablaðinu, Fréttablaðinu, Morgunblaðinu, Stundinni, DV og Viðskiptablaðinu yfir þriggja mánaða tímabil. Á landsbyggðinni mældist







Bændablaðið með mestan meðallestur, eða 45,6%. Þá kom Fréttablaðið með 24,6%, Morgunblaðið með 22,1%, DV með 10,8%, Stundin með 9,1% og Viðskiptablaðið með 5,1%.

Þegar skoðaður var meðallestur á landinu öllu var Fréttablaðið með 39,7% lestur og Bændablaðið var með 29,5% lestur. Hafa ber í huga að sá reginmunur er á þessum miðlum að Fréttablaðið er dagblað sem dreift er frítt í 90 þúsund eintökum (yfir 32 milljónum eintaka á ári) og er borið til nær allra heimila á höfuðborgarsvæðinu. Þar kemst fólk því vart hjá því að berja blaðið augum sem hlýtur að hafa ákveðið vægi í skoðanakönnun sem þessari. Bændablaðið kemur hins vegar út að jafnaði hálfs mánaðarlega, eða 24 sinnum á ári, og er dreift í 32 þúsund eintökum (nær 800 þúsund eintökum á ári) á ríflega 400 dreifingarstaði um allt land og á höfuðborgarsvæðinu. Auk þess sem það fer á öll lögbýli landsins og í póstdreifingu til þeirra sem þess óska. Fólk þarf því að hafa fyrir því að sækja sér eintak af Bændablaðinu en fær það ekki óumbeðið inn um bréfalúguna. Það segir mikið um áhuga fólks á miðlinum. Enda er líftími Bændablaðsins á borðum lesenda sem sækja það af einskærum áhuga mjög langur. Lýsir það sér vel í góðu gengi í könnunum Gallup.

Í þriðja sæti í meðallestri yfir landið allt er Morgunblaðið með 24,5% og kemur út daglega. Það er, líkt og Bændablaðið, einungis lesið af fólki sem hefur áhuga á því og í raun athyglisverð staða í ljósi þess að fólk þarf auk þess að borga fyrir hvert eintak, eða að fá það í áskrift. Í fjórða sæti er DV með 10,6% lestur, Stundin í fimmta sæti með 10,5% og Viðskiptablaðið er í sjötta sæti með 9,8%. Vart er hægt að tala um marktækan mun í lestri á þrem síðasttöldu prentmiðlunum.

Ef eingöngu er litið á tölur um meðallestur á höfuðborgarsvæðinu er Fréttablaðið eðlilega með yfirburðastöðu, 48,1%, sökum mikillar frídreifingar inn á hvert heimili. Morgunblaðið er þar í öðru sæti með 25,8% meðallestur. Þá kemur Bændablaðið í þriðja sæti með 20,4% lestur. Viðskiptablaðið er þar í fjórða sæti með 12,4% lestur og sína miklu sérhæfingu í viðskiptaumfjöllun. Þar á eftir kemur Stundin í fimmta sæti með 11,3% lestur og DV er svo í sjötta sæti með 10,5%. /HKr.

Atkvæðagreiðsla meðal mjólkurframleiðenda

– Snýst um hvort kvótakerfi í mjólkurframleiðslu skuli afnumið frá og með 1. janúar 2021 eða ekki

Dagana 11.–18. febrúar 2019 munu Bændasamtök Íslands láta fara fram atkvæðagreiðslu meðal mjólkurframleiðenda um hvort kvótakerfi í mjólkurframleiðslu skuli afnumið frá og með 1. janúar 2021, í samræmi við 14. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar. Kosið verður rafrænt og er framkvæmd kosningarinnar kynnt á síðu 8 hér í blaðinu.

Með það að leiðarljósi að bændur geti tekið afstöðu í málinu hafa hér verið tekin saman aðalatriði þess hvaða þýðingu það hefur annars vegar að afnema kvótakerfið og hins vegar að því verði haldið. Verði niðurstaðan sú að afnema skuli kvótakerfið mun samningur um starfsskilyrði nautgriparæktar ganga að stórum hluta áfram í þeirri mynd sem hann er skrifaður. Verði niðurstaðan sú að halda kvótakerfinu mun framhaldið byggjast á grunni fyrra kerfis.

Síðastliðið haust sömdu Bændasamtök Íslands og Landssamband kúabænda við Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri um að vinna greiningu á mismunandi kerfum um viðskipti með kvóta til undirbúnings fyrir atkvæðagreiðsluna. Eru eftirfarandi sviðsmyndir meðal annars unnar út frá niðurstöðu þeirrar greiningar:

Tekið skal fram að í kjölfar atkvæðagreiðslunnar munu samningaviðræður milli Bændasamtaka Íslands og stjórnvalda hefjast, þar sem samninganefnd bænda mun leggja fram sínar áherslur. Þær sviðsmyndir sem hér birtast gætu tekið einhverjum breytingum í samningaferlinu.

Sviðsmynd 1: Kvótakerfið kosið af

Verði kvótakerfið kosið af mun núgildandi samningur um starfsskilyrði í nautgriparækt halda áfram gildi sínu í stórum dráttum.

- Gert er ráð fyrir að greiðslumarkið fjari út á samningstímanum, bæði sem viðmiðun fyrir beingreiðslur og kvóti sem tryggir forgang að innanlandsmarkaði.
- Heildargreiðslumark félli niður 1. janúar 2021 og framleiðsla mjólkur yrði ekki takmörkuð af opinberum aðila.
- Greiðslumark einstakra lögbýla héldi gildi sínu, með áorðnum breytingum, sem viðmið fyrir beingreiðslur (áður A-greiðslur) til 31. desember 2025.
- Greiðslur út á greiðslumark myndu fjara út á samningstímanum og færast yfir á greiðslur á alla innvegna mjólk eða aðra liði samningsins.
- Ríkið hefði innlausnarskyldu á greiðslumarki gagnvart þeim sem óska eftir henni fram að síðasta innlausnardegi árið 2019. Frá þeim tíma væri ekki hægt að óska eftir innlausn.
  - *Innlausn fer fram með þeim hætti að greiðslumarkshafi fær greitt tvöfalt núvirt andvirði greiðslna út á greiðslumark (áður A-greiðslna) sem eftir eru.*
  - *Komi til þess að innleyst greiðslumark seljist ekki þannig að ekki verði jöfnuður á innlausn og sölu greiðslumarks skal því mætt með skerðingu á öðrum liðum samningsins samkvæmt ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga.*
  - *Greiðslumark framleiðenda þar sem engin framleiðsla fer fram í a.m.k. heilt verðlagsár innleysir ríkið án þess að bætur komi fyrir.*
- Semja þarf um fyrirkomulag á verðlagningu mjólkur en gildistöku þess fyrirkomulags sem kveðið er á um í 12. grein núverandi samnings var frestað. Þar er gengið út frá því að lágmarksverð til framleiðenda fyrir mjólk innan greiðslumarks, ákveðið af opinberum aðila, falli niður 1. janúar 2021. Þá verði afurðastöðvum heimilað að verðleggja mjólk til framleiðenda og ákvarða heildsöluverð á mjólkurafurðum innan ákveðinna tekjumarka sett af opinberum aðila.
- Í 6. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar er kveðið á um fjármuni sem skal ráðstafa ef bregðast þarf við breytingum í framboði og eftirspurn á markaði. Árlegar fjárhæðir eru 92–99 milljónir króna út samningstímann. Eru þeir fjármunir ætlaðir til eflingu á markaðsfærslu nautgripaafurða, greiðslu á sérstökum uppbótum fyrir slátrun kálfa og kúa, tilfærslu í aðra framleiðslu á kúabúum eða tímabundnar býlisgreiðslur óháðar framleiðslu.
- Heimilt er að færa allt að 20% árlega af upphæð milli einstakra liða samningsins, öðrum en greiðslum út á greiðslumark. Slík ákvörðun er í höndum framkvæmdanefndar búvörusamninga hverju sinni.

Sviðsmynd 2: Kvótakerfið kosið áfram

Verði kvótakerfið kosið áfram þarf samningur um starfsskilyrði í nautgriparækt að taka töluverðum breytingum, með hliðsjón af eftirfarandi:

- Greiðslumarkið héldi sér sem kvóti sem tryggir forgang að innanlandsmarkaði.
- Heildargreiðslumark yrði áfram gefið út fyrir hvert ár.
- Niðurtröppun á beingreiðslum út á greiðslumark samkvæmt samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar yrði endurskoðuð ásamt annarri skiptingu greiðslna á liði samningsins.
- Lögð verður áhersla á að lágmarksverð til bænda verði áfram ákveðið af opinberum aðila.
- Viðskipti með greiðslumark myndu fara í gegnum miðlægan markað í umsjón MAST. Nokkrar leiðir kæmu til greina:
  - *a) Tilboðsmarkaður/kvótamarkaður með fyrirfram ákveðnu verði.*
  - *b) Tilboðsmarkaður/kvótamarkaður þar sem verð ræðst af framboði og eftirspurn hverju sinni og jafnvægisverð fundið. Skoðaður verður sá kostur að setja hámarksverð á hvern lítra mjólkur á kvótamarkaði.*
- Áfram yrði heimilt er að færa allt að 20% árlega af upphæð milli einstakra liða samningsins, öðrum en greiðslum út á greiðslumark. Slík ákvörðun er í höndum framkvæmdanefndar búvörusamninga hverju sinni.
- Semja þarf um fyrirkomulag á verðlagningu mjólkur en gildistöku þess fyrirkomulags sem kveðið er á um í 12. grein núverandi samnings var frestað og hefur verðlagsnefnd áfram ákveðið lágmarksverð til framleiðenda og heildsöluverð á mjólkurafurðum.
- Endanlegar útfærslur sviðsmyndar 2 eru eðlilega með fyrirvara um að samningar um þær náist við ríkið, en fulltrúar bænda munu halda ofangreindum áherslum fram.

Í framhaldi af atkvæðagreiðslunni mun fara fram skoðanakönnun meðal kúabænda sem eru félagsmenn BÍ og LK. Þar gefst tækifæri á að svara nokkrum spurningum sem snúa að nánari útfærslum samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar og mun varpa frekara ljósi á vilja bænda við endurskoðun búvörusamninga.

Tekið saman af Bændasamtökum Íslands og Landssambandi kúabænda.

Líf í tún og akra í vor

Vörutegund	N	P	Vatnsl.P	K	Ca	Mg	S	Se	B	Na	Greitt f. 15.3	Greitt f. 15.5	Greiðsludr.
EINGILDUR											Kr.	Kr.	Kr.
LÍF 27	27,0				8,0						55.147	56.945	59.942
LÍF H-N 42+Se	42,0						2,0	0,002			74.877	77.319	81.388
TVÍGILDUR													
LÍF 24-5+Se+Nutricharge	23,5	2,2	90%		6,4	1,5	2,0	0,002			66.147	68.304	71.899
LÍF 24-13+Se	24,0	5,7	90%		5,0		2,0	0,002			69.033	71.284	75.036
LÍF H-N 35-15+Se	34,6	6,3	90%				2,4	0,002			81.568	84.228	88.661
ÞRÍGILDUR													
LÍF 13-15-18+Bór klórfrír	13,0	6,5	90%	14,9	2,1		7,1		0,22		88.131	91.005	95.795
LÍF 17-15-11+Bór	16,5	6,5	90%	9,1	4,4		2,0		0,22		69.944	72.224	76.026
LÍF 18-11-10+Se	18,0	4,8	90%	8,3	5,3		2,0	0,002			67.350	69.546	73.206
LÍF 19-15-10+Se	19,0	6,5	90%	8,3	3,4		2,0	0,002			72.160	74.513	78.435
LÍF 20-5-12+Se	20,0	2,2	90%	10,0	4,9		2,0	0,002			63.742	65.820	69.284
LÍF 20-6-10+Se Nutricharge	20,0	2,6	90%	8,3	4,7		2,0	0,002			65.906	68.055	71.637
LÍF 20-10-10	20,0	4,3	90%	8,3	4,3		2,0				66.628	68.801	72.422
LÍF 20-10-10+Se	20,0	4,3	90%	8,3	4,3		2,0	0,002			68.071	70.291	73.990
LÍF 20-12-8+Se	20,0	5,2	90%	6,7	4,0		2,0	0,002			68.552	70.788	74.513
LÍF 20-15-10+Se	19,6	6,5	90%	8,3	4,1			0,002			73.363	75.755	79.742
LÍF 22-3-3 LYSTAUKI	22,0	1,3	90%	2,5	6,7					2,9	59.740	61.688	64.935
LÍF H-N 25-10-10+Se	25,0	4,3	90%	8,3	1,5		2,5	0,002			71.829	74.171	78.075
LÍF 27-6-6+Se	26,6	2,5	90%	4,9			2,3	0,002			69.215	71.472	75.233
Kalkáburður													
LÍF Kornað kalk 39					38,8						35.279	36.430	38.347

Verðlistinn sýnir verð pr. tonn án vsk miðað við gengi bresks punds 18. janúar 2019. Áburðurinn er afgreiddur í 600 kg stórsekkjum. Verðlistinn er birtur með fyrirvara um prentvillur. Lífland áskilur sér rétt til fyrirvaralausra verðbreytinga vegna gengis- og verðþróunar.

FYRIRKOMULAG Á GREIÐSLUM

1. Fyrirframgreitt fyrir 15. mars. 8% afsláttur
2. Greitt f. 15. maí. 5% afsláttur. Greiðsludreifing í boði.
3. Greiðsludreifing eða, greitt fyrir 15. október.
1) Ein vaxtalaus greiðsla með gjalddaga 15. október.
2) Sjö mánaðarlegar, vaxtalausar greiðslur 1. hvers mánaðar frá maí, til og með nóvember.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar í síma 540 1138 eða á aburdur@lifland.is og fáðu nánari upplýsingar um áburðarúrvalið.

NÝJUNGAR

- Þrjár vörutegundir með H-N úrefni sem er húðað með fjölliðuhúð sem tryggir minni uppgufun, útskolun og afnítrun.
- Tvær vörutegundir meðhöndlaðar með Nutricharge sem eykur nýtanleika fosfórs og minnkar fastbindingu við jarðveg.
- Flestar selenbættar vörutegundir húðaðar með seleni sem tryggir jafna dreifingu.
- Hátt hlutfall kalks í mörgum vörutegundum.

LÍFLAND
Stofnað 1917

Bændablaðið

– Málgagn bænda og landsbyggðar –

Bændablaðið kemur út 24 sinnum á ári. Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.
Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu. Árgangurinn kostar þá kr. 10.500 með vsk. (innheimt í tvennu lagi). Ársáskrift fyrir eldri borgara kostar 5.250 með vsk.

Heimilisfang: Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík.
Sími: 563 0300 – **Fax:** 562 3058 – **Kt:** 631294–2279

Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – **Sími:** 563 0339 − **Rekstur og markaðsmál:** Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is – **Blaðamenn:** Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is – **Auglýsingastjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir ghp@bondi.is – **Sími:** 563 0303 – **Netfang auglýsinga: augl@bondi.is** − **Vefur blaðsins: www.bbl.is** − Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er **bbl@bondi.is**
Frágangur fyrir prentun: Anna Kristín Ólafsdóttir – Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Dreifing: Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

SKOÐUN

Gargandi hræsni

Hugtakið að vera umhverfisvænn hefur verið gott og gilt í íslensku máli. Það er þó óðum að verða að útjaskaðri klisju sem sjálfhverfir framagosar nota á tyllidögum til að þykjast standa öðrum framar í væntumþykju um náttúruna.

Lýsti hræsni loftslagsumræðunnar sér berlega á efnahagsráðstefnu World Economic Forum sem haldin var í skíðabænum Davos í Sviss nýverið þar sem loftslagsmál voru í brennidepli. Þar komu allir helstu efnahags- og loftslagspostular heimsins saman og dugði ekkert minna en 1.500 reykspúandi einkaþotur til að flytja flottustu höfðingjana á þennan viðburð.

Að sögn breska blaðsins The Guardian sló þessi ferðamáti umhverfisvænna loftslagspostula nú öll met og voru þoturnar bæði stærri og flottari en áður hefur sést á slíkum ráðstefnum. Á ráðstefnu World Economic Forum á síðasta ári mættu þessir siðapostular „aðeins“ á 1.300 þotum til ráðstefnunnar. Samt segjast talsmenn ráðstefnunnar hafa mælst til þess að fulltrúar nýttu sér almennt farþegaflug eða sameinuðust allavega um þotur eins og kostur væri.

Í þessum ranni hljóma viðvaranir hins virta náttúruunnanda David Attenborugh um loftslagsmál ansi hjákátlega, en afar vinsælt hefur verið að flagga honum á slíkum ráðstefnum að undanförnu. Er þetta farið að minna meira á trúðasamkomur en alvöru umræður um mikilvægan málaflokk.

Flestir einkaþotufulltrúar og viðskiptavinir einkaþotuþjónustu Air Charter Service á slíkum ráðstefnum undanfarin fimm ár hafa að sögn Guardian komið frá Þýskalandi, Frakklandi, Bretlandi, Bandaríkjunum, Rússlandi og Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

Svipað virðist vera upp á teningnum þegar kemur að sorp- og skolpumræðunni á Íslandi þótt hún sé eins og litli ljóti andarunginn við hliðina á öllum orðaflaumnum um gróðurhúsaáhrif og loftslagsmál.

Sorpeyðing er og hefur nánast verið bannorð í umræðu þeirra sem ráðið hafa ferðinni í þeim málaflokki á Íslandi í fjölmörg ár. Vegna slæmrar reynslu af fúski við brennslu á sorpi á liðnum árum var tekin upp sú stefna að hætta brennslu og urða sorp þess í stað víða á landinu. Þannig hefur sorp verið flutt á milli landsfjórðunga til urðunar í landi Reykjavíkur í Álfsnesi. Þetta hefur verið gert þrátt fyrir áralanga vitneskju um að senn komi að því að urðun á sorpi verði bönnuð um gervalla Evrópu. Á sama tíma hefur þótt sæmandi að senda illa flokkuð úrgangsefni úr sorpi Íslendinga til brennslu í Svíþjóð og hvítþvo þannig hendur íslenskra ráðamanna af loftmengun vegna sorpbrennslu. Nú er verið að loka á sorpurðun Sunnlendinga í Álfsnesi og þá virðist eina úrræðið að flytja það með reykspúandi skipum alla leið til Svíþjóðar í brennslu.

Undanfarin ár hafa menn leitt hjá sér að finna almennilega lausn á sorpeyðingu Íslendinga vegna þvergirðingsháttar þeirra sem ráða ferðinni. Er í raun furðulegt að ekki hafi verið leitað í smiðju Svía sem hafa lengsta og besta reynslu í þessum málum. Lausnirnar hafa verið til í langan tíma svo engin haldbær afsökun er fyrir aðgerðarleysinu er til í málinu.

Sama á við varðandi skólpmál Íslendinga sem er annar stórskandall. Hér er skólpi dælt út í sjó, mislangt frá strönd um allt land og að mestu óhreinsað. Þannig er það m.a. frá mesta þéttbýli landsins á höfuðborgarsvæðinu sem er til háborinnar skammar. Þar þýðir ekki heldur að fela sig á bak við kjaftavaðal um að kanna þurfi leiðir til úrlausnar. Tæknin er til og hefur verið lengi. */HKr.*

Sterkari saman

Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands
sindri@bondi.is

Íslenskir bændur eru mjög félagslega virkt fólk. Yfirleitt er góð aðsókn þegar haldnir eru fundir úti um sveitir og góðar og uppbyggilegar umræður. En bændur eru vissulega ekki sammála um alla hluti og hafa skipað sér í mörg félög.

Aðildarfélög Bændasamtakanna eru 26, ellefu svæðisfélög og svo fimmtán í viðbót sem starfa á landsvísu eftir búgreinum eða öðrum afmörkunum. Helmingur þeirra er síðan samsettur úr öðrum minni félögum. Öll þessi 26 félög starfa sjálfstætt og tólf þeirra hafa starfsmann, sum fleiri en einn en önnur bara hluta úr einu stöðugildi. Síðan eru til fleiri samtök sem tengjast landbúnaðinum mikið án þess að vera hluti af BÍ eins og samtök sláturleyfishafa, samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði, samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja, samtök veiðifélaga, landeigenda, selabænda, raforkubænda og fleiri. Það þarf dágóðan hóp af fólki til að skipa stjórnir allra þeirra eininga sem taldar eru upp hér að framan, en oft lenda margar á sömu einstaklingunum.

Stöndum saman þegar á bjátar

Af hverju er þetta svona? Hagsmunirnir allra greina fara ekki alltaf saman. Kjötframleiðslugreinarnar eiga til dæmis í mikilli innbyrðis samkeppni og stundum verður innri ágreiningur um hvernig starfsumhverfið er að þróast eða ætti að þróast, bæði innan og á milli einstakra greina. Það er bara eins og gerist og gengur í samfélaginu í heild. Við stöndum vissulega saman þegar á bjátar en greinir oft á þess á milli.

Félagskerfi landbúnaðarins hefur þróast á löngum tíma, en það er núna að takast á við miklar breytingar. Eftir að innheimtu búnaðargjalds var hætt árið 2017 hvarf stór hluti tekna Bændasamtakanna og uppistaða tekna meirihluta aðildarfélaganna og þau eru enn að aðlagast því. Það mun óhjákvæmilega hafa í för með sér skipulagsbreytingar sem eru ekki enn komnar fram nema að litlu leyti, enda er skammur tími liðinn.

Orsök breytinganna var sú að dæmt var ólöglegt fyrir Mannréttindadómstól Evrópu að innheimta félagsgjöld með almennum hætti, eins og gert var með búnaðargjaldinu – og í öðrum greinum líka. Það var ekki talið standast félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar, þar sem engan megi neyða til að greiða til félags sem hann vill ekki eiga aðild að. Þetta var staðfest fyrir innlendum dómstólum þegar stór innlendur greiðandi búnaðargjalds lét á það reyna þar.

Oft hefur verið rætt um að félagskerfið þyrfti að einfalda og þétta raðirnar. Guðni Ágústsson vakti síðast máls á því hér í síðasta tölublaði. Margt er hægt að taka undir með Guðna. Samtök bænda hafa gagnrýnt harkalega veika umgjörð landbúnaðarins innan stjórnsýslunnar. Það væri sannarlega heillaráð að styrkja hana til dæmis með sérstöku ráðuneyti landbúnaðar og matvæla. Þar er sannarlega aðgerða þörf.

Ráðherra málaflokksins heldur því fram að hann vilji og ætli að gera þar betur, en enn er ekki margt þar handfast þó ýmsar hugmyndir hafi verið kynntar. Forsætisráðherra hefur talað mjög í þeim anda að gera ætti innlendri matvælaframleiðslu hærra undir höfði og undir það er tekið af heilum hug hér. Vonandi sjást þess merki fyrr en síðar, en skoða ætti í fullri alvöru hugmyndina um sérstakt ráðuneyti matvæla og landbúnaðar.

Fleiri mættu ljá raddir sínar til stuðnings

Það er sótt að landbúnaðinum víða, þrátt fyrir að greinin njóti mikils velvilja almennings. Einkum vilja talsmenn innflutningsfyrirtækja grafa undan allri vernd sem í gildi er til að vernda heilsu manna og dýra og tollverndinni sem ætluð er til að jafna samkeppnisstöðu gagnvart innflutningi. Þeim hefur orðið verulega ágengt. Sannarlega veitti landbúnaðinum ekki af fleiri röddum sér til stuðnings í umræðum dagsins og sterkari samstöðu. Þá ekki bara bænda sjálfra heldur líka fyrirtækjanna sem treysta á landbúnaðinn, vinna úr afurðum hans eða halda utan um hagsmuni þeirra fjölmörgu sem þar starfa. Sumir hafa stigið þar fram með afgerandi hætti, til dæmis prófessor Karl G. Kristinsson, yfirlæknir á Lansspítalanum, og Vilhjálmur Svansson, dýralæknir á Keldum. Fleiri mættu gera slíkt hið sama.

Baráttan fyrir áframhaldandi sóttvörnum hefur þó dregið skýrt fram mál sem landbúnaðurinn sameinast um. Það skiptir afar miklu máli fyrir alla – hvar sem þeir koma að greininni, beint eða óbeint, og verður vonandi til þess að sýna fram á að samstaðan skilar mestu.

Bændasamtökin hafa breytt sínum reglum á þann veg að fyrirtæki geta verið aðilar að samtökunum og einnig einstaklingar sem vilja styðja við landbúnaðinn þó að þeir stundi hann ekki sjálfir. Í því felast tækifæri fyrir alla, en ekki hafa margir nýtt þau enn. Guðna Ágústssyni og öðrum sem vilja styðja við starf samtaka bænda er bent á að skoða þann möguleika að ganga beint til liðs við BÍ með því að gerast aukafélagi.

Allsherjar endurskipulagning á félagskerfi landbúnaðarins

Þróunarvinnan mun halda áfram. Búnaðarþing 2018 samþykkti að koma á fót starfshóp til að móta tillögur um allsherjar endurskipulagningu á félagskerfi landbúnaðarins. Þar verði horft til uppbyggingar systursamtaka BÍ í nágrannalöndum okkar. Litið verði til allra þeirra verkefna sem samtök bænda koma að, svo sem hagsmunagæslu, kynningar- og útgáfumála, stefnumörkunar, rannsókna, ráðgjafar og ræktunarstarfs. Niðurstaða þeirrar vinnu kemur til afgreiðslu Búnaðarþings 2020 og verður vonandi til þess að efla og styrkja slagkraft samtaka bænda og þeirra sem vilja landbúnaðinum vel. Það er engin önnur leið til framtíðar.

ÍSLAND ER LAND ÞITT

Gjögur er fornfræg veiðistöð í Árneshreppi á Ströndum á Vestfjörðum og þar var vísir að þorpi á 20. öld. Nú býr þar enginn lengur allt árið, en nokkuð er um að fólk hafi þar sumardvöl. Gjögur er utan við Sætrafjall á Reykjanesi, milli Trékyllisvíkur og Reykjarfjarðar. Þar var fræg hákarlaveiðistöð á síðustu öld og margir voru þar í verbúðum yfir veiðitímabilið. Gengu þá oft þaðan 15–18 opin skip til hákarlaveiða samtímis og voru 7–11 menn á hverju skipi. Upphaflega voru tvær hákarlaveiðistöðvar í Strandasýslu, Gjögur og Skreflur, og um aldamótin 1800 gengu 3 eða 4 skip út frá hverri. Skipin voru sexæringar. Hætt var seinna að róa í Skreflum. Mynd / Hörður Kristjánsson

LÍF & STARF

Dráttarvél Páls Þórðarsonar, bónda á Sauðanesi, í vökinni og búin að tylla hjólunum á botn Svínavatns. Myndir / Björgunarfélagið Blanda.

Dráttarvél fór niður um ís og bóndinn skreið út um afturrúðuna

– Vélin send í afvötnun og þurrkun

„Mér varð ekki meint af, fékk smávegis vatn ofan í annað stígvélið, annað var það nú ekki," segir Páll Þórðarson, bóndi á Sauðanesi, sem lenti í því að missa dráttarvél sem hann ók eftir Svínavatni niður um ísinn.

Páll kveðst áður hafa ekið eftir vatninu nokkrar ferðir og þá verið í lagi með ísinn, en af einhverjum ástæðum hefði hann verið veikari fyrir á þessum stað en annars staðar. „Það var frekar grunnt á þessum slóðum og ég met það ekki svo að ég hafi verið hætt kominn, þetta er bara óhapp sem ég komst óskaddaður frá," segir hann. Páll náði að koma sér út um afturrúðuna áður en vélin sökk.

Björgunarsveitin Blanda á Blönduósi var kölluð út og fór vaskur hópur félaga með tæki og tól á staðinn og hóf aðgerðir til að bjarga vélinni upp úr vatninu. Vélin var um það bil 20 metra frá landi og stóð um það bil helmingur hússins upp úr vatninu.

Beltagrafa braut sér leið að vélinni

Brugðið var á það ráð, eftir að aðstæður höfðu verið metnar, að fá lánaða beltagröfu sem er í eigu Steypustöðvar Skagafjarðar ehf. og stóð við Laxárvirkjun. Án hennar hefði aðgerðin tekið mun lengri tíma með keðjusögum og öðrum verkfærum. Beltagrafan braut sér leið í gegnum ísinn að vélinni og var hún að því búnu dregin að landi.

„Þetta fór allt eins vel og það gat farið og er dráttarvélin nú komin inn á verkstæði í afvötnun og þurrkun," segir í Facebook-færslu Björgunarsveitarinnar Blöndu.

Páll hefur fengið vélina í hendur á ný en kveðst ekki vita enn um tjón, enn sé óljóst hvort rafkerfið hafi þolað að blotna. */MÞÞ*

Björgunarsveitarmenn mættir á svæðið með beltagröfu Steypustöðvar Skagafjarðar ehf.

Björgunarsveitarmenn sem komu Páli bónda til aðstoðar.

Björgunaraðgerðir hafnar. Sjá má opinn afturrúðuna á dráttarvélinni sem Páll Þórðarson bóndi skreið út um eftir að dráttarvélin fór niður um ísinn.

MÆLT AF MUNNI FRAM 218

Á sjálfan bóndadaginn, álpaðist ég til að senda **Birni Ingólfssyni** á Grenivík smá myndskeið þar sem ég var að dreifa viðarkurli undir varphænurnar í eggjabúinu í Sveinbjarnargerði. Lét ég þess enn fremur getið að þrír hanar hefðu slæðst með nýjum varphænum sem teknar voru inn í búið. Þar sem þeirra var engin þörf, þá gista þeir nú hel. Björn var fréttinni feginn og sendi hana til baka háttbundna með sínum smekklega hætti:

Árni til verka virðist snar,
en válegar eru fréttirnar;
hanana myrðir án miskunnar
en mylur svo undir hænurnar.

Þær hrynja hringhendurnar úr hugtúni **Ingólfs Ómars Ármannssonar**. Þessi þorravísa er hans:

Þorri kallinn krenkir jörð,
klökkna fjallastrýtur.
Klæðir hjalla hlíð og skörð
hjúpur mjallahvítur.

Jóhann Ólafsson orti líka hringhent á sinni tíð:

Skáldavald og dægradvöl
dýr á spjaldið skráist.
Gegnum alda blíðu og böl,
blóm, sem aldrei máist.

Þorranum fylgja jafnan nautnir nægar í mat og drykk. Eftir **Sigurð „skurð" Jóhannsson** er þessi vísa sögð:

Ögn í staupi ætíð þigg,
ef að mér er gefið.
Ögn ég reyki, ögn ég tygg,
ögn ég tek í nefið.

Næstu tvær nýársvísur orti **Páll Ólafsson**:

Undarlega er undir mér
orðið hart á kvöldin,
seld því undirsængin er
í sýslu- og hreppagjöldin.

Byrjar stríð með ári enn,
ævin líður svona.
Einhvers bíða allir menn,
óska, kvíða og vona.

Indíana Albertsdóttir orti næstu tvær vísur, þá búsett á Sauðárkróki:

Æskan heit af orku og þrá
ersla þreytir kliðinn.
Hljóður leitar hugur þá
heim í sveitafriðinn.

Stundir leiðar löngum á,
lífs er meiður kalinn,
enn mig seiðir æsku þrá
upp í heiðardalinn.

Senn líður að skilum á skattframtölum. **Bjarni frá Gröf** kvað þessar tvær stökur:

Guði skattinn greiða ber
gæfuna þó bresti.
Fyrir lífið fengum vér
feigð í veganesti.

Í framtölum að segja satt
sumum þykir mikið,
en greiða heimi hinsta skatt
hafa þeir ekki svikið.

Höfunda og tildrög næstu vísna hef ég ekki grun um. Vænt væri það að vita:

Þreyta hvarf og þungi úr fasi,
þegar ég sjónir á þér festi.
Sólskinsveig úr gullnu glasi
gefðu mér í veganesti.

Og svarvísan:

Þegar ég vinur bað þig bljúgur
um blöndu fyrir sjálfan mig,
varst þú býsna dropadrjúgur.
Drottinn góður blessi þig.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

FRÉTTIR

Kynningarfundir um endurskoðaðan sauðfjársamning

Landssamtök sauðfjárbænda og Bændasamtök Íslands standa fyrir opnum kynningarfundum um endurskoðun á sauðfjársamning dagana 5.–6. febrúar.

Á fundina mæta Oddný Steina Valsdóttir, formaður LS, Einar Ófeigur Björnsson, stjórnarmaður í BÍ, og Unnsteinn Snorri Snorrason, framkvæmdastjóri LS, og fara yfir helstu atriði endurskoðunarinnar.

Mynd / Áskell Þórisson

Fundaplan

Þriðjudaginn 5. febrúar
Félagsheimilið Árblik, Miðdölum, kl. 13.00.
Félagsheimilið Heimaland, V-Eyjafjöllum, kl. 20.30.

Miðvikudaginn 6. febrúar
Félagsheimilið Holti á Mýrum, kl. 13.00.
Hótel Valaskjálf, Egilsstöðum, kl. 20.30.

Fimmtudaginn 7. febrúar
Félagsheimilið Ljósvetningabúð, Kinn, kl. 13.00.
Félagsheimilið Blönduósi, kl. 20.30.

Vinnuverndarverkefnið „Búum vel“:

Öryggi, heilsa og umhverfi eru í brennidepli

Síðan árið 2013 hafa Bændasamtökin í samvinnu við búnaðarsambönd rekið vinnuverndarverkefnið „Búum vel“. Mest áhersla hefur verið lögð á heimsóknir til bænda þar sem farið er yfir öryggis- og umhverfismál á bæjunum. Hluti af verkefninu er að stuðla að heilsueflingu á meðal bænda en þriðjudaginn 19. febrúar næstkomandi verður fræðslufundur haldinn í Ásbyrgi á Laugarbakka í Vestur-Húnavatnssýslu.

Guðmundur Hallgrímsson. Mynd / HKr.

Heimsóknir til bænda

Guðmundur Hallgrímsson á Hvanneyri hefur borið hitann og þungann af heimsóknunum en í þeim er farið yfir öryggi í sambandi við vélar, rafmagn og aðstöðu innanhúss í útihúsum.

„Við höfum meðal annars skoðað ljós, mótora, lagnir og tengingar með hitamyndavél. Bóndinn er hvattur til að hafa samband við rafvirkja ef eitthvað er að og koma hlutunum í lag áður en skaði hlýst af,“ segir Guðmundur. Þegar vélar eru annars vegar þarf sérstaklega að huga að drifsköftum og drifskaftshlífum.

„Drifsköft eru stórhættuleg ef öryggishlífar eru ekki í lagi og þyrftu bændur að hafa viðhald á þeim í forgangi,“ segir Guðmundur.

Umhverfið er líka metið en þar er ástandið nokkuð misjafnt. „Oft eru ýmis atriði áberandi sem heimilisfólkið er hætt að sjá,“ segir Guðmundur.

Heilsan er dýrmæt

Töluverður áhugi er á heilsufarsþætti verkefnisins. Einn bændafundur var haldinn í fyrra í Breiðumýri í Reykjadal undir yfirskriftinni „Heilsa og vellíðan“ á vegum BÍ, Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga og kvenfélaganna á svæðinu.

„Milli 80 og 90 manns mættu á fundinn og hlýddu á fyrirlestra frá Unnsteini Júlíussyni lækni á Húsavík og Hjalta Jónssyni sálfræðingi frá Akureyri. Eftir fyrirlestrana komu fram ýmsar spurningar og urðu talsverðar umræður. Nú stendur til að halda fund með Búnaðarsambandi Húnaþings og Stranda. Miðað er við að hann verði haldinn í Ásbyrgi á Laugarbakka þriðjudaginn 19. febrúar ef allt gengur upp,“ segir Guðmundur og ítrekar að fundurinn verði auglýstur betur þegar nær dregur. */TB*

Atkvæðagreiðsla meðal mjólkurframleiðenda

– fer fram dagana 11. til 18. febrúar

Bændasamtök Íslands boða hér með til atkvæðagreiðslu meðal mjólkurframleiðenda á grundvelli gildandi samnings frá 2016 um starfsskilyrði nautgriparæktar milli ríkisstjórnar Íslands og Bændasamtaka Íslands um hvort að kvótakerfi í mjólkurframleiðslu skuli afnumið eða ekki frá og með 1. janúar 2021.

Kosningarétt hafa allir mjólkurframleiðendur án tillits til félagsaðildar. Hver innleggjandi hefur eitt atkvæði. Kosningarétt hafa jafnt lögaðilar og einstaklingar.

Atkvæðagreiðslan mun fara fram með rafrænum hætti og verður aðgengileg á vef Bændasamtakanna www.bondi.is.

Atkvæðagreiðslan stendur yfir frá klukkan 12.00 á hádegi þann 11. febrúar 2019 til klukkan 12.00 á hádegi þann 18. febrúar 2019.

Hægt verður að kanna aðild að kjörskrá í gegnum rafrænan aðgang frá og með 4. febrúar. Allar nánari upplýsingar um framkvæmd kosninganna er að finna á heimasíðu Bændasamtakanna, www.bondi.is.

Í kjörstjórn sitja Elías Blöndal Guðjónsson formaður, Guðbjörg Jónsdóttir og Guðrún Vaka Steingrímsdóttir. Netfang kjörstjórnar er kjorstjorn@bondi.is.

Kjörstjórn

Skinn á uppboði Kopenhagen Fur sem lauk um helgina. Mynd / Einar E. Einarssonar

Skinnauppboð Kopenhagen Fur í Danmörku:

Fáir kaupendur en uppboðshaldarar bjartsýnir og líkur á hækkandi verði

Fyrsta skinnauppboð Kopenhagen Fur á þessu ári lauk um síðustu helgi. Sala á skinnum á uppboðinu var lítil, að sögn formanns Sambands íslenskra loðdýrabænda. Kaupendur á uppboðinu voru fáir og verð undir kostnaðarverði. Þrátt fyrir það eru uppboðshaldarar bjartsýnir og segja líklegt að verð hækki á árinu.

Einar E. Einarsson, formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda og bóndi að Syðra-Skörðugili, segir að kaupendur á uppboðinu hafi verið innan við 200 og að verðið sem þeir buðu lágt og undir framleiðsluverði skinnanna.

„Söluprósentan á uppboðinu var mjög lítil, eða um 30% þegar á heildina er litið, og mest af því sem seldist voru lakari skinn. Það var hins vegar fremur lítið af íslenskum skinnum á uppboðinu núna enda alltaf snúið fyrir okkur að ná skinnum inn fyrir skilafrest á fyrsta uppboði ársins ásamt því að engin sérstök bjartsýni var í gangi fyrir uppboðið og því voru bændur heldur ekki að strekkja við að ná skinnum inn á þetta uppboð.“

Birgðir að klárast

Einar segir að það hafi komið sér á óvart á fundum með uppboðshöldurum hvað þeir eru bjartsýnir á að verðið muni hækka á þessu ári og verði orðið ásættanlegt í lok árs. „Að þeirra sögn er notkun á skinnum vaxandi víða um heim og nefndu þeir Asíulönd, eins og Kína, Japan og Kóreu, en einnig að það væri vaxandi notkun í Evrópu og vestan hafs sem verður að teljast jákvætt.

Birgðir af skinnum og unnum skinnavörum, sem söfnuðust upp á árunum 2011 til 2014 þegar heimsframleiðslan fór úr 50 milljónum skinna í rúmlega 80 milljónir, eru að þurrkast upp. Samhliða er að draga mikið úr framleiðslunni en árið 2020 er ekki gert ráð fyrir nema 25 til 30 milljónum skinna í uppboðshúsin en það voru tæplega 50 milljónir sem fóru þar í gegn þegar mest var.

Framleiðslan í öllum löndum hefur dregist hratt saman. Í Danmörku er talað um allt að 30 til 35% fækkun á ásettum læðum og fækkunin annars staðar er svipuð eða meiri. Talið er að framleiðslan í Kína sé komin vel niður fyrir 10 milljónir skinna, sem er yfir 60% samdráttur frá því framleiðslan þar var mest.“

Einar E. Einarsson er formaður Sambands íslenskra loðdýrabænda og bóndi að Syðra-Skörðugili í Skagafirði.

Kína stærsti markaðurinn

Að sögn Einars er Kína, sem er stærsti markaðurinn, að taka við sér. „Notkun á skinnum er mikil og svo er gríðarlega mikil framleiðsla á vörum sem búin eru til úr skinni unnin þar og seld sem unnin vara um allan heim. Okkur var einnig sagt að eitt af því sem nú hefði áhrif á söluna væri að framleiðendur á skinnavörum hefðu seinkað gangsetningu framleiðslunnar lengra inn á árið 2019 og ætla þeir ekki að byrja að sauma fyrr en um mitt árið sem svo þýðir að þeir þurfa ekki skinn fyrr en sá tími nálgast og það hefur áhrif á kaupáhugann núna.

Áramótin í Kína eru núna í byrjun febrúar og sala á skinnavörum í tilefni þeirra alltaf mikil eins og á ýmsum öðrum dýrum hlutum og því mun salan þar einnig hafa áhrif á hversu hratt markaðurinn réttir úr sér.“

Staðan á Íslandi

Einar segir að þrátt fyrir að ástandið sé ekki gott vilji hann vera bjartsýnn á framtíðina. „Það hættu því miður nokkrir minkabændur hér á landi framleiðslu á síðasta ári og framleiðsla á skinnum hefur dregist saman. Á síðasta ári voru paraðar 29 þúsund læður á landinu en í dag eru 17.500 læður í eldi. Þetta er umtalsverð fækkun sem er slæmt fyrir fámennið hér en við verðum að trúa því að það muni snúast við þegar viðspyrna fæst við botninn og ég vona svo sannarlega að það sé að gerast núna,“ segir Einar.

Að sögn Einars hefur verið opnað á möguleika á láni til loðdýrabænda frá Byggðastofnun til að koma þeim yfir erfiðasta hjallann á meðan beðið er eftir að markaðurinn jafni sig og að verð hækki. „Og vonandi kemur það einnig til með að hjálpa einhverjum en reksturinn er rosalega þungur.“

Skilaverð langt undir kostnaðarverði

„Verð á skinnum á markaði undanfarið hefur verið langt undir kostnaðarverði og skilaverð til bænda á Íslandi um 60% af því sem kostar að framleiða skinnið. Eins og gefur að skilja er ekki hægt að reka bú lengi á slíku tapi og flestir gera það á þrjóskunni og með því að greiða með rekstrinum.“ Einar segir að hér á landi sé ekki neinn teljandi lager af skinnum og örfáir bændur hafi látið geyma fyrir sig skinn í frysti milli uppboða í Danmörku.

Úr uppboðshúsi Kopenhagen Fur. Mynd / HKr.

Minna framboð á næsta ári

„Það sem er jákvætt í mínum huga eftir uppboðið er að forsvarsmenn uppboðshússins vilja virkilega meina að notkun á skinnum sé vaxandi og jafnframt hafa þeir mikla trú á að markaðurinn muni jafna sig á árinu og sannfærðir um að skinnaverð muni hækka í ár og síðan enn þá meira á því næsta,“ sagði Einar að lokum. */VH*

Bændablaðið er mest lesna blaðið á landsbyggðinni

Lestur prentmiðla á landsbyggðinni



Heimild: Prentmiðlakönnun Gallup. Könnunartími okt.-des. 2018.

Lestur Bændablaðsins:

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

45,6%
á landsbyggðinni

20,4%
á höfuðborgarsvæðinu

29,5%
landsmanna lesa Bændablaðið

Hvar auglýsir þú?

Bændablaðið

BÆNDAHÖLLIN VIÐ HAGATORG

Sími 563 0300 / Netfang: bbl@bondi.is / bbl.is

FRÉTTIR

Skeiða- og Gnúpverjahreppur:

Afl Sultartangavirkjunar aukið um 8 megawött

Afl Sultartangavirkjunar í Skeiða- og Gnúpverjahreppi verður aukið um 8 megawött en aukið afl verður fyrst og fremst fengið með breytingu á vélbúnaði.

Þetta kom fram á fundi sveitarstjórnar fyrir skömmu þar sem Albert Guðmundsson og Sveinn Kári Valdimarsson frá Landsvirkjun komu og kynntu framkvæmdina. Í dag hefur Sultartangavirkjun leyfi fyrir 125 megawött en fyrirhuguð aflaukning kallar á breytt virkjunarleyfi. Þá kom fram á fundinum hjá Landsvirkjunarmönnunum að fyrirtækið hefur ákveðið að byggja nýjan veg að Hjálparfossi en það verk verður unnið í vor. */MHH*

Grafningsréttir fluttar

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps tók fyrir á síðasta fundi sínum málefni Grafningsrétta en fyrir liggur að núverandi réttir á Selflötum (í landi Úlfljótsvatns) eru komnar á það stig að það mun þurfa að eyða talsverðum fjármunum í þær til að hægt sé að rétta í þeim að ári.

Vegna ónýtra fjallgirðinga í landi Króks og Villingavatns hafa smalaleiðir breyst svo um munar, smalasvæði hefur stækkað og nær niður að Grafningsvegi og því væri hentugast fyrir fé, smala og bændur að réttirnar yrðu fluttar niður undir Grafningsveg. Fjallskilanefnd hefur lagt til við sveitarstjórn að hafnar verði viðræður við landeigendur Úlfljótsvatns hvort hægt sé að flytja réttirnar niður undir veg við ristahlið á mörkum Úlfljótsvatns og Villingavatns. Réttirnar yrðu þá enn í landi Úlfljótsvatns. Sveitarstjórn hefur samþykkt samhljóða að verða við beiðni fjallskilanefndar. */MHH*

Viðskiptahraðallinn „Til sjávar og sveita“:

Ert þú með góða viðskiptahugmynd?

Fyrsti kynningarfundur viðskiptahraðalsins „Til sjávar og sveita“ fór fram á Selfossi þann 29. janúar síðastliðinn. Fundurinn var vel sóttur og greinilega mikill hugur í fólki, að sögn skipuleggjenda hjá Icelandic Startups.

Markmið viðskiptahraðalsins er að gefa þátttakendum kost á að þróa hugmyndir sínar að vörum eða þjónustu og að koma þeim á markað. Búið er að opna fyrir umsóknir í hraðalinn en fyrst og fremst er verið að leita að nýjum lausnum sem stuðla að sjálfbærri verðmætasköpun í landbúnaði og sjávarútvegi. Fjöldi fagfólks í landbúnaði, sjávarútvegi og viðskiptalífinu mun leggja frumkvöðlum lið í vinnunni sem er fram undan.

Auk þess að kynna hraðalinn hittu verkefnastjórar Icelandic Startups efnilega frumkvöðla sem hafa hug á að taka þátt í hraðlinum. Sjö til tíu teymi verða valin til þátttöku í

Frumkvöðlar á Suðurlandi funduðu á Selfossi í vikunni.

viðskiptahraðlinum sem hefst 28. mars og stendur yfir í níu vikur.

Fundir víðar um land

Næstu fundir verða þann 31. janúar á Sauðárkróki og Akureyri, 5. febrúar á Hvanneyri og 7. febrúar í Granda mathöll í Reykjavík.

Nánari upplýsingar um verkefnið má finna á Facebook-síðu þess og vefsíðunni tilsjavarogsveita.is.

Horft yfir Tungudal og Skutulsfjörð við Ísafjarðardjúp af Þverfjalli. Gamli Ísafjarðarkaupstaður við Skutulsfjörð sameinaðist Eyrarhreppi og þar með Hnífsdal árið 1971 og síðan Suðureyrarhreppi, Flateyrarhreppi, Mosvallahreppi, Mýrarhreppi og Þingeyrarhreppi árið 1996. Fékk nýja sveitarfélagið nafnið Ísafjarðarbær þar sem íbúar eru nú samtals 3.800 og hafa ekki verið fleiri síðan 2010. Mynd / HKr.

Íbúar á Íslandi orðnir 357.050:

Viðsnúningur í þróun byggðar á Vestfjörðum

– Íbúafjöldi þessa landshluta er kominn yfir 7000 í fyrsta sinn síðan 2012

Um síðustu áramót voru íbúar Íslands samtals 357.050 og hafði þá fjölgað um 8.600 á árinu. Þar af voru 182.870 karlar og 174.180 konur, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Íbúum landsins hefur fjölgað um 84.669 á 20 árum, frá 1998, eða um ríflega 31%.

Á höfuðborgarsvæðinu bjuggu 228.260 manns í árslok 2018, en 128.780 utan þess. Í lok fjórða ársfjórðungs bjuggu 44.310 erlendir ríkisborgarar á Íslandi, eða 12,4% af heildarmannfjölda samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Íbúaþróun að snúast við á Vestfjörðum

Íbúaþróun á Vestfjörðum fyrir utan Strandasýslu hefur verið að snúast við eftir stöðuga fólksfækkun áratugum saman. Má leiða líkum að því að uppbygging í fiskeldi og væntingar um frekari uppbyggingu í þeirri grein sem og í vinnslu á þörungum af hafsbotni séu að valda þessum breytingum. Þannig virðist trú manna vera að eflast í að þessi landshluti geti verið vænlegur til búsetu. Þá hafa hátæknifyrirtæki líka verið að festa sig í sessi, eins og Kerecis, sem framleiðir græðandi sáraumbúðir úr fiskroði. Eins binda Vestfirðingar miklar vonir við að loks hilli undir alvöru samgönguúrbætur með heilsársvegtengingum milli allra byggðarlaga í fjórðungnum og til annarra landshluta eftir áratuga bið.

Íbúar Ísafjarðarbæjar komnir yfir 3.800

Íbúar í Ísafjarðarbæ, þ.e. Ísafirði, Hnífsdal, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri og sveitum þar í kring, eru nú komnir yfir 3.800 í fyrsta sinn síðan 2010. Þá eru íbúar í Bolungarvík orðnir 950 og hafa ekki verið fleiri síðan 2010. Sömu sögu er að segja af íbúum í Súðavíkurhreppi þar sem íbúar eru nú 200 og hafa ekki verið fleiri síðan 2014. Vesturbyggð hefur líka státað af hærri íbúatölu undanfarin þrjú ár en í fjölda ára þar á undan. Þar búa nú 1.000 manns.

Vestfirðingar hafa ekki verið fleiri síðan 2012

Vestfirðir mega þó muna sinn fífil fegurri hvað íbúafjölda varðar. Sem dæmi töldust íbúar fjórðungsins vera 11.300 árið 1950 og 10.479 árið 1980. Fór íbúum fjórðungsins svo stöðugt fækkandi allt þar til í árslok 2014 þegar íbúatalan var komin niður í 6.480, en þá hófst viðsnúningur. Í árslok 2015 voru íbúar Vestfjarða orðnir 6.870 og 6.995 í árslok 2017. Nú í árslok 2018 voru þeir orðnir 7.060 og eru 40 fleiri en árið 2012 þegar íbúarnir voru síðast fleiri en 7.000. */HKr.*

Lífrænt vottað lambakjöt til útflutnings

– Mest öll framleiðslan úr næstu sláturtíð verður seld til Þýskalands

Sauðfjárbændur með lífræna vottun hafa lítið borið úr býtum á undanförnum árum umfram aðra sauðfjárbændur hvað afurðaverð snertir. Markaðssetning og sala á þessum afurðum hefur ekki gengið nægilega vel og nú er svo komið að ekki hefur verið talið þess virði að flokka þær sérstaklega frá öðrum og markaðssetja. Nú hillir undir að hagur þessara bænda muni vænkast nokkuð á næstu misserum þar sem í undirbúningi er að senda allt lífrænt vottað lambakjöt á Þýskalandsmarkað eftir næstu sláturtíð.

Sex íslenskir sauðfjárbændur hafa lífræna vottun fyrir sitt fé. Sem fyrr segir hefur lítill virðisauki fengist af vottuninni fram að þessu, ekkert álag var greitt í síðustu sláturtíð en tíu prósent árið 2017. Einhverjir þeirra haft eitthvað upp úr krafsinu með sölu beint frá býli – eða með

Andrés Vilhjálmsson.

því að upprunamerkja vörurnar sínar og selja á sveitamörkuðum og í sælkeraverslunum. Sláturhús SAH Afurða á Blönduósi er eina sláturhúsið með slíka vottun, en það er í eigu Kjarnafæðis.

Verðið 15–20 prósent hærra

Andrés Vilhjálmsson, útflutningsstjóri Icelandic Lamb ehf., hefur átt í samskiptum við þýska kaupendur sem hafa áhuga á þessari vöru og segir hann að málið sé í góðum farvegi. Ekki sé hægt að ráðast að fullu í þessa sölu strax, meðal annars af því að kjötið hafi ekki sérstaklega verið flokkað í afurðastöðinni. Þó ætti að vera hægt að senda fljótlega nokkur tonn til að byrja með. „Eftir næstu sláturtíð er svo stefnan að senda mest allt lífrænt lambakjöt sem framleitt er hér á landi, líklega í kringum 20 tonn, og er talað um 15–20 prósent hærra verð en fæst á slíkum markaði fyrir venjulegt lambakjöt. Stór hluti af þessari hækkun færi þá beint til bóndans. Skrokkarnir fara þá út með evrópsku upprunavottuninni og lífrænt vottuðum stimpli frá Evrópusambandinu,“ segir Andrés.

Halla Steinólfsdóttir, sauðfjárbóndi í Ytri-Fagradal á Skarðsströnd í Dölum, segir að um miklar gleðifréttir sé að ræða. „Þetta er gríðarlega mikilvægt fyrir alla en auðvitað sérstaklega fyrir okkur

Halla Steinólfsdóttir.

þessa örfáu með vottun. Þrjóskan okkar og tiltrúin á þennan lífsstíl er að borga sig,“ segir Halla. Hún segir að það skipti miklu máli að fá meira fyrir afurðirnar og hún hafi aðallega verið móðguð yfir því að þessu úrvalshráefni hafi ekki verið sýnd tilhlýðileg virðing og metin að verðleikum. Stjórnvöld og samtök bænda ættu að fara að gefa sauðfjárafurðum með lífræna vottun meiri gaum í sinni stefnumótun og markaðssetningu.

Vottunin hér á pari við evrópska laufblaðið

„Það er mjög skemmtilegt að það verði hægt að rekja kjötið beint á íslenska sveitabæinn þar sem lambakjötið er upprunnið. Vottunin hjá Túni er á pari við evrópska laufblaðið. Það er vel þekkt og neytendur treysta því. Þar liggur tækifærið. Andrés Vilhjálmsson hjá Icelandic Lamb var heima í þessum fræðum og ég þakka fyrir það,“ segir Halla. */smh*

TIL SJÁVAR OG SVEITA

Lumar þú á lausn? Umsóknarfrestur til 21. febrúar

Til sjávar og sveita er níu vikna viðskiptahraðall sem hefst **28. mars 2019** og fer fram í Reykjavík.

Leitað er að nýjum lausnum sem auka sjálfbæra verðmætasköpun í landbúnaði og sjávarútvegi.

Gríptu tækifærið og sæktu um á www.tilsjavarogsveita.is

ICELANDIC STARTUPS · SJÁVAR KLASINN · IKEA · Matarauður Íslands · HB GRANDI · LANDBÚNAÐAR KLASINN

Fyrirtækjafræðsla Íslandsbanka

Fræðslufundir um málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja

Á næstu mánuðum heldur Íslandsbanki fræðslufundi um málefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja í útibúum bankans um allt land. Á þessum vettvangi gefst einstakt tækifæri til að fræðast um og ræða ýmis hagnýt atriði er varða rekstur og rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi.

6. febrúar	**Fjármögnun fyrirtækja** 12:00-13:00 Húsavík
13. febrúar	**Netbanki fyrirtækja** 9:00-10:00 Útibú Reykjanesbæ 9:00-10:00 Útibú Selfossi 9:00-10:00 Útibú Akranesi 9:00-10:00 Útibú Vestmannaeyjum
20. febrúar	**Fjármögnun fyrirtækja** 8:30-9:30 Selfossi
27. febrúar	**Fjármögnun fyrirtækja** 8:30-9:30 Akranesi 8:30-9:30 Ísafirði

Skráning og dagskrá næstu funda á islandsbanki.is/fyrirtaekjafraedsla
Dagskrá er birt með fyrirvara um breytingar.

440 4000

@islandsbanki

islandsbanki.is

FRÉTTIR

Umhverfiskönnun Gallup:

Um helmingur landsmanna breytt neysluvenjum sínum

Niðurstöður umhverfiskönnunar Gallup voru kynntar á Umhverfisráðstefnu Gallup sem haldin var í Hörpu 18. janúar. Niðurstöðurnar sýna að tæp 63 prósent landsmanna hafa breytt hegðun sinni undanfarna tólf mánuði til að lágmarka áhrif sín á umhverfi og loftslag. Um helmingur landsmanna segist hafa breytt neysluvenjum sínum í sama tilgangi.

Þegar horft er til næstu tólf mánaða segjast aðeins 17,9 prósent mjög eða frekar líkleg að þeir breyti hegðun sinni til að lágmarka áhrifin á umhverfi og loftslagsbreytingar, en 20,4 prósent telja frekar ólíklegt að þessar breytingar á hegðun muni eiga sér stað.

Markmið könnunarinnar var að kanna viðhorf Íslendinga til umhverfis- og loftslagsmála og þróun þar á. Samkvæmt niðurstöðum hennar hefur aukin umræða, fréttaumfjöllun og fræðsla haft mest áhrif á breytta hegðun. Þá kemur fram greinilegur vilji til að gera betur í því að flokka sorp, flestir Íslendingar ætla sér að ná betri árangri á þeim vettvangi og þá nefndu tæp 77 prósent að brýnasta verkefni sveitarfélaga á sviði umhverfis- og loftslagsmála væri að gera íbúum auðveldara að flokka sorp.

Ekki spurt um landbúnað

Könnunin samanstóð af 55 spurningum sem beindust að viðhorfum fólks gagnvart aðgerðum stjórnvalda í umhverfismálum, persónulegum viðhorfum og hegðun fólks í umhverfismálum og loks um viðhorf þess gagnvart hinum ýmsu geirum samfélagsins hvað umhverfismál snertir; hins opinbera, orkuiðnaðarins, almenns iðnaðar, sveitarfélaganna, fjármálageirans, umhverfissamtaka, háskóla, almennings, ferðaþjónustunnar og sjávarútvegs. Athygli vekur að ekki var spurt um viðhorf fólks til landbúnaðar- og umhverfismála.

Meðal annarra áhugaverðra niðurstaðna má nefna að tiltrú fólks á því að ríki og sveitarfélög nái almennt að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samfélaginu er ekki mikil. Einungis 46,3 prósent telja að sveitarfélögin séu þess

Stóriðjan á Grundartanga í Hvalfirði.

megnug að ná góðum árangri á þessu sviði og aðeins 33,9 prósent að ríkinu takist það.

Þá hafa flestir þeirra sem spurðir voru áhyggjur af þeim afleiðingum sem loftslagsbreytingar geti haft á þá og fjölskyldu þeirra, eða 67 prósent.

Árlegar kannanir Gallup

Gallup hefur undanfarin tvö ár kannað afstöðu landsmanna til loftslagsbreytinga og umhverfismála með það fyrir augum að varpa ljósi á viðhorf Íslendinga til málanna.

Um netkönnun var að ræða og var úrtakið 2.000 manns, 18 ára og eldri, sem voru valdir handahófskennt úr Viðhorfahópi Gallup. Fjöldi svarenda var 1.139, sem telst 57 prósenta þátttökuhlutfall.

Umfjöllun fjölmiðla getur breytt viðhorfum

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, ávarpaði ráðstefnuna. „Ég hef alltaf haft þá bjargföstu trú að það að auka sýnileika umhverfismála skipti máli. Ég fagna því að sjá birtast hér í þessari könnun að það að umhverfismálin séu í umræðunni, að fræðsla fari fram um þau og þau séu í fjölmiðlum geti einmitt breytt viðhorfum fólks. […] Fram undan eru viðamiklar aðgerðir við að binda bæði kolefni úr andrúmslofti og draga úr brennslu innflutts og mengandi jarðefnaeldsneytis í samgöngum. Fram undan eru margvísleg verkefni tengd bæði aðgerðaáætluninni en líka áherslu á plast, neyslu og sóun. Til að mynda er unnið að því að koma Loftslagssjóði á fót, sem er nýsköpunarsjóður, og fljótlega mæli ég fyrir frumvarpi um bann við afhendingu burðarplastpoka í verslunum. Allt helst þetta í hendur," sagði Guðmundur Ingi.

Umhverfiskönnunin er aðgengileg í gegnum vef Gallup, gallup.is. */smh*

MAST Matvælastofnun

Umsóknir um fjárfestingastuðning í sauðfjárrækt 6. febrúar n.k.

Í samræmi við reglugerð um stuðning við sauðfjárrækt nr. 1262/2018, V. kafla skal umsóknum um fjárfestingastuðning vegna framkvæmda á árunum 2018-2019 skilað inn rafrænt á Bændatorginu eigi síðar en **15. mars**. **Umsóknarfrestur verður ekki framlengdur.**

Markmið stuðningsins er að stuðla að bættum aðbúnaði sauðfjár og hagkvæmari búskaparháttum.

Skilyrði fyrir veitingu fjárfestingastuðnings er að finna í 26. gr. reglugerðarinnar og eru vegna:

a. Nýframkvæmda.
b. Endurbóta á eldri byggingum.

Fylgiskjöl sem skila þarf með umsókn eru:

a. Sundurliðuð kostnaðar- og framkvæmdaráætlun með tímasettri verkáætlun.
b. Byggingarleyfi eða staðfesting byggingarfulltrúa um að byggingarleyfis sé ekki krafist vegna framkvæmdar.
c. Samþykktar teikningar ef við á.
d. Leyfi þinglýstra eigenda jarðar fyrir framkvæmd.

Fjárfestingastuðningur fyrir hvern framleiðanda getur að hámarki numið 20% af stofnkostnaði ef heildarkostnaður fer yfir 1.000.000 kr.

Úr sláturhúsi SAH Afurða á Blönduósi. Mynd / HKr.

Afurðastöðvar greiða sauðfjárbændum uppbætur

Fjórar afurðastöðvar hafa tilkynnt um viðbótargreiðslur fyrir dilkakjöt í síðustu sláturtíð; Kjötafurðastöð Kaupfélags (KS) Skagfirðinga, Sláturhús KVH ehf. (SKVH), SAH Afurðir og Sláturfélag Vopnfirðinga.

KS og SKVH tilkynntu um þetta fyrst um miðjan janúar, að hækkun yrði 6,04 prósent á innlegg í september og október, en 10 prósent á innlegg ágústmánaðar. Þessar uppbætur hafa þegar verið greiddar. Í tilkynningu frá afurðastöðvunum segir að það hafi komið í ljós þegar birgðatalningu sé lokið og unnið sé að ársuppgjöri afurðastöðvanna að unnt reynist að greiða þessar viðbótargreiðslur.

„Sláturtíðin gekk í raun ágætlega og sala á afurðum hefur gengið nokkuð vel. Það liggur nú fyrir, að veiking íslensku krónunnar reyndist meiri heldur en við þorðum að byggja áætlun okkar á í haust og hefur það komið okkur til tekna. Því hefur verið tekin ákvörðun hjá Kjötafurðastöð KS og Sláturhúsi KVH um að greiða viðbótargreiðslu á lambakjötsinnlegg sl. hausts," segir í tilkynningunni.

SAH Afurðir rétta úr kútnum

Þann 21. janúar var á vef SAH Afurða tilkynnt um að ákveðið hafi verið að greiða 12 prósent álag á áður auglýst verð fyrir dilkakjöt í síðustu sláturtíð. Álagið verður greitt 8. febrúar.

Í tilkynningunni er haft eftir Eiði Gunnlaugssyni, stjórnarformanni Kjarnafæðis, sem er eigandi SAH Afurða, að afar ánægjulegt sé að fyrirtækið hafi rétt svo mikið úr kútnum eftir mjög erfið ár, að

Kaupfélag Skagfirðinga.

mögulegt sé að hækka greiðslur til bænda.

„Þegar við tókum fyrirtækið yfir var það varla rekstrarhæft – nánast að hruni komið. Margir bændur áttu þá háar fjárhæðir inni hjá félaginu og segja má að hvert áfallið hafi rekið annað 2015 og 2016; kjötverð lækkaði á markaði, gærur og aðrar aukaafurðir voru nánast óseljanlegar og krónan styrktist. Það féll ekkert með okkur," segir Eiður. „Vegna alls þessa urðum við að taka erfiðar ákvarðanir, meðal annars að greiða lægra afurðaverð en við hefðum kosið, en þau skref voru stigin til þess að verja hagsmuni bænda til lengri tíma litið, og til þess að tryggja okkur aðgang að hráefni. Þetta voru sársaukafullar aðgerðir en því miður nauðsynlegar. Með mikilli vinnu starfsmanna og viðskiptabanka okkar, Íslandsbanka, tókst að afstýra því að félagið færi í þrot. Reksturinn lagaðist mikið árið 2017 og eftir síðasta ár er viðsnúningurinn orðinn það mikill að við getum sem betur fer greitt bændum álag á innleggið frá því í haust. Með þessu er ég ekki að segja að reksturinn sé kominn á einhverja beina braut, hann er ennþá brothættur og eigið fé félagsins er enn neikvætt. En mikil breyting hefur orðið til batnaðar," segir Eiður.

Hann segir að leitað hafi verið til Byggðastofnunar á sínum tíma, þegar hætta var á að SAH færi hreinlega í þrot. „Við lögðum mikla vinna í að fá aðstoð, en þar á bæ var ekki áhugi fyrir því. Okkur var tjáð að eins væri hægt að henda peningunum út um gluggann eins og að lána okkur. Íslandsbanki hefur hins vegar alltaf staðið með okkur eins og klettur og fyrir það er ég mjög þakklátur," segir Eiður á vef SAH Afurða.

Hann kveðst einnig, og ekki síður, mjög þakklátur bændum fyrir tryggglyndi þeirra. „Þeir hafa staðið með okkur á erfiðum tímum síðustu misseri og sýnt aðdáunarverða samstöðu á meðan við gátum ekki greitt þeim það verð fyrir afurðir sem við hefðum sannarlega viljað. Þess vegna er einstaklega ánægjulegt að fyrirtækið sé nú komið í þá stöðu að geta loks hækkað greiðslur til bænda."

Þórður Pálsson, skrifstofustjóri hjá Sláturhúsi Vopnfirðinga.

Sláturfélag Vopnfirðinga greiðir 45 krónur á kíló

Þórður Pálsson, skrifstofustjóri hjá Sláturhúsi Vopnfirðinga, segir að tekin hafi verið ákvörðun um það að greiða 45 króna uppbót á hvert innlagt kíló, jafnt á alla flokka lambakjöts. Hann segir að byrjað verði fljótlega að greiða þessar uppbætur og þeim ætti að verða lokið fyrir 15. febrúar. */smh*

Eitt af raðhúsunum sem er í byggingu á Hellu. Mynd / MHH

Verið að byggja 30 íbúðir á Hellu

Mikill uppgangur er á Hellu um þessar mundir því þar eru um 30 íbúðir í byggingu, auk þess sem búið er að úthluta lóðum undir margar íbúðir í viðbót.

Einnig er verið að byggja töluvert í sveitunum í kringum Hellu sem tilheyrir Rangárþingi ytra. Stór hluti þessara íbúða á Hellu er í raðhúsum og af þeirri gerð sem mest vöntun hefur verið á, þ.e. minni og hagkvæmari einingar. Sveitarfélagið er að fjárfesta í sex nýjum íbúðum í jafnmörgum raðhúsum og eru þær allar komnar af stað. Reiknað er með að fyrstu íbúðirnar verði afhentar fyrir páska," segir Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri m.a. í pistli á heimasíðu sveitarfélagsins. */MHH*

Umferð um Hringveg jókst um tæplega 5% milli ára:

Minni aukning milli ára en undanfarin ár

Mun minni aukning var í umferð um Hringveginn á liðnu ári, 2018, frá fyrra ári heldur en árin þar á undan. Fara þarf aftur til ársins 2013 til að finna minni aukningu á milli ára.

Vegagerðin hefur tekið saman tölur um umferð á Hringvegi á síðastliðnu ári, en aukningin nemur 4,6% frá árinu á undan, 2017.

Umferðin í desembermánuði jókst um 3,4% miðað við sama mánuð árið 2017. Er þá ljóst að umferð hefur aukist í öllum mánuðum ársins fyrir utan febrúar, en þann mánuð var samdráttur upp á 2,6%.

Mest jókst umferðin um Vesturland, eða um 6,4%, en minnst varð aukningin um Norðurland, eða um 1,3%. Mögulega hefur niðurfelling gjaldskyldu í Hvalfjarðargöngum orðið til þess að umferðin hafi aukist þetta mikið á Vesturlandi, umfram aðra landshluta, en næstmest jókst umferðin um Suðurland, um 5,1%.

Alls eru 16 lykilteljarar á Hringvegi sem tölurnar byggjast á. Í heild jókst umferð frá árinu 2017 til 2018 um tæp 5%. Heildaraukning umferðar yfir árið er talsvert minni en árin á undan.

Þó að heildaraukning yfir árið sé talsverð þarf að fara aftur til ársins 2013 til að finna minni aukningu á milli ára. */MÞÞ*

Bæjarráð Akureyrar:

Styður veggjöld

Bæjarráð Akureyrar hefur lýst yfir stuðningi við að kannaðar verði og útfærðar leiðir til að nýta veggjöld sem lið í að hraða uppbyggingu vegakerfis í landinu, stytta vegalengdir, auka umferðaröryggi og fækka slysum. Veggjöld voru til umræðu á fundi bæjarráðs nýverið í tengslum við samgönguáætlanir til næstu ára.

Í bókun frá fundi bæjarráðs Akureyrar kemur fram að umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis er hvött til útfæra þær hugmyndir sem fram koma á minnisblaði nefndarinnar frá því í desember og taka þá sérstaklega tillit til jafnræðis á öllum sviðum, ekki síst milli byggða landsins.

Bæjarráð Akureyrar telur að stytting leiða milli Norður- og Austurlands annars vegar og Norðurlands og suðvesturhornsins hins vegar séu tilvalin verkefni til að nýta veggjöld til fjármögnunar á löngu tímabærum úrbótum. Bæjarráð fagnar því enn fremur að gera eigi langtímaáætlun um jarðgöng á Íslandi og telur veggjöld við nýframkvæmdir þeirra tilvalda leið til útfærslu. */MÞÞ*

Fjarðabyggð:

Lokun mótmælt

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar hefur harðlega mótmælt þeirri ákvörðun Húsasmiðjunnar að loka verslun sinni á Reyðarfirði.

„Það skýtur skökku við að fyrirtæki eins og Húsasmiðjan sjái sér ekki fært að reka verslun í sveitarfélagi eins og Fjarðabyggð þar sem langstærsti hluti veltu fyrirtækja á Austurlandi verður til," segir í bókun bæjarstjórnar.

Einnig segir að það séu sérstök vonbrigði að versluninni verði lokað í ljósi fundar sem haldinn var í lok sumars með stjórnendum Húsasmiðjunnar þar sem fram kom að ekki stæði til að loka versluninni á Reyðarfirði heldur reyna að sækja frekar fram í rekstri hennar.

„Sú mikla þjónustuskerðing sem nú fer fram, í boði stórfyrirtækja á landsvísu, og virðist helst beinast að landsbyggðinni er með öllu ólíðandi og hvetur bæjarstjórn Fjarðabyggðar stofnanir sveitarfélagsins og íbúa alla að beina viðskiptum sínum til fyrirtækja sem hér starfrækja þjónustu í sveitarfélaginu," segir í bókun bæjarstjórnar Fjarðabyggðar. */MÞÞ*

FRÉTTIR

Af æfingu á sýningu Leikfélags Hveragerðis sem frumsýnd verður 2. febrúar.

Sprenghlægilegur farsi sýndur í Hveragerði:

Tveir tvöfaldir á fjölunum í Leikhúsinu Austurmörk 23

Laugardaginn 2. febrúar kl. 20.00 frumsýnir Leikfélag Hveragerðis hinn sprenghlægilega farsa Tveir tvöfaldir í Leikhúsinu Austurmörk 23 í Hveragerði.

Tveir tvöfaldir er eftir breska leikskáldið Ray Cooney, í islenskri þýðingu Árna Ibsen. Ray Cooney er einn virtasti gamanleikjahöfundur samtímans. Meðal verka hans eru t.d. Nei ráðherra, Viltu finna milljón? og Með vífið í lúkunum, sem Leikfélag Hveragerðis setti á svið árið 2013.

Leikritið gerist á Hótel Höll en þar tekst formanni fjárlaganefndar Alþingis að koma sér og aðstoðarmanni sínum í ótrúleg vandræði, þekkt staðreynd úr heimi stjórnmálanna! Þingmaðurinn hefur sem sé ákveðið að skrópa á nefndarfundi til að eiga stund með hjákonu sinni. Hreinlyndur og saklaus aðstoðarmaður þingmannsins klúðrar hins vegar málunum og úr verður hrærigrautur misskilnings og lyga!

Æfingar hófust seinni partinn í október á síðasta ári þannig að á laugardaginn 2. febrúar kl. 20.00 kemur afraksturinn í ljós af löngu og ströngu æfingaferli. Eins og gengur og gerist hefur ýmislegt komið upp á, t.d. heltust tveir af þeim sem voru í aðalhlutverkum úr lestinni þegar liðið var á æfingatímann, þannig að það þurfti að finna nýja leikara til að taka við hlutverkum þeirra.

Næstu sýningar verða svo sunnudaginn 3. febrúar, föstudaginn 8. febrúar og laugardaginn 9. febrúar. Allar sýningar byrja kl. 20.00.

Miðapantanir í síma 863-8522. Er fólk hvatt til að nota tækifærið til að sjá þessa sprenghlægilegu sýningu, því margsannað þykir að hláturinn lengi lífið.

KÆLI- & FRYSTI-BÚNAÐUR

KLEFAR

Kæli- & frystiklefar í miklu úrvali.

Vottaðir gæðaklefar með mikla reynslu á Íslandi. Einfaldir í uppsetningu.

HILLUR

fyrir kæli- & frystiklefa.

Mikið úrval og auðvelt að setja saman. Sérhannaðar fyrir matvæli.

Hafðu samband í síma 587 1300 og við sérsníðum lausn sem hentar þér!

KAPP ehf

VÉLA-KÆLI & RENNIVERKSTÆÐI

Miðhraun 2 | 210 Garðabær | Sími 587 1300 | kapp@kapp.is | www.kapp.is



Fjöldi bæja þar sem hefðbundin riðuveiki hefur verið staðfest á árunum 1987–2019. Mynd / Mast

Riða greinist í Skagafirði

Riðuveiki hefur verið staðfest á bænum Álftagerði í nágrenni Varmahlíðar í Skagafirði. Síðast greindist riða á þessu svæði í september síðastliðinn á bænum Vallanesi. Matvælastofnun vinnur nú að öflun upplýsinga og undirbúningi aðgerða.

Samkvæmt því sem segir á vef Matvælastofnunar greindist riðan í sýnum úr tveimur kindum frá bænum þar sem nú eru um 370 fjár. Bóndinn hafði samband við héraðsdýralækni vegna kindanna sem sýndu einkenni riðuveiki. Kindurnar voru aflífaðar og sýni tekin og send á Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum þar sem riðuveiki var staðfest í báðum sýnum.

Búið er í Húna- og Skagahólfi og í því hólfi hefur riðuveiki komið upp á átján búum á undanförnum 20 árum en á þessu búi greindist veikin síðast árið 2008. Riðuveiki hefur komið upp á mörgum bæjum í Varmahlíð í gegnum tíðina og má segja að um þekkt riðusvæði sé að ræða.

Þetta er fyrsta tilfelli riðuveiki sem greinist á árinu en á síðasta ári greindist eitt tilfelli. Fram til ársins 2010 greindist riða á nokkrum bæjum á landinu á hverju ári en engin tilfelli hefðbundinnar riðu greindust á árunum 2011 til 2014. Riðan er því á undanhaldi en þetta sýnir að ekki má sofna á verðinum.

Á undanförnum árum hafa sýni verið tekin við slátrun úr um það bil þrjú þúsund kindum á ári. Jafnframt hafa bændur verið hvattir til að senda hausa til Keldna af fé sem drepst eða er lógað heima vegna vanþrifa, slysa eða sjúkdóma, eða hafa samband við dýralækni um að taka sýni úr slíku fé. Aukin áhersla er á að fá slík sýni þar sem það eykur líkur á að finna riðuna.

Héraðsdýralæknir vinnur að öflun faraldsfræðilegra upplýsinga og úttekt á búinu til að meta umfang aðgerða við förgun fjár, þrif og sótthreinsun. Því næst fer málið í hefðbundið ferli hvað varðar gerð samnings um niðurskurð. /VH

Tillögur um eflingu innanlandsflugs:

Vilja gera flug að hagkvæmum kosti fyrir landsbyggðina

Starfshópur sem hafði það hlutverk að móta tillögur um uppbyggingu flugvallakerfisins á Íslandi og eflingu innanlandsflugs sem almenningssamgangna hefur skilað skýrslu til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra.

Í skýrslunni eru gerðar tillögur um breytingar á fyrirkomulagi innanlandsflugs og rekstri flugvalla og að innanlandsflug verði hagkvæmur kostur fyrir íbúa landsbyggðarinnar.

Farmiðar á völdum svæðum niðurgreiddir

Starfshópurinn kynnti tillögur um hvernig jafna má aðgengi landsmanna að þjónustu sem aðeins er í boði á suðvesturhorni landsins. Tillaga er gerð um að farmiðar með lögheimili á völdum svæðum á landsbyggðinni verði niðurgreiddir.

Lending á Ísafjarðarflugvelli. Mynd HKr.

Isavia ohf. ábyrgð

Lagðar eru fram tillögur um að auka fjárhagslega sjálfbærni þeirra flugvalla, sem gegna hlutverki sem varaflugvellir í millilandaflugi, með því að skilgreina þá sem kerfi flugvalla með sameiginlegan kostnaðargrunn og Isavia ohf. falin fjárhagsleg ábyrgð á rekstri, viðhaldi og uppbyggingu þeirra. Lagt er til að þjónustugjöld verði samræmd á millilandaflugvöllunum og hóflegt þjónustugjald sett á til að standa straum af uppbyggingu vallanna. Slíkt gjald gæti orðið á bilinu 100 kr. til 300 kr. á hvern fluglegg. Mikilvægi öryggishlutverks varaflugvalla tengt millilandaflugi hefur aukist og starfshópurinn telur nauðsynlegt að taka tillit til breyttra aðstæðna á grundvelli þróunarinnar undanfarin ár.

Þjónustusamningur til fimm ára

Þá er lagt til að þjónustusamningur ríkisins við Isavia verði framvegis gerður til fimm ára í senn svo að hægt verði að þróa flugvallakerfið til lengri tíma og stuðla að aukinni dreifingu ferðamanna.

Starfshópurinn leggur til að tillögurnar verði útfærðar nánar á næsta ári svo þær geti komið til framkvæmda árið 2020. /VH

Orkustofnun úthlutar styrkjum vegna rannsókna á sviði smávirkjana

Orkustofnun mun á þessu ári veita tvo styrki allt að 500.000 kr. vegna rannsókna eða námsverkefna til meistaraprófs (MSc.) á sviði smávirkjana til raforkuframleiðslu.

Markmið með styrkveitingunni er að stuðla að aðgengilegu efni fyrir þá sem hyggjast nýta landgæði til framleiðslu raforku í byggðum landsins.

Styrkirnir standa til boða öllum sem stunda rannsóknir á meistarastigi svo fremi sem verkefnin styðja við smávirkjanaverkefni Orkustofnunar.

Viðfangsefni geta til dæmis tengst litlum jarðvarmavirkjunum, áhrifum dreifðrar raforkuframleiðslu á flutnings- og dreifikerfi raforku, áhrifum á orkuöryggi, þróun raforkuverðs og áhrif á arðsemi smærri virkjana, líkan fyrir kostnað við uppbyggingu og rekstur á smærri virkjunum, áhrif upprunavottorða á aukna uppbyggingu smávirkjana, hvernig hægt er að stuðla að aukinni virkni raforkumarkaðar og þannig mætti lengi telja. Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublað er að finna á vef Orkustofnunar á vefslóðinni; *https://orkustofnun.is/orkustofnun/frettir/orkustofnun-uthlutar-styrkjum-vegna-rannsokna-a-svidi-smavirkjana-1*

www.volundarhus.is

ERTU BÚIN AÐ TRYGGJA ÞÉR

GARÐHÚS EÐA GESTAHÚS

á gamla verðinu og með 10% aukaafslætti?

Gildir meðan birgðir endast

Sjá nánar á heimasíðunni okkar volundarhus.is http://www.volundarhus.is/Husin-okkar/Gardhus/

vőlundarhús.is

Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

VH/18-04

Tilboð - aðeins í febrúar

Tilboð, sett eins og á mynd.

Innifalið:
Steinn, svart granít og 120cm sökkull
Blómarammi, hvít möl og jarðvegsdúkur
Grafskrift og skraut
Kopar: lugt, vasi og 2 fuglar
Uppsetning á N-landi og R-vík
eða frí sending hvert á land sem er

kr 435.000.-

Frír flutningur

Uppsetning á N-landi og höfuðborgarsvæði

Eitt mesta úrval landsins af legsteinum

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

minnismerki.is
sala@minnismerki.is
s: 466 2800 / 899 9370

STEKKUR

Valencia á Spáni

Valencia er höfuðborg samnefnds héraðs á eystrihluta Íberíu-skaga. Héraðið er á frjósamri sléttu nærri ósum Turia-árinnar sem fellur til Miðjarðarhafs. Þar er markaður fyrir landbúnaðarvörur og miðstöð iðnaðar og samgangna.

Valencia er þriðja stærsta borg Spánar og 24. fjölmennasta borgin í Evrópusambandinu. Höfnin í Valencia er sú stærsta við vestanvert Miðjarðarhafið og þaðan er flutt mikið af mat og drykkjarvöru.

Í borginni er talsvert framleitt af vefnaðarvöru, efnavöru, málmum og öli. Heiti borgarinnar var upphaflega rómversk Valentina, sem þýðir styrkur á latínu, en með tímanum breytist framburðurinn í Valencia. Á þeim tíma sem márar eða múslimar réðu Spáni fékk borgin viðurnefnið Borg gleðinnar eða Borg sandsins eftir því sem hvor sín heimildin segir.

Samkvæmt frásögnum rómverska sagnfræðingsins Livy lögðu Rómverjar Valenciasvæðið undir sig árið 138 fyrir Krist og stofnuðu borgina. Pompeius mikli lagði hluta borgarinnar í rúst árið 75 fyrir Krist í stríði gegn her uppreisnarforingjans Quintus Sertorius og var Valencia rómversk borg til 413 eftir Krist. Márar tóku borgina árið 714 og gerðu hana að höfuðborg hins sjálfstæða konungsríkis Valencia. Árin 1021 til 1319 var Valencia sjálfstjórnarhérað.

Borgin blómstraði fram á fyrri hluta 17. aldar, þegar verslun þar hnignaði. Í Napóleonsstyrjöldunum hersátu Frakkar borgina og hún var höfuðborg lýðveldishreyfingarinnar um tíma í spænsku borgarastyrjöldinni.

Áin Turia skipti borginni í tvo hluta áður fyrr en hún flæddi yfir bakka sína um miðja síðustu öld og olli gríðarlegu tjóni og var árfarvegur hennar fluttur í kjölfarið. Vegna flutnings árinnar varð til gríðarlega fallegur garður í miðri borginni, Turia-garðurinn.

Í borginni er mikið um fallegan arkitektúr þar sem bæði gamlar og nýjar byggingar fá að njóta sín. Valencia er meðal annars þekkt fyrir klasa bygginga sem kallast Borg lista og vísinda sem er að finna á Turia-svæðinu. Borg lista og vísinda samanstendur af fimm aðalbyggingum, óperuhúsinu Palau de les Arts Reina Sofia, kvikmyndahúsinu Imax, vísindabyggingunni The Prince Felipe, viðburðabyggingunni Agora og hópi bygginga í gríðarlega stórum garði sem saman mynda sædýrasafnið Oceanografic.

Grasagarðurinn í Valencia er hluti af háskóla borgarinnar og í garðinum hafa verið ræktaðar krydd- og lækningajurtir frá því á sextándu öld en háskólinn var stofnaður árið 1499. Garðurinn skemmdist mikið þegar áin Turia flæddi yfir bakka sína 1957 og í kjölfar þess voru gerðar miklar endurbætur á garðinum.

Við Plaza de la Virgen torg í hjarta Valencia er dómkirkja og í henni er geymdur heilagur kaleikur og skammt frá er ráðhús borgarinnar. Þar skammt hjá er Plaza del Ayuntamiento, nautaatshringur sem var byggður 1850 og er enn í notkun.

Rétturinn paella er einkennismatur Valencia. Afbrigði réttarins eru mörg og eiginlega jafnmörg og þeir sem hann elda. Drykkur sem kallast orxata er einnig upprunninn í Valencia-héraði. */VH*

NYTJAR HAFSINS

Kveiktu eld til að laða smokkinn á land



Beitusmokkur

Haustið 1955 var mikil smokkveiði í Ísafjarðardjúpi. Þessi mynd var tekin þegar skipverjar á Víkingi II eru að koma að landi með góðan afla og eru að landa við hafnarbakkann á Ísafirði. Myndin og upplýsingar um hana eru fengin úr bókinni: Frá línuveiðum til togveiða. Þættir úr sögu útgerðar á Ísafirði frá 1944 til 1993 eftir Jón Pál Halldórsson. Ljósmyndari er Guðmundur Sveinsson. Frá vinstri eru Jón Kr. Jónsson, Hinrik Guðmundsson og Agnar Guðmundsson. Við spilið er Gísli Skarphéðinsson en á kantinum stendur Guðmundur E. Guðmundsson verkstjóri.

Kjartan Stefánsson
kjartanst@simnet.is

Smokkfiskur vandi komur sínar upp að Íslandsströndum hér á árum áður. Hann var kærkominn og var veiddur og nýttur í ferska beitu um 100 ára skeið og ríflega það. Hér var um spennandi og nokkuð ævintýralegan veiðiskap að ræða. Smokkurinn hvarf frá ströndum landsins á seinni hluta síðustu aldar.

Smokkfiskur er sérstætt sjávardýr og þrátt fyrir nafnið er hann ekki fisktegund heldur telst hann til lindýra sem eru ein fylking hryggleysingja á jörðinni. Nánar tiltekið er hann af flokki höfuðfætlinga líkt og frændi hans kolkrabbinn. Smokkfiskar eru með tíu arma með sogblöðkum sem koma fram úr höfðinu og tveir þeirra eru griparmar.

Ekki er vitað hvort smokkur fannst hér við land á fyrstu öldum Íslandsbyggðar en hans virðist fyrst getið í rituðum heimildum árið 1637 en þá rak mikið af honum á Vestfjörðum, að því er fram kemur í Íslenskum sjávarháttum eftir Lúðvík Kristjánsson. Stuðst er aðallega við frásögn Lúðvíks hér á eftir í umfjöllun um upphaf smokkfiskveiða við Ísland.

Söfnuðu rekasmokki

Lengi vel höfðu Íslendingar ekki lag á því að veiða smokkinn en hann rak víða á land og var hann þá hirtur í beitu og fékk hann nafnið beitusmokkur. Nokkuð var um rekasmokk víða á Vestfjörðum. Norðanlands var einkum vart við rekasmokk í Hrútafirði, Miðfirði og Eyjafirði en oft með margra ára millibili.

Á haustin gekk smokkur alveg inn í botn Arnarfjarðar. Smokkur hænist mjög að rauðum lit og var hann notaður til að hafa áhrif á rekið. Einnig laðast hann að ljósi. Arnfirðingar kynntu bál á ströndinni og höfðu stundum gegnsætt tjald sjávarmegin við það. Brást þá ekki að eitthvað af smokk hljóp á land.

Fyrstu smokkönglarnir

Um 1870 urðu umtalsverð þáttaskil í beituöflun einkum á Vestfjörðum og víða norðanlands. Þá kom til sögunnar áhald eða öngull til þess að veiða með smokkfisk. Heimildum ber ekki saman um hvaða Íslendingur hafi orðið fyrstur til að smíða smokkfisköngla eða veiða með þeim en þar koma nokkrir Vestfirðingar við sögu. Voru önglarnir smíðaðir að franskri fyrirmynd.

Smokköngullinn er nokkuð sérstætt veiðarfæri. Hann er gerður úr sökku úr blýi með mörgum öngum. Eiginlegir önglar voru margir á hverri sökku og gengu inn í hana neðst. Sakkan var gjarnan rauð að lit.

Hlupu frá heyskap

Smokkfiskveiðar voru mest stundaðar í Arnarfirði, Ísafjarðardjúpi og Steingrímsfirði. Smærri smokkur veiddist fyrst í stað og varð hans stundum vart strax í júlí. Stærri fiskar veiddust síðla sumars og á haustin.

Sagt er frá því að þegar smokkur var genginn inn í Arnarfjörð og Djúpið hefði verið uppi fótur og fit.

Krakkar tína smokkfisk í fjörunni í Grundarfirði árið 1984. Þetta var síðasta árið sem smokkfiskur var veiddur hér við land. Mynd / Bæringur Cecilsson

Menn hlupu jafnvel frá heyskap ef svo horfði við. Fjöldi fólks á öllum aldri tók þátt í veiðunum, jafnt konur sem karlar. Smokkbátar voru bæði fjögurra manna för og áraskip með 8 til 10 manns í áhöfn.

Veitt á rauðu ljósi

Venjulegast var smokkurinn veiddur skammt frá landi. Helst gaf hann sig til þegar tók að dimma á kvöldin og í birtuskilum á morgnana. Á hverjum báti var lugt og glerið rauðmálað. Lugtin var ýmist uppi í mastri eða við borðstokkinn og lýsti út frá bátnum. Erfitt var að veiða smokkinn á 20 faðma dýpi en rauða ljósið átti að laða smokkinn upp og gerði það. Stundum óð smokkurinn eins og síld við borðstokkinn. Gripu menn hann þá með höndunum ef færi gafst. Þá var eins gott að vera vel klæddur til að verjast blekgusum sem smokkurinn gat gefið frá sér.

Glatt á hjalla

Glatt var á hjalla þar sem bátar voru í hnapp og margir menn við smokkfiskveiðarnar. „Smokkdráttur þótti hvorki létt né þrifaleg vinna en samt var eftir því sóst að fara til smokks. Þar fór saman skemmtileg tilbreyting og von um meiri og skjótfengnari tekjuauka en almennt gerðist einkum eftir að sala á beitusmokki hófst. Afli reyndist að vísu misjafn en ekki var ótítt að einn maður drægi 700-1100 smokkfiska yfir nóttina og dæmi voru um smálestarafla hjá einum manni á sólarhring. Þyngd færasmokks gat verið frá ¼ kg þegar hans varð fyrst vart og allt upp í 2 kg síðla haust," segir í Íslenskum sjávarháttum.

Margir veiddu smokkfiskinn eingöngu til að afla beitu fyrir eigin útgerð en hann var einnig seldur. Verslun með smokk hófst ekki að ráði fyrr en upp úr aldamótunum 1900. Ef mikið barst að landi var hann einnig saltaður og hertur í einhverjum tilvikum.

Vex hratt

Lítið er vitað um beitusmokkfiskinn og lífsferil hans. Smokkurinn er úthafstegund og kom hingað í fæðuleit. Smokkurinn er það kvikindi sjávar hér við land sem vex hvað hraðast. Talið er að smokkurinn nái kynþroska og fjölgi sér á aðeins rúmlega einu ári og þar með sé lífshringnum lokað og dýrin deyi flest eftir þessa fyrstu hrygningu. Smokkfiskurinn finnst við strendur Evrópu allt frá Barentshafi í norðri og meðfram Afríkuströndum. Einnig hefur orðið vart við hann við úthafseyjar eins og Ísland. Beitusmokkfiskurinn gekk jafnan að ströndum Norður-Evrópu og þar með til Íslands í ágúst og hvarf síðan síðla hausts. Allt voru þetta göngur ókynþroska ungsmokks og hér við land hefur aldrei fengist kynþroska beitusmokkur.

Hvarf frá ströndum Norður-Evrópu

Áður fyrr gekk smokkfiskur nokkuð reglulega að landinu en það var samt ekki árvisst. Eins og áður er getið hófust veiðar á smokkfiski á áttunda áratug nítjándu aldar. Göngur voru algengastar vestanlands en um 1970 tók fyrir þær. Þó komu tvær göngur eftir það, árin 1979 og 1984, og var smokkurinn þá veiddur á ný. Við norðanverðar Evrópustrendur, þar sem smokkgöngurnar voru árvissar, gerðist það sama og hér. Haustgöngurnar hættu smám saman að koma.

Engar viðhlítandi skýringar hafa verið settar fram um hvað olli því að smokkurinn hvarf en ofveiði er ekki kennt um.

Mest veitt 1.600 tonn

Veiðarnar þróuðust smám saman en afli á beitusmokki hér við land hefur verið illa skráður í gegnum tíðina enda veiddu margir hann í beitu til eigin nota. Á tímabilinu 1958 til 1966 veiddust nokkur hundruð tonn á ári en mest var veiðin um 900 tonn árið 1966.

Veiðin var góð þegar smokkurinn kom hér aftur árið 1979 og 1.600 tonn veiddust árið 1984. Aldrei hefur veiðst meira en árið 1984 en þá voru komnar til sögunnar véldrifnar færavindur sem ef til vill má að stórum hluta þakka þennan metafla frekar en mikilli smokkgengd.

Smokkönglarnir voru smíðaðir fyrir vestan. Hér má sjá gamalt öngulmót sem notað var til að steypa sökkur í önglana. Myndin er frá Byggðasafni Ísafjarðar.

Eftir það hefur ekki orðið vart við göngur smokkfisks inn á firði hér við land.

Finnst í haustralli

Vel er fylgst með því hvort smokkfiskur láti sjá sig í árlegum stofnmælingum Hafrannsóknastofnunar, bæði í leiðöngrum að hausti og vori. Lengst af hefur lítillega fundist af smokki

í haustrallinu á eða yfir landgrunnsköntunum úti fyrir Suður- og Vesturlandi og úti á Reykjaneshrygg. Smokksins hefur hins vegar lítt orðið vart uppi á landgrunninu og því síður inni á fjörðum.

Nokkuð eftir síðustu aldamót fannst heldur meira af smokki en árin á undan þótt aldrei væri það mikið. Árið 2008 skar sig þó úr en þá veiddust tæplega 400 smokkfiskar í haustrallinu á 97 stöðvum.

Leiðangur á Dröfninni

Haustið 2010 var farið í leiðangur á Dröfn RE til að kanna hvort smokkfiskur veiddist hér við land á handfæri. Skipið var vel búið veiðarfærum og tilheyrandi ljósum. Svæðið suður og vestur af landinu var kannað en lítil sem engin veiði var. Helst veiddust nokkrir smokkar við Suðurlandið.

Beitusmokkfiskur gæti hugsanlega orðið nytjafiskur á ný hér við land ef réttu skilyrðin skapast. Til mikils er að vinna því erlendur beitusmokkur er árlega keyptur inn fyrir hundruð milljóna króna. Um er að ræða smokk sem aðallega er veiddur við Falklandseyjar á handfæri.

Siglufjörður:

Fleiri farþegar með skipum

Gert er ráð fyrir að 39 skemmtiferðaskip hafi viðkomu á Siglufirði á þessu ári, frá vori og fram á haust. Fyrsta farþegaskip ársins, Ocean Diamond, kemur til hafnar þann 14. maí en hið síðasta kemur 20. september.

Alls koma 11 farþegaskip til Siglufjarðar á þessu ári og með þeim koma tæplega 8.000 farþegar, 7.925 nákvæmlega. Sami fjöldi skipa kemur nú í sumar og gerði á liðnu sumri en töluverð fjölgun farþega er á milli ára, fleiri stærri skip koma nú í ár miðað við fyrra ár. Þannig eru skipakomur örlítið færri en var í fyrrasumar, 39, sem fyrr segir, á móti 42 í fyrra.

Nýtt farþegaskip, Saga Sapphire, með um 600 farþega innanborðs, bætist í hóp þeirra skipa sem staldra við á Siglufirði í ár. Nokkuð er um að skipin stoppi lengur í höfn en áður en lengsta viðvera verður allt upp í 16 klst. */MÞÞ*

Gert er ráð fyrir að tæplega 8.000 farþegar komi með þeim 39 skemmtiferðaskipum sem hafa viðkomu á Siglufirði á komandi sumri. Mynd / Fjallabyggð

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga:

Akureyri sækir um aðild

Bæjarráð Akureyrar hefur falið bæjarstjóra að sækja um aðild að Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga. Umræða var um stöðu Akureyrarbæjar sem sjávarútvegssveitarfélags á fundi bæjarráðs nýlega sem og hvort sækja ætti um aðild bæjarins að Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga.

Gunnar Gíslason, Sjálfstæðisflokki, hóf umræðuna og reifaði mikilvægi og vægi sjávarútvegs í Akureyrarbæ. Í tillögu sem hann lagði fram segir að Akureyrarbær hafi verulega hagsmuni af starfsemi fyrirtækja sem starfa í sjávarútvegi og megi ætla að hlutfall heildarlauna af starfsemi sem tengist beint eða óbeint sjávarútvegi á Akureyri sé um 25–30% að minnsta kosti. Hlutfallið sé enn hærra þegar litið sé til Hríseyjar og Grímseyjar. Því hljóti það að þjóna hagsmunum Akureyrarbæjar að vera aðili að Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga. */MÞÞ*

Árni Magnússon GK var fyrsti báturinn til að hefja loðnuveiðar til bræðslu hér við land árið 1964. Mynd / Heiðar Marteinsson

Leiðrétting

Í grein Guðjóns Einarssonar í síðasta Bændablaði um nytjar hafsins fjallaði hann um sögu loðnuveiða við Ísland. Þar láðist að birta kvót með texta og rétta myndatexta sem fylgdu greininni og sjá má hér undir myndum. Er Guðjón beðinn velvirðingar á þessum mistökum.

Greinin var annars afar áhugaverð og lýsir einkennilegri afstöðu Íslendinga til þessarar fisktegundar lengi vel og kölluðu sjómenn loðnuna jafnvel ódrátt ef hún kom í síldarnætur. Stjórnendur fiskimjölsverksmiðjanna fussuðu líka og sveiuðu yfir loðnunni en útgerðarmenn línubáta tóku henni fagnandi enda þótti hún fyrirtaks beita. Nú er loðnan talin einn mikilvægasti nytjastofn Íslendinga, enda skapa loðnuafurðir mikinn gjaldeyri í þjóðarbúið. */HKr.*

Loðnan, sem Íslendingar hófu ekki að nýta að ráði fyrr en fyrir liðlega 50 árum, skilaði 18 milljörðum króna í útflutningsverðmæti á síðasta ári, eða 9,1% af heildarverðmæti sjávarafurða. Mynd / Þorbjörn Víglundsson

Bændablaðið
Kemur næst út
14. febrúar
Smáauglýsingar
56-30-300

Landssamtök sauðfjárbænda

Af samningum og stöðu sauðfjárbænda

Unnsteinn Snorri Snorrason
framkvæmdastjóri
Landssamtaka sauðfjárbænda
unnsteinn@bondi.is

Fram undan er kosning meðal sauðfjárbænda um endurskoðun á samningi um starfsskilyrði þeirra. Við munum á næstu dögum funda með okkar félagsmönnum og kynna efni samningsins. Haldnir verða sex kynningarfundir dagana 5.–7. febrúar. Við höfum fengið ýmiss konar viðbrögð frá bændum við samningunum. Menn eru enn að meta samninginn og afla sér frekari upplýsinga um ýmsar útfærslur í honum. Okkar félagsmenn munu síðan taka afstöðu til samningsins í rafrænni kosningu sem verður haldin í febrúar.

Það má ekki gleyma því að það er ekkert í þessari endurskoðun sem hefur bein áhrif á afurðaverð. Sú fækkun sem þegar er orðin og á eftir að verða í gegnum aðlögunarsamninga skiptir máli til að skapa jafnvægi milli markaða. Árið 2016 voru hér framleidd 9.300 tonn af lambakjöti og í haust voru framleidd um 9.000 tonn. Miðað við ásetning haustsins verður framleiðsla á lambakjöti á komandi hausti um 8.500–8.700 tonn. Þessi samdráttur í framleiðslu mun skapa jafnvægi á mörkuðum og stuðla að bættri afkomu bænda.

Sala á dilkakjöti 2018 var ágæt, alls voru seld 6.433 tonn innanlands og er söluaukning milli ára 3,7%. Útflutningur á kindakjöti var 3.797 tonn á síðasta ári, sem er 7,9% samdráttur frá því sem það var árið áður. Veiking krónunnar undir lok árs kom sér vel fyrir útflutninginn og síðan eru erlendir markaðir að þróast í rétta átt. Góð innanlandssala og mikill útflutningur gera það að verkum að um áramót voru birgðir af lambakjöti 4.400 tonn en voru á sama tíma árið áður 5.300 tonn. Það er jákvætt að sjá að við erum að halda okkar markaðshlutdeild á innanlandsmarkaði, það er okkur mjög mikilvægt. Hin vegar er mikil óvissa fram undan á kjötmarkaði á Íslandi í kjölfar aukins innflutnings á kjötafurðum.



	Jan	Feb	Mar	Apr	Maí	Jún	Júl	Ágú	Sep	Okt	Nóv	Des
2016	392	845	1.330	1.736	2.142	2.634	3.098	3.530	4.227	5.207	5.656	6.068
2017	409	807	1.201	1.635	2.191	2.704	3.125	3.772	4.480	5.383	5.840	6.229
2018	416	964	1.407	1.968	2.402	2.811	3.206	3.721	4.424	5.482	5.923	6.432

Samanburður á uppsafnaðri sölu innanlands á dilkakjöti fyrir árin 2016, 2017 og 2018.



Reiknað meðalverð sláturleyfishafa árið 2018 með viðbótargreiðslum samkvæmt útreikningum Landssamtaka sauðfjárbænda.

Það er ánægjulegt að nú hafa fjórir sláturleyfishafar tilkynnt greiðslu á uppbót á afurðaverð haustsins 2018. Ég hef trú á því að við séum farin að spyrna okkur upp frá botninum, nú er bara spurning hvað það gerist hratt.

KS og SKVH ehf. hækkuðu afurðaverð á lambakjöti um 6,04% á innlegg í september og október og 10% á innlegg í ágúst frá áður auglýstu verði. Eftir hækkun er reiknað meðalverð KS og SKVH ehf. 419 kr/kg.

SAH afurðir ehf. hækkuðu afurðaverð á dilkakjöti um 12% frá áður auglýstu verði. Eftir þessa hækkun er reiknað meðalverð SAH afurða ehf. 395 kr/kg.

Sláturfélag Vopnafjarðar greiddi 45 kr/kg álag á allt innlagt lambakjöt frá áður auglýstu verði. Eftir hækkun er reiknað meðalverð SV 400 kr/kg

Haustið 2018 var meðal afurðaverð yfir allt landið 387 kr/kg. Eftir þessar hækkanir er reiknað meðalverð komið upp í 405 kr/kg. Afurðaverð hefur þannig hækkað um 4,7% frá því sem það var með uppbótum haustið 2017. Reiknað meðalverð haustið 2015 var 637 kr/kg (framreiknað út frá vísitölu neysluverðs). Afurðaverð þarf því að hækka um 57% til að ná því verði.

Fé á fjalli. Mynd / HKr.

Það er auðvitað jákvætt að sjá afurðaverð hækka og fyrirheit um að aðstæður á mörkuðum séu að þróast í rétta átt gefur tilefni til bjartsýni. Hins vegar þarf enn verulega hækkun afurðaverðs til að ná aftur því verði sem hér var verið að borga áður en afurðaverð hrundi. Samanburður við nágrannalöndin er okkur ekki sérlega hagfelldur. Franskir bændur fá t.d. um þessar mundir 914 kr/kg frá sinni afurðastöð og meira að segja bændur í Rúmeníu fá greitt hærra afurðaverð en á Íslandi.

Staða margra bænda er þannig að menn eru ekki að biðja um launahækkun fyrir sín störf, eins og aðrar starfsstéttir landsins þessa dagana, heldur frekar að þeir fái greidd einhver laun fyrir sín störf. Þetta er veruleiki sauðfjárbænda á Íslandi í dag. Í endurskoðuðum samningi er að finna mikilvæg verkfæri sem munu m.a. hjálpa okkur að tryggja jafnvægi á mörkuðum og þar með stuðla að bættri afkomu sauðfjárbænda.

Kynningarfundir um sauðfjársamning

FUNDARBOÐ

Landssamtök sauðfjárbænda og *Bændasamtök Íslands* standa fyrir opnum kynningarfundum um endurskoðun á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktarinnar.

Þriðjudaginn, 5. febrúar

Kl. 13.00 – Félagsheimilið Árblik, Miðdölum
Kl. 20.30 – Félagsheimilið Heimaland, V-Eyjafjöllum

Miðvikudaginn, 6. febrúar

Kl. 13.00 – Félagsheimilið Holti á Mýrum
Kl. 20.30 – Hótel Valaskjálf, Egilsstöðum

Fimmtudaginn, 7. febrúar

Kl. 13.00 – Félagsheimilið Ljósvetningabúð í Kinn
Kl. 20.30 – Félagsheimilið Blönduósi

Landssamtök sauðfjárbænda
BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Gluggar og hurðir fyrir íslenskar aðstæður
Í yfir 20 ár hefur Viking Window AS selt tréglugga og hurðir á Íslandi

Viking
Viking Window AS

Gluggar og hurðir með eða án álkápu, allir RAL litir í boði að innan og utaverðu
Afhendist glerjað og tilbúið til uppsetningar
Afgreiðslutími 5-8 vikur
Sjá nánar á: viking.ee

Nánari upplýsingar gefur Ólafur í síma 480 0009

Aflvélar ehf. • Vesturhrauni 3 • 210 Garðabær
Sími: 480 0000 • aflvelar.is • sala@aflvelar.is
AFLVÉLAR

Þú nýtur góðs gengis

VÉLFANG

Kverneland

AFMÆLIS AFSLÁTTUR

FRUM - www.frum.is

- Í tilefni af 140 ára afmæli Kverneland bjóðum við frábært tilboð á völdum Kverneland plógum.
- Sérbúnir plógar hlaðnir helstu nýjungum – Opin moldverpi – knock on oddar – hálmsköfur.
- Allir plógar afhentir samsettir á afgreiðslustað flutningsaðila í þinni heimabyggð.
- Til afhendingar nú þegar. Tilboðið gildir meðan birgðir endast. Sérpantanir í boði.

Verðdæmi Kverneland AD 5 skeri. Lokuð moldveri no. 28	2,149,000 kr.	verð án vsk
Verðdæmi Kverneland AD 5 skeri. Opin moldverpi no. 30	2,269,000 kr.	verð án vsk
Verðdæmi Kverneland 150S 4 skeri Variomat. Opin moldverpi	3,280,000 kr.	verð án vsk
Verðdæmi Kverneland 150S 5 skeri Variomat. Opin moldverpi	3,960,000 kr.	verð án vsk

Hafið samband við sölumenn Vélfangs og kynnið ykkur markvissar uppfærslur á búnaði Kverneland plóga.

Bændur – verktakar – búnaðarfélög. Nýtið ykkur þetta einstaka tækifæri.
Nánari upplýsingar veita sölumenn Vélfangs Reykjavík og Akureyri

VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri

BÆNDUR ATHUGIÐ

Framleiðnisjóður landbúnaðarins kallar eftir umsóknum 2019

Framleiðnisjóður landbúnaðarins er leiðandi stuðningsaðili við þróunar- og nýsköpunarstarf landbúnaðarins og kallar nú eftir umsóknum um styrki til verkefna á sviði nýsköpunar og þróunar á bújörðum á vegum bænda (B flokkur).

Forgangs njóta þau verkefni sem fela í sér verulega nýbreytni, sem líkleg eru til að leiða af sér umtalsverða atvinnusköpun og þar sem stuðningur sjóðsins hefur verulega þýðingu.

Umsóknum skal skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum sem er að finna á heimasíðu sjóðsins, **www.fl.is.**

Mikilvægt er að vanda til gerðar umsókna og gera grein fyrir öllum efnisatriðum sem farið er fram á í umsóknareyðublöðunum. Sjóðurinn leggur ríka áherslu á að vanda skuli til gerðar fylgigagna umsókna, s.s. stofnkostnaðar- og rekstraráætlana.

Umsóknafrestur er til 7. febrúar 2019 (póststimpill gildir).

Umsóknum skal skilað til *Framleiðnisjóðs landbúnaðarins*, Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnes. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu sjóðsins. Sími 430-4300 / netfang fl@fl.is.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins
Hvanneyrargötu 3, 311 Borgarnesi
Sími 430-4300

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

Bændur standa saman

Aðild að Bændasamtökunum borgar sig

Meginverkefni BÍ er að gæta hagsmuna stéttarinnar. Félagsleg samstaða er dýrmæt og öflug starfsemi samtakanna eykur slagkraft bænda. Með aðild að BÍ njóta félagsmenn ýmissa réttinda.

Þinn ávinningur:

- BÍ vinna að þínum hagsmunum og eru málsvari stéttarinnar
- Allt að 30% afsláttur af forritum BÍ
- Réttur til að taka þátt í atkvæðagreiðslum og könnunum á vegum samtakanna
- Aðgangur að starfsmenntasjóði og velferðarsjóði
- Ráðgjöf um réttindi og um málefni sem snerta bændur
- Bændaafsláttur á Hótel Sögu og orlofsíbúð á höfuðborgarsvæðinu

Upplýsingar um félagsaðild

Sími **563-0300**
Netfang **bondi@bondi.is**
www.**bondi.is**

Fulltrúar í þjónustuveri BÍ svara fyrirspurnum í síma **563-0300** og í netfangið **bondi@bondi.is**. Á bondi.is er hægt að skrá sig í samtökin.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

Fylgstu með bændum á
Baendasamtok

FRÉTTASKÝRING

Sorpbrennsla er tabú á Íslandi en í góðu lagi hefur þótt að brenna það í útlöndum:

Við getum ekki vísað ábyrgðinni af sorpinu okkar lengur yfir á aðra

– Fátt annað en aukin endurvinnsla og innlend sorpbrennsla virðist vera í boði þar sem urðun á sorpi verður bönnuð á næstu árum

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is

Hugmyndir eru nú uppi um að flytja sorp frá Íslandi með skipum til Svíþjóðar til eyðingar í sorpbrennslustöðvum. Það hlýtur að vera ansi sérkennilegt að það þyki allt í lagi að láta erlendar þjóðir sá um að brenna okkar sorpi á meðan engin áform virðast vera uppi um að Íslendingar taki sjálfir ábyrgð á að eyða sínu rusli.

Talið er að um 1,3 milljarðar tonna falli nú til af sorpi í heiminum á hverju ári og yfir helmingur af því sorpi, eða 59%, fari í urðun eða landfyllingar. Miðað við erlenda staðla er líklegt að hér á landi falli til um 410 tonn af sorpi á dag, eða um 1,17 kg á mann að meðaltali. Stórt hlutfall af sorpinu hefur verið urðaður í Álfsnesi, á Akureyri og við Blönduós. Af landfyllingum stafar mikill sóðaskapur, eitrun jarðvegs og grunnvatnsmengun sem og loftmengun. Á næstu árum mun urðun því trúlega verða bönnuð hér í samræmi við áform í öðrum Evrópulöndum. Víða um lönd er því verið að fara þá leið að brenna verulegum hluta sorpsins í háþróuðum sorpeyðingarstöðvum og framleiða þá hitaorku og rafmagn um leið.

Á árinu 2016 voru starfræktar um 2.200 WTE (waste-to-energy) sorpbrennsluorkustöðvar í heiminum, þar af fjölmargar í Evrópu og Bandaríkjunum.

Kosturinn við sorpbrennsluorkustöðvarnar er að minna land fer til spillis, grunnvatn mengast síður og sorpið er nýtt til að framleiða orku sem annars væri framleidd með kolum eða olíu. Þá virðast ýmsar rannsóknir sýna að kolefnisspor frá brennslu í háþróuðum sorpbrennslustöðum sé minna en af sorpi sem hlaðið er upp í landfyllingum. Þetta er samt ekki óumdeild aðferð við að eyða sorpi og stöðugt leita menn leiða til að endurnýta stærri hluta af sorpinu fyrir ýmiss konar iðnaðarframleiðslu.

Sveitarfélög á Suðurlandi í sorpvanda

Í fréttum að undanförnu hefur verið greint frá því að frá árinu 2009 hafi óflokkaður úrgangur frá sveitarfélögum á Suðurlandi verið fluttur til urðunar í Álfsnesi í samræmi við samkomulag SORPU og Sorpstöðvar Suðurlands, sem gengið var frá í framhaldi af lokun urðunarstaðar Sunnlendinga í Kirkjuferjuhjáleigu í Ölfusi árið 2009.

Nú hafa stjórnendur Sorpu tekið ákvörðun um að hætta að taka við sunnlensku sorpi til urðunar í Álfsnesi þar sem urðunarsvæðið fer senn að verða fullnýtt. Sveitarfélög á Suðurlandi hafa því uppi áform um að senda sorp frá svæðinu til brennslu í evrópskum sorpbrennslustöðvum. Þessu fylgir þá væntanlega líka mengun frá skipum sem flytja sorpið til útlanda.

Samhliða þessu eru aðgerðir hafnar til að auka flokkun úrgangs á upprunastað til að tryggja að auðlindir í úrganginum nýtist sem best. Jafnframt verður unnið áfram að leit að urðunarstað á Suðurlandi, en með aðaláherslu á úrgang sem fellur til innan svæðisins.

Sorporkustöðin á Amager, ekki langt frá óperuhúsinu í Kaupmannahöfn. Hún var tekin í notkun í apríl 2017 og þykir ein fullkomnasta stöð sinnar tegundar í Evrópu. Á veturna er skíðabrekka ofan á þaki stöðvarinnar til ánægju fyrir Kaupmannahafnarbúa. Mynd / B&W Vølund

Sorporkustöð í Þýskalandi.

Sorp víða af Vesturlandi og Vestfjörðum hefur einnig verið sent í Álfsnes til urðunar og því vaknar spurning hvað verði um það í framtíðinni.

Tvískinnungur

Mikill tvískinnungur hefur verið með sorpeyðingarmál í íslenska stjórnkerfinu. Hér var á liðnum áratugum oft beitt þeirri aðferð að brenna rusli og margvíslegum úrgangi og oftast í opnum gryfjum eða í ófullkomnum sorpbrennslum. Í stað þess að taka upp nýja tækni og styðja við og stuðla sem víðast að uppbyggingu á fullkomnum sorpbrennslustöðvum, var tekin sú afstaða að þvo hendur sínar að mestu af öllu sem héti loftmengun af völdum sorpbrennslu hér á landi. Þess í stað var farið í þá vegferð að láta flokka stóran hluta af sorpinu og senda með skipum í það sem kallað var endurvinnsla erlendis. Það var aðallega til Svíþjóðar, annað skyldi urðað. Í Svíþjóð fór svo hluti af þessum endurvinnsluefnum eins og plasti til Kína, eða allt þar til á síðasta ári og stór hluti fór til brennslu. Litlum sögum fer þó af hvað endanlega verður af flokkuðu sorpi sem sent er frá Íslandi. Töldu menn þannig sæmandi að útlendingar tækju á sig að brenna ruslinu sem þurfti að brenna svo ekki félli kolefnisarða á hvítflibba þeirra sem vildu skilgreina sig sem umhverfissinnaða Íslendinga. Slík hugsun felur greinilega í sér mikinn misskilning og vanþekkingu á þeirri tækni sem nú stendur til boða í sorpbrennslu.

Ekki er allur flokkaði úrgangurinn endurvinnsluhæfur

Vitað er að stór hluti af þeim úrgangi sem sendur hefur verið úr landi er ekki endurvinnsluhæfur í þeim skilningi og hefur því verið brenndur í fullkomnum sorpeyðingarstöðvum sem breytti orkunni í rafmagn. Þetta hafa menn verið ansi tregir til að viðurkenna, þar til nýverið að farið er að tala um sænsku sorpbrennsluna sem „endurvinnslu“. Væntanlega er það gert til að réttlæta áframhaldandi útflutning á flokkuðum úrgangsefnum frá íslenskum heimilum og fyrirtækjum.

Ófullkomnum sorpbrennslum var lokað en grunnvandinn enn óleystur

Það var díoxínmálið sem upp kom vegna brennslu á sorpi í Funa á Ísafirði 2010 sem setti allt stjórnkerfi umhverfismála á Íslandi í uppnám þegar uppvíst varð um andvaraleysi hjá stjórnkerfinu og eftirlitsstofnunum í málinu. Gripið var til þess ráðs að loka alfarið sorpbrennslu Funa á Ísafirði og flytja allt sorp af svæðinu til urðunar á sorphaugum höfuðborgarsvæðisins í Álfsnesi.

Eftir tveggja ára vangaveltur um sorpeyðingarstöðvarnar tilkynnti umhverfisráðuneytið svo þann 20. mars 2012 að afnema ætti undanþágur sem verið höfðu í gildi fyrir sorpbrennslustöðvarnar á Klaustri og í Eyjum.

Elliði Vignisson, þáverandi bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, gagnrýndi umhverfisyfirvöld harðlega og sagði þau vinna leynt og ljóst að því að útrýma sorpbrennslu hér á landi. Kallaði hann eftir heildarstefnu í sorpeyðingarmálum sem í dag virðast helst felast í því að flytja vandann til útlanda.

Ófullkomin sorpeyðingarstöð Skaftárhrepps við grunnskólana á Klaustri fékk eðlilega sömu meðferð og sorpbrennslurnar í Eyjum og á Ísafirði og var á endanum lokað, enda ljóst að frá henni stafaði mikil og hættuleg mengun. Þá var einnig greint frá því í Bændablaðinu 2012 að sorpeyðingarstöð Sorpsamlags Þingeyinga ehf. á Húsavík myndi hætta að taka við dýrahræjum til förgunar þann 1. september það ár. Stöðin var gangsett haustið 2006.

Strangari reglur voru nauðsynlegar

Sérákvæði um starfandi sorpbrennslustöðvar voru felld úr gildi með breytingu á reglugerð um brennslu úrgangs árið 2012. Reglugerðin hafði í för með sér að allar íslenskar sorpbrennslustöðvar áttu nú að uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til sambærilegrar starfsemi á Evrópska efnahagssvæðinu. Með breytingunni var sorpbrennslustöðvum gert að uppfylla öll ákvæði reglugerðarinnar eigi síðar en 1. janúar 2013.

Sannarlega var komin full þörf á að setja strangar reglur um brennslu á sorpi. Það dugði þó skammt þar sem engar varanlegar heildarlausnir voru þá á borðinu varðandi sorpeyðingu frekar en nú. Það hefur nánast verið dauðasök og algjört „tabú“ að nefna brennslu á sorpi. Flokkun á sorpi hefur vissulega stóraukist sem og jarðvegsgerð úr lífrænum úrgangi. Þrátt fyrri það er verulegur hluti af vandanum enn óleystur og vandséð að Íslendingum verði stætt á að flytja þann vanda öllu lengur til útlanda.

Vilja reisa hátækni sorpbrennsluorkustöð á Vestfjörðum

Í Bændablaðinu 9. maí 2018 birtist grein eftir Júlíus Sólnes, verkfræðing og fyrrum umhverfisráðherra, Stefán Guðsteinsson skipatæknifræðing og Braga Má Valgeirsson vélfræðing um sorporku undir fyrirsögninni „Fullkomin sorpbrennslustöð verði reist til orkuframleiðslu á Vestfjörðum“. Hugmynd þeirra gengur út á að stöðin yrði mjög tæknilega fullkomin, byggð skv. ströngustu reglum Evrópusambandsins í líkingu við þær stöðvar, sem nýlega hafa verið teknar í notkun á Norðurlöndunum, m.a. á Amager, nærri miðborg Kaupmannahafnar. Um er að ræða háhitabrennslu (um 1100 til 1200°C) með mjög fullkomnum mengunarvarnabúnaði, þannig að loftmengun er nánast engin.

Þetta yrði um 80 þúsund tonna stöð sem framleiddi um 7,5 MW af raforku og 23 MW af hitaorku, eða um 260 gígavattstundir af orku á ári. Með henni færi raforkuþörf Vestfirðinga um Vestfjarðalínu úr 150 MW/klst í u.þ.b. 15 MW/klst á ári miðað við óbreytt ástand. Þá fengist líka næg hitaorka til húshitunar í byggðarlögum við Djúp, og til margs konar atvinnustarfsemi.

Stöðin kæmi til með að veita um 15 manns atvinnu, og að auki yrði um önnur afleidd störf að ræða.

Þótt þeir félagar hafi bent á að sorpbrennsla af þessu tagi sé mjög umhverfisvæn og tíðkuð í dag víða á Norðurlöndum, þá virðist enn takmarkaður skilningur á málinu. Júlíus Sólnes sagði í samtali við Bændablaðið í síðustu viku að samkvæmt tölum frá Babcock & Wilcox Vølund í Danmörku þá gæti fullkomin sorpbrennsluorkustöð sem reist yrði á Vestfjörðum kostað á bilinu 10–13 milljarða króna. Til viðbótar þyrfti skip og orkuflutningslagnir.

Kalka á Suðurnesjum

Eina fyrirtækið sem hefur haft leyfi til sorpbrennslu undanfarin ár er Kalka sorpeyðingarstöð sf. (áður Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf.). Fyrirtækið átti 40 ára afmæli á síðasta ári, var stofnað 1. ágúst 1978, og var gamla brennslustöðin formlega gangsett 31. ágúst 1979, Kalka er nú með starfsleyfi sem gildir til 21. september 2032.

Þann 1. apríl 2004 flutti starfsemi fyrirtækisins í nýja móttöku-, flokkunar- og eyðingarstöð í Helguvík sem ber nafnið Kalka. Þar fer fram öll móttaka á sorpi frá sveitarfélögum og fyrirtækjum á starfssvæði stöðvarinnar samkvæmt verðskrá. Þar er einnig rekið gámasvæði fyrir almenning sem og í Grindavík og Vogum, þar sem íbúar svæðisins geta komið með úrgang frá heimilum til eyðingar og endurvinnslu.

Brennsla umhverfisvænni en urðun

Jón Norðfjörð, framkvæmdastjóri Kölku, segir tímabært að Íslendingar fari að huga betur að því hvað framtíðin ber í skauti sér varðandi förgun á sorpi sem fellur til hér á landi. Hann segir mun umhverfisvænna að brenna sorpi en að urða það. Brennslustöðin Kalka sem getur brennt allt að 12.300 tonnum úrgangs á ári, er með mjög fullkomin reykhreinsibúnað sem heldur útblæstri frá stöðinni í algjöru lágmarki. Í upphafi var framleitt rafmagn í Kölku með 450 kw gufutúrbínu en það er um helmingi meira en stöðin þarfnaðist. Varmaorkan í stöðinni er 5 megawött.

„Túrbínan reyndist ekki nógu vel og var því raforkuframleiðslunni hætt fyrir nokkrum árum,“ sagði Jón í samtali við Bændablaðið.

Hann segir að sorpbrennslustöðvar séu nokkuð mismunandi að gerð

og stærð, en hann hafi ekki séð neina annars staðar sem er eins upp byggð og Kalka. Fyrir utan sorpið sem brennt er í Kölku, falla til á Suðurnesjum um 6–7 þúsund tonn af öðrum úrgangi sem er að hluta til sendur í endurvinnslu eða til urðunar. Stefnt er að því að endurvinnsluhlutfall aukist með flokkunarverkefni við heimili á svæðinu sem hófst á síðasta ári.

Auk þess að þjóna sveitarfélögunum fjórum á Suðurnesjum tekur Kalka á móti úrgangi frá flugþjónustusvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Þá tekur stöðin einnig til brennslu sóttmengaðan úrgang, m.a. frá sjúkrahúsum, sem og ýmsa flokka spilliefna sem falla til hér á landi.

Geta ekki annað brennslu á sorpi af Suðurlandi

– Hvað með sorp af Suðurlandi, hafið þið bolmagn til að taka það til brennslu hjá ykkur?

„Nei, við erum að þjóna sveitarfélögunum og fyrirtækjum á Suðurnesjum og höfum verið ásetnir með pláss hjá okkur og ekki mjög aflögufærir að bæta miklu við. Mögulega getum við þó tekið einn og einn farm, en það er ekki til að treysta á varðandi allt það magn sem til fellur á Suðurlandi.

„Það er nægt landrými á Suðurlandi til að urða óvirkan úrgang og við getum alveg verið sjálfum okkur nóg í þessum efnum. Það þarf að leita annarra leiða en að flytja sorpið úr landi. Það kostar of mikið og er í alla staði óhagkvæmt,“ segir Jón.

Hann segist ekki vita til að nein áform séu uppi á vegum sveitarfélaga að reisa aðra sorpbrennslustöð á Íslandi, en Kalka hafi sótt um lóð fyrir sorpbrennslustöð við hliðina á athafnasvæði fyrirtækisins í Helguvík og fengið lóðinni úthlutað af Reykjanesbæ.

Sorpbrennsla umhverfisvænni en urðun

– Nú er ljóst að landrými til urðunar í Álfsnesi er óðum að fyllast, er þá nokkuð annað til ráða að þínu mati en að setja upp sorpbrennslustöðvar?

„Nei, það held ég ekki. Við höfum verið í góðu samstarfi með ýmislegt við Sorpstöð Suðurlands, Sorpu og Sorpurðun Vesturlands og þar hefur þetta talsvert verið rætt. Þróunin í þessum málum er dálítið á þann veg að flokkun á sorpi, endurvinnsla og endurnýting mun aukast. Þá minnkar það magn sem þarf að urða eða brenna.”

Bannað verður að mestu að urða í Evrópu eftir 2030

„Reglur Evrópusambandsins sýna fram á það að um 2030 verður bannað að urða sorpi, nema því sem óvirkt er og útilokað að gera annað við, eins og byggingarúrgang og annað slíkt. Þá er stefnan í Evrópu að vera með brennslu til að mæta þeim reglum. Það ber öllum saman um að það er líka í raun mun umhverfisvænni sorpeyðing en urðunin.

Miðað við þá tækni sem orðin er til að koma í veg fyrir mengun frá slíkum stöðvum, þá er stöð eins og okkar að skila mjög lítilli loftmengun og langt innan þeirra marka sem leyfileg eru, “ segir Jón. Hann segir að stöð eins og Kalka þurfi að geta verið með stöðuga brennslu allan sólarhringinn því ekki gangi að brenna aðeins hluta úr sólarhringnum. Hann segir að það sé m.a. ástæðan fyrri því hve seint var farið út í að flokka á Suðurnesjum, því stöðin hafi þurft á öllu sorpinu að halda. Nú sé staðan orðin önnur, sorp á svæðinu hafi aukist og því hafi verið ákveðið að fara út í flokkun við heimili á svæðinu. Það minnkaði umfangið á sorpinu, en samt er það fyllilega nóg til að halda stöðinni gangandi.



Nýja sorporkustöðin sem verið er að reisa í Shenzhen í Kína verður stærsta sorporkustöð í heimi. Hún getur brennt 5.000 tonnum af sorpi á dag. Á þaki hennar verða sólarsellur til að auka enn frekar við raforkuframleiðslu stöðvarinnar. Þessi stöð er hluti af áformum Kínverja um byggingu hundraða sorporkustöðva til viðbótar um 400 stöðvum sem fyrir eru í landinu.

Íslensk endurvinnsla hefur átt erfitt uppdráttar

Það er sjaldnast sem hugur og aðgerðir í stjórnkerfinu hafa fylgt fjálglegu tali stjórnmálamanna um að gera þurfi átak í endurvinnslu. Pure North Recycling er t.d. eina plastendurvinnslufyrirtækið á Íslandi. Það hefur stundað það þjóðþrifaverk að taka til endurvinnslu rúlluplast frá bændum og ónýta plastkassa frá matvælafyrirtækjum. Þar er raforka frá endurnýjanlegum orkulindum, heitt og kalt vatn notað til að þvo og vinna plastúrgang í nothæft hráefni til endurnýtingar í margvíslegar iðnaðarvörur. Annar verksmiðjan um 2.500 tonnum af úrgangsplasti á ári sem er þó aðeins brot af því sem til fellur frá heimilum og margháttaðri starfsemi á Íslandi. Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri Pure North Recycling, hefur gagnrýnt að takmarkaður áhugi hafi verið meðal stjórnmálamanna á að styðja við slíka endurvinnslu hér á landi. Þar hafa samt ýmsir reynt fyrir sér, m.a. við endurvinnslu á netum og öðrum veiðarfærum, en skort fjárhagslegt bolmagn og stuðning til að halda því gangandi.

Vandi endurvinnslu á Íslandi er lítið umfang á efni

Jón Norðfjörð hjá Kölku segir vandann við endurvinnslu hér á landi aðallega vera þann hvað magnið er í raun lítið sem til fellur. Þó okkur Íslendingum finnist oft nóg um, þá sé efnismagnið oft ekki nægjanlegt til að hægt sé að halda úti hagkvæmri endurvinnslu nema að litlu leyti. Þá er aðeins tvennt eftir í stöðunni, annaðhvort að flytja efnið út með ærnum kostnaði eða að brenna það í fullkominni sorpbrennslustöð sem mundi framleiða orku. Í fljótu bragði virðist því ljóst að það sé farið að verða aðkallandi að reist verði í það minnsta ein öflug sorpbrennslustöð og þá með orkuvinnslu í huga.

Engin framtíðarlausn að flytja út sorp

„Það er ekkert annað í boði en að fara að huga að þessu máli. Það er ekki nein framtíðarlausn að flytja sorp út til brennslu eða endurvinnslu. Það er þegar mjög þungt í vöfum og orðið erfitt með öll leyfi fyrir slíkum flutningum. Við erum að flytja út ösku til Noregs og það er bæði mjög erfitt að fá útflutningsleyfi og innflutningsleyfi í viðkomandi landi.“ Þá telur Jón að ekki sé hægt að treysta á að útlendingar taki við sorpi frá okkur til langrar framtíðar.

Getum ekki vísað ábyrgðinni yfir á útlendinga

„Við verðum að átta okkur á því að sorpið heldur áfram að verða til og það þarf að gera ráðstafanir til að farga því. Við getum ekki vísað ábyrgðinni af því yfir á útlendinga, enda eigum við að geta verið sjálfum okkur nóg í öllum þessum málum,“ segir Jón Norðfjörð.

Úr stjórnstöð sorporkustöðvar í Kína.

Um 50% af sorpi í Svíþjóð er brennt

Svíar segjast „endurvinna“ um 99% af um 4,4 milljóna tonna úrgangi sem til fellur þar í landi árlega, en það hlutfall var 38% árið 1975. Þar af er um 50% eða 2,2 milljónum tonna brennt í orkuvinnslustöðvum eða svokölluðum „waste-to-energy (WTE)“ stöðvum. Fyrsta stöðin af svipuðum toga var reist þar í landi á fimmta áratug síðustu aldar. Um 1% af sorpinu fer í landfyllingar, sem hafa að mestu verið bannaðar í landinu. Áætlanir gera ráð fyrir að 100% af sorpi í Svíþjóð verði „endurunnið“ í landinu á næsta ári. Talsverður hluti er lífrænn úrgangur sem nýttur er til moltu- eða jarðvegsgerðar.

Um 800.000 tonn af sorpi eru flutt árlega til endurvinnslustöðva í Svíþjóð frá Bretlandi, Noregi, Íslandi, Írlandi og frá Ítalíu. Þar er því brennt í 32 WTE brennslustöðvum.

Svíar hafa verið að standa sig þjóða best í þessum efnum, en það væri þeim gjörsamlega ómögulegt nema að tileinka sér nýjustu tækni til brennslu á sorpi til orkuframleiðslu. Eigi að síður eru samt fjölmargir á móti öllum bruna á sorpi.

Kínverjar fengu nóg af því að stunda sorpeyðingu fyrir Vesturlandabúa

Hluti af íslenska útflutningssorpinu, og þá einkum plast sem sent var úr landi, var um árabil áframsent til Kína. Ekki er þó auðvelt að nálgast áreiðanlegar tölur um þá flutninga. Þetta var gert til áramóta 2017 er Kínverjar hættu að taka við slíkum úrgangi.

Á árinu 2017 var sorp farið að hlaðast upp í Kína í gríðarlegu magni, eða sem nam um 520.000 tonnum á dag. Svonefnd „endurvinnsla“ Kínverja á plastúrgangi frá Vesturlöndum og öðru sorpi fólst í að stórum hluta í brennslu og framleiðslu á hitaorku og rafmagni.

Kínversk stjórnvöld telja brennslu á sorpi æskilegustu leiðina. Þar horfa þau til hátækni brennslustöðva eins og Gao'antun orkustöðina sem rekin er af Chaoyang-hverfisstjórninni í Beijing. Sú stöð getur brennt með yfir 1000° hita á Celsíus og er að skila raforkuframleiðslu fyrir 140 þúsund heimili. Kínversk stjórnvöld höfðu stefnt að því að á árinu 2020 yrði um 40% af öllu sorpi sem félli til í landinu brennt í slíkum stöðvum. Gallinn við þá áætlun var sagður að flestar stöðvarnar eru einkareknar og þær sem hafa boðið lægsta móttöku- eða endurvinnslugjaldið [undir 4 dollurum á tonnið] hafa jafnframt verið að brenna við mjög ófullkominn bruna og við lægra hitastig. Það þýðir stórfellda loftmengun.

Kínverjar reisa stærstu sorpbrennsluorkustöð í heimi

Í borginni Shenzhen í Kina er nú verið að reisa stærstu sorpbrennsluorkustöð í heimi sem brenna mun um 5.000 tonnum af sorpi á dag. Hún á að vera komin í gagnið 2020 og er ætlað að stemma stigu við stjórnlausa losun á sorpi í landfyllingar á svæðinu.

Á árinu 2015 létust þar tugir manna í Shenzhen þegar ruslahaugur gaf sig. Þak nýju sorpbrennslunnar í Shenzhen verður 44.000 fermetrar og verður þakið með sólarsellum til raforkuframleiðslu. Þessi stöð er ein af 300 waste-to-energy (WTE) sorpbrennslustöðvum sem Kínverjar hyggjast reisa í landinu. Það bætist þá við ríflega 400 stöðvar sem brenna rusli til raforkuframleiðslu sem fyrir eru.

Þjóðir heims sjái sjálfar um sína sorpeyðingu

Nú brenna Svíar öllu sem þeir geta brennt, líka plasti, en eftir að Kínverjar lokuðu á móttöku á úrgangsplasti fóru ruslahaugar að hlaðast upp í Evrópu, Bandaríkjunum og víðar. Hefur því verið vaxandi krafa uppi um að þjóðir heimsins sjái sjálfar um að eyða sínu sorpi og úrgangsefnum. Því hlýtur að vera óhjákvæmilegt að Íslendingar endurskoði sína afstöðu m.a. til brennslu á sorpi með eins vistvænum hætti og mögulegt er.

Á árinu 2017 voru starfræktar í Bandaríkjunum 71 WTE sorpeyðingarstöð í 20 ríkjum með samanlagða raforkuframleiðslugetu upp á 2,3 gígawött. Fyrsta stöðin af þeim toga var Palm Beach Renewable Energy í Flórída sem reist var 1995. Árið 2018 voru stöðvarnar þar orðnar 11. Þá voru 10 slíkar stöðvar í New York.

San Francisco í Bandaríkjunum stefnir að því að ekkert sorp fari til urðunar eða í landfyllingar árið 2020, en fram undir þetta hefur um 80% af sorpi í borginni verið hlaðið upp í landfyllingar, en nú á að snúa þessu við. Svipuð áform eru upp á teningnum víðar um lönd og virðast fullkomnar sorpbrennslustöðvar vera þar efst á blaði til að umbreyta ruslinu í raforku.

Í Þýskalandi eru 72 stöðvar, Hollandi 12, í Danmörku 29 og 24 í Bretlandi svo eitthvað sé nefnt, samkvæmt vefsíðu YaleEnviroment360.

Skiljum eftir okkur þyngd okkar í rusli á tveggja mánaða fresti

Á vefsíðu The Atlantic kemur fram að meðalmanneskja í þróuðum OECD-ríkjum heims er að skilja eftir sig um 1,17 kg af sorpi á dag. Það þýðir að hver meðalmaður á Íslandi skilur eftir sig ígildi þyngdar sinnar í rusli á rúmlega tveggja mánaða fresti.

Um 59% af öllu sorpi heimsins er urðað og nýtt í landfyllingar. Það sorp mun á endanum m.a. valda mengun og eitrun á grunnvatni. Um 13–33% er hent á ruslahauga á landi.

Af öllum ruslaúrgangi heimsins er lífrænn úrgangur talinn vera um 46%. Þá er pappír 17%, plast 10%, gler 5%, málmar 4% og annað óskilgreint er 18%.

Það vekur athygli að þrátt fyrir allt tal um endurvinnslu, þá er einungis endurnotað og endurunnið um 1% af öllu ruslinu. Auðvitað er þetta svo mjög mismunandi eftir ríkjum eins og tölur frá Svíþjóð benda til.

Minnkandi sauðfjárbeit á láglendi Suðurlands hefur áhrif á runnagróður og þar með fuglasamfélög:

Vaðfuglar víkja fyrir spörfuglum

– Hefur mikil áhrif á verndarstöðu nokkurra vaðfuglsstofna

Runnagróður á láglendi á Suðurlandi er víða í hraðri framvindu og er nátengdur minnkandi sauðfjárbeit þar. Hefur þessi þróun mikil áhrif á fuglasamfélög á ákveðnum svæðum, þar sem vaðfuglar munu víkja fyrir spörfuglum.

Niðurstöður í meistararitgerð Sigurðar Björns Alfreðssonar í líffræði, sem unnin var við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi og gefin út í september á síðasta ári, leiða þessa stöðu í ljós. Þar er fjallað um tengsl runnagróðurs og búfjárbeitar á búsvæði fugla á láglendi Suðurlands.

Rannsóknin var gerð á láglendi Suðurlands sumrin 2017 til 2018. Fuglar voru taldir á stykkjum með runnagróðri og á nærliggjandi stykkjum án runna, til samanburðar. Á runnastykkjum var stærð runna ákvörðuð og þéttleiki þeirra.

Rannsóknir Sigurðar Björns Alfreðssonar hafa leitt í ljós að aukinn runnagróður á Suðurlandi ógni búsvæðum vaðfugla og hafi áhrif á verndarstöðu þeirra.

Bændur spurðir um beitarmynstur

Bændur voru heimsóttir og spurðir um ríkjandi beitarmynstur á stykkjunum síðustu tíu árin til að tengja mætti framvindu runnagróðurs við beitarmynstur. Sumarið 2018 var rannsókn frá árinu 2001 endurtekin til að meta hversu mikið runnagróður hefur aukist á þessu tímabili. Tíðni bletta með birki-/fjalldraparunnum hafði aukist um 95,7 prósent milli 2001 og 2018 og tíðni stykkja með áberandi víðirunnum hafði aukist um 51,5 prósent.

Könnun meðal landeigenda sýndi að runnar höfðu einkum vaxið upp á stykkjum sem voru alveg friðuð eða friðuð fyrir sauðfjárbeit. Hrossabeit kom ekki í veg fyrir framvindu runna. Sigurður Björn segir að plöntuval sé mjög mismunandi á milli grasbíta, hrossin virðast síður sækja í runnagróður en sauðfé. „Plöntur þola beit misvel og liggur aðalmunurinn í byggingu plantnanna, sérstaklega í því hvar vaxtarbroddurinn er staðsettur. Tré, runnar og blómplöntur eru viðkvæm fyrir beit því vaxtarbroddurinn er efst á stönglinum eða á greinaendum – og sauðféð bítur hann af.“

Hefur áhrif á verndarstöðu vaðfuglastofna

Fuglategundir sem voru í lægri þéttleika á runnastykkjum voru vaðfuglarnir tjaldur, heiðlóa, spói og stelkur. Tegundir sem voru í hærri þéttleika á runnastykkjum voru hrossagaukur – sem reyndar er vaðfugl – skógarþröstur og þúfutittlingur. Jaðrakan, lóuþræl og heiðlóu fækkaði innan runnastykkja eftir því sem runnar voru stærri. Sigurður Björn segir að breytingarnar muni líklega hafa mikil áhrif á alþjóðlega verndarstöðu nokkurra vaðfuglastofna. „Vaðfuglar eins og heiðlóa og spói hafa verið ríkjandi tegundir á Íslandi um aldir og stór hluti heimsstofns þessara tegunda verpur hér. Þessum tegundum er að fækka mikið um allan heim vegna þess að gengið er á búsvæði þeirra. Spörfuglarnir standa að jafnaði betur á alþjóðlega vísu. Þessar rannsóknir benda til að við séum að hnikast í sömu átt og aðrir, að við séum að tapa vaðfuglum og fá spörfugla í staðinn. Skógarþresti fjölgar til að mynda mikið þegar runnar vaxa upp. Spörfuglar kjósa almennt frekar vel gróin búsvæði því þeir fela hreiður og unga í gróðri og eru aðlagaðir líkamlega að slíkum búsvæðum,“ segir Sigurður Björn.

Margþættar ástæður

Sigurður Björn segir að ástæðurnar fyrir því að vaðfuglarnir hrekist af þessum runnasvæðum geti verið margþættar. „Til dæmis er líklegt að þessir langlífu fuglar kjósi búsvæði með góðri yfirsýn til að sporna við afránshættu og auka lífslíkur sínar og afkvæma sinna. Vatn er einnig gríðarlega mikilvægt í umhverfi margra þessara vaðfugla (tjarnir, pollar), en runnagróður og trjátegundir draga í sig mikið vatn og þurrka þessi búsvæði,“ segir Sigurður Björn og bætir við að þessi þróun eigi sér stað um allt Suðurland. Líklega sé þó aukning á útbreiðslu birkis meiri í uppsveitunum en víðis í lágsveitunum.

Sigurður Björn segir að ef bændur vilji vernda vaðfuglana, sem hafa einkennt Ísland um aldir, virðist sem hófleg sauðfjárbeit, sem dugar til að halda niðri kjarri, sé heppileg. „Vaðfuglar sækja líka mikið í votlendi og það er hægt að gera miklu meira af því að vernda það.

Á Íslandi hafa búsvæði fugla breyst mikið frá landnámi, meðal annars vegna mikillar sauðfjárbeitar. Stór svæði með lágvöxnum gróðri urðu til sem eru mjög ákjósanleg varpsvæði vaðfugla. Líklega eru þessar breytingar á gróðurfari landsins ein aðalástæða þess að Íslendingar eru nú með stóra vaðfuglastofna. Sjálfbær landnotkun sem fellur að umhverfismarkmiðum er ákjósanleg, en það er áskorun að skilgreina slíkt fyrirkomulag.

Ég hef ekki gert viðhorfskönnun hjá bændum, en í nýlegri rannsókn, sem fjallar um landbúnað og fuglalíf, virðast bændur líklegir til að auka flatarmál landbúnaðarlands á komandi árum.“

Runnasvæði og samanburðarsvæði án runnagróðurs. Myndir / Sigurður Björn

Heiðlóa. Vaðfuglar, eins og heiðlóa og spói, hafa verið ríkjandi tegundir á Íslandi um aldir og stór hlut heimsstofns þessara tegunda verpur hér. Þróunin er sú að við erum að tapa vaðfuglunum og fá spörfugla í staðinn.

Kemur vonandi að gagni við stefnumótun

Rannsóknir Sigurðar Björns voru unnar við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurlandi sem fyrr segir, en þar hafa tengsl landnotkunar og náttúrufars verið könnuð í fjölbreyttum rannsóknum síðustu ár. „Niðurstöðunum verður miðlað áfram í ýmiss konar nefndarstarfi og með kynningum í ræðu og riti og vonandi koma þær að gagni við stefnumótun. En það veltur auðvitað á vilja stjórnvalda og landeigenda,“ segir hann, spurður um hvað verði síðan um þetta starf hans. */smh*

Unnar Steinn Guðmundsson hjá Vörðufelli afhenti Ingimundi Sigurpálssyni, forstjóra Íslandspósts, lykilinn að nýja pósthúsinu á Selfossi. Mynd / MHH

Þrjú hundruð milljóna króna pósthús opnað á Selfossi

Íslandspóstur opnaði nýtt og glæsilegt pósthús við Larsenstræti á Selfossi í desember sl.

Nýja húsið er á einni hæð og stærð þess er rúmir 650 fermetrar. Verktakafyrirtækið Vörðufell á Selfossi sá um byggingu hússins, sem kostaði tæplega þrjú hundruð milljónir króna, en húsið var byggt á þrettán mánuðum.

„Við erum í skýjunum með nýja húsið og aðstöðuna, það var orðið mjög þröngt á gamla staðnum en þetta er æðislegt, hér er nóg pláss, vítt til veggja og hátt til lofts,“ segir Elín Höskuldsdóttir, forstöðumaður Íslandspósts á Selfossi. */MHH*

Elín Höskuldsdóttir, forstöðumaður Íslandspósts á Selfossi.

Eignatorg kynnir:

Fasteignir hrossaræktarbúsins á Varmalæk

Fasteignirnar samanstanda af nýlegri, glæsilegri 1.080 fm reiðhöll og ríflega 700 hektara beiti- og ræktarlandi. Til greina kemur að selja hross úr ræktun búsins með að einhverju eða öllu leiti.

Eignin samanstendur af *Bjarmalandi*, landnr. 146148, sem er u.þ.b. 4,5 hektara lóð ásamt reiðhöll og *Brekkukoti*, landnr. 146155 sem er 700 hektara land ásamt skemmu. Jörðin stendur í ca. 8 km. fjarlægð frá Varmahlíð. Ljósleiðari er kominn inn í reiðhöll og tengdur. Þriggja fasa rafmagn og hitaveita.

Eignin býður upp á margs konar starfsemi sem getur gefið af sér mjög góða tekjumöguleika, s.s. tamningar, reiðnámskeið og reiðkennslu, hestasýningar sem hafa verið haldnar á undanförnum árum og notið vinsælda og hestaferðir þar sem mjög skemmtilegar reiðleiðir eru um næsta nágrenni reiðhallarinnar.

Einnig kemur til greina að selja eingöngu reiðhöllina ásamt tilheyrandi lóð. Byggingin getur hentað fyrir margs konar starfsemi og auðvelt er að innrétta húsið á marga mismunandi vegu.

Eignatorg

Allar nánari upplýsingar veitir Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 510-3500/615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is

Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

Hringás ehf.

Gjafagrindur spara hey

Íslensk framleiðsla

vig@vig.is s:486 1810

VIG
Vélsmiðja Ingvars Guðna

ÍSTEKA

SELDU HRYSSUR TIL LÍFS

Hrossabændur óska eftir hryssum

Mega vera þriggja til fimmtán vetra

Hækkað verð!

Greiðum 30.000 kr. án vsk. fyrir hryssuna.

Sækjum frítt á Suður-, Vestur- og Norðurland.

Upplýsingar: **hryssa@isteka.com** eða í síma **581 4138.**

Geymið auglýsinguna!

Hryssur eru greiddar eftir reikningi og eftir umskráningu í *WorldFeng*.

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir

MHG VERSLUN

ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is

GARÐYRKJUSKÓLI LBHÍ REYKJUM

Flöskupálmi getur orðið mannhæðar hár

Þessi fallega pottaplanta hefur fengið nafn sitt vegna lögunar sinnar en neðsti hluti stofnsins á ungum plöntum myndar nánast hnöttóttan, trékenndan forðahnúð sem geymir vatn og næringarefni. Upp af honum vex grannur trékenndur stofn sem ber þéttan krans ílangra, gljáandi laufblaða sem veita plöntunni sérstakt og heillandi útlit.

Flöskupálmi (Beaucarnea recurvata) er ekki eiginlegur pálmi þótt nafnið gefi það til kynna heldur er hann skyldari liljum og aspas.

Kemur frá Mexíkó

Tegundin vex villt á þurrlendum, björtum og hlýjum stöðum í Mexíkó. Nú teljast 12 tegundir innan ættkvíslarinnar. Mjög hefur þrengt að náttúrulegum vaxtarstöðum þeirra í S-Ameríku vegna ágangs manna. Því hafa verið settar alþjóðlegar takmarkanir á sölu tegundanna í þeirri viðleitni að viðhalda náttúrulegum stofnum þeirra en pottaplönturnar okkar eru framleiddar af ræktuðu fræi í gróðurhúsum.

Í náttúrunni myndast fræin á plöntum sem hafa náð 10–15 ára aldri. Tegundin er sérbýlisplanta, því þarf bæði karl- og kvenplöntu til að þroskuð fræ myndist. Varla er hægt að búast við að flöskupálminn myndi fræ í heimahúsum. Eldri plöntur í pottum geta orðið mannhæðar háar eða hærri.

Ungar plöntur mynda einn háan trékenndan miðstöngul en á eldri plöntum geta allmargir sjálfstæðir sprotar vaxið upp úr neðsta hlutanum og gefur það plöntunni enn sérstæðara yfirbragð. Hægt er að sníða aukasprota af með beittum hníf og reyna að láta þá mynda rætur í vikurblandaðri mómold.

Þrífst best á björtum stað

Sem pottaplanta nýtur flöskupálminn sín best á björtum stað en hún þolir hálfskugga. Venjulegur stofuhiti hentar henni ágætlega. Sökum þess að hún vex fremur hægt má hafa hana í fremur litlum pottum. Ef ætlunin er að leyfa plöntunni að ná sem mestum vexti er ágætt að koma henni fyrir í stærri potti.

Þá þarf að vanda til verka, skola moldina varlega af rótunum með volgu vatni, greiða síðan vandlega úr rótarkerfinu þannig að það dreifist sem jafnast í nýja pottinum. Notuð er góð vikur – eða sandblönduð pottamold. Best er að umpotta að áliðnum vetri.

Flöskupálmi þarfnast ekki mikillar vökvunar og skyldi gæta þess að fjarlægja allt umframvatn úr pottahlífinni að vökvun lokinni, um hálftíma eftir að vökvað hefur verið. Ofvökvun fer illa með ræturnar og er algengasta dánarorsök plantnanna. Frá vori til hausts er vökvað með daufri áburðarlausn öðru hvoru en í skammdeginu er dregið mjög úr vökvun og áburðargjöf hætt með öllu. Plöntum sem vaxa í mjög smáum pottum er helst hætt við ofþornun en eldri plöntur í stærri pottum þarf yfirleitt aðeins að vökva vikulega eða sjaldnar.

Auðvelt að halda plöntunni við

Almennt er auðvelt að halda plöntunni heilbrigðri og fallegri árum saman sé þess gætt að halda vökvun og áburðargjöf í réttu horfi. Meindýr sækja ekki mikið í laufið, helst eru það spunamítlar.

Flöskupálmi er ein af þessum sérkennilegu, karaktermiklu pottaplöntum sem gera ekki flóknar ræktunarkröfur en gefa bæði heimilum og stofnanaumhverfi glæsilegt yfirbragð.

Ingólfur Guðnason,
brautarstjóri
garðyrkjuframleiðslusviðs

LÍF & STARF

„Nýtt ár kallar á enn frekari samstöðu um að viðhalda þeirri stöðu sem nú er uppi og berjast fyrir því sem við höfum," segir Þorgeir Pálsson, sveitarstjóri í Strandabyggð. Mynd / Jón Jónsson

Strandabyggð mikilvægur þjónustukjarni:

Mörg spennandi verkefni fram undan

– Öll uppbygging í nágrannasveitarfélögum skapar tækifæri, segir sveitarstjóri

„Það eru mörg spennandi verkefni í farvatninu hjá okkur," segir Þorgeir Pálsson, sveitarstjóri í Strandabyggð. Hann telur að komandi ár verði mikilvæg og áhugaverð fyrir byggðalagið. Ekki sé ólíklegt að samstarf sveitarfélaga á svæðinu muni aukast, hvort sem um verði að ræða formlegar sameiningar eða aukið samstarf. Mannlíf í Strandabyggð er gott, fjölbreytni mikil og þar vantar fólk til starfa.

Veitt í höfninni á Hólmavík.

Íbúar í Strandabyggð eru hátt í 500 talsins, staðsetning sveitarfélagsins er nokkurn veginn miðja vegu á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, en sveitarfélagið samanstendur af þéttbýliskjarnanum Hólmavík og sveitunum þar í kring. „Strandabyggð er fyrst og fremst þjónustukjarni þar sem boðið er upp á hátt þjónustustig," segir Þorgeir, en meðal þess sem finna má í sveitarfélaginu er Heilsugæsla, Vegagerð, Orkubúið, Kaupfélagið, Sparisjóðurinn, Pósturinn, Sýslumaðurinn, Lögreglan, slökkvilið, björgunarsveitin Dagrenning, Íþróttamiðstöð, grunn-, og leikskóli auk tónlistarskóla. Ferðaþjónusta er rekin í sveitarfélaginu, m.a. hótel, gistiheimili og veitingastaðir, en einnig er þar útgerðarfélag, öflugur landbúnaður og matvælaframleiðsla bæði er varðar landbúnaðarvörur og sjávarafurðir. Einnig er í sveitarfélaginu öflug menningarstarfsemi, leikfélag starfandi, tveir kórar og söfn svo eitthvað sé nefnt.

Fólk vantar til starfa á Ströndum en vandinn er sá að sögn Þorgeirs að meira mætti vera til af lausu húsnæði á staðnum líkt og gildir víða á landsbyggðinni. „Engu að síður eru nokkur hús til sölu hér," segir Þorgeir.

Skoða möguleika á hitaveitu

Þorgeir segir að verið sé að skoða möguleika á uppbyggingu hitaveitu í sveitarfélaginu með því að leiða vatn úr Hveravík í Kaldrananeshreppi yfir til Hólmavíkur. „Fram undan er álagsprófun á holu sem þar er og eftir að því er lokið vitum við hvort þarna er nægilegt vatn fyrir hitaveitu. Það er ekki spurning að það myndi breyta miklu fyrir okkur og auka lífsgæðin verulega, sem þó eru mikil fyrir," segir Þorgeir.

Annað verkefni sem verið er að ýta úr vör er viðamikið umhverfis- og hreinsunarátak, þar sem tekin verða fyrir viss svæði í þorpinu og dreifbýlinu og þau markvisst hreinsuð. „Það hefur um árin safnast töluvert saman af bílum, dekkjum, vélum og öðru sem öllum er til ama en nú ætlum við að ráðast í heilmikið hreinsunarátak í samstarfi við íbúana og atvinnurekendur á staðnum."

Þorgeir segir staðsetningu Hólmavíkur góða með tilliti til ferðaþjónustu, einkum hafsækinnar ferðaþjónustu. Undanfarin ár hafi hvalaskoðun verið rekin frá Hólmavík, af fyrirtækinu Láki Tours frá Grundarfirði og hafi það gefist sérlega vel. „Steingrímsfjörður hefur verið iðandi af hval dag eftir dag undanfarin ár. Það má segja að Strandabyggð sé hið raunverulega anddyri að Hornströndum og því kjörinn staður til að leggja upp frá í ferðir norður á Strandir og á Hornstrandir," segir Þorgeir.

Aukin verðmæti á hvern íbúa áhugavert markmið

Viðfangsefni sveitarfélags á borð við Strandabyggð segir Þorgeir vera endalaus, alltaf sé eitthvað við að fást og engir tveir dagar eins. Fjölbreytileikinn sé einkennandi fyrir daglega lífið. „Svona lítil sveitarfélög hafa oft og tíðum sams konar markmið; að auka útsvarstekjur svo hægt sé að fara í frekari framkvæmdir og uppbyggingu, laða að nýtt fólk og fjölskyldur og efla og styrkja á þann hátt mannlífið. En við getum líka séð fyrir okkur markmið sem lúta að því einfaldlega að viðhalda því sem við höfum og skapa aukin verðmæti. Það er ekki allt fengið með fjöldanum og aukin verðmæti á hvern íbúa er áhugavert markmið," segir Þorgeir og bendir á að á Hólmavík sé rækjuvinnsla, útgerðarfyfirtæki, landbúnaður sé í sveitarfélaginu og innan þessara atvinnugreina gætu legið tækifæri til frekari verðmætasköpunar.

Fylgjast með nágrannasveitarfélögum

Þorgeir nefnir að næstu þrjú ár verði áhugaverð og mikilvæg fyrir Strandabyggð. Í Árneshreppi sem liggur að Strandabyggð eru virkjunarframkvæmdir í undirbúningi og í öðru nærliggjandi sveitarfélagi, Reykhólahreppi, er vindmyllugarður til skoðunar og gangi þær framkvæmdir eftir munu þær skapa heilmikil tækifæri til sóknar sem einnig ná inn í Strandabyggð. „Við fylgjumst með þessum undirbúningi og metum hvaða tækifæri geta falist í þessum framkvæmdum fyrir okkur. Strandabyggð er mikilvægur þjónustukjarni fyrir svæðið og öll uppbygging í kringum okkur skapar tækifæri," segir Þorgeir.

Samstarf mun aukast

Samstarf sveitarfélaga mun að hans mati aukast á komandi árum, hvort heldur er undir formerkjum sameiningar eða með öðrum hætti. „Við hér í Strandabyggð erum staðráðin í að gera okkar samfélag enn betra, fjölskylduvænna og skemmtilegra. Um það snúast öll okkar verkefni, sama hversu stór þau eru. Vissulega er staðan sú að við megum við litlu þegar að því kemur að halda atvinnu og fólki í sveitarfélaginu, það vitum við. Nýtt ár kallar því á enn frekari samstöðu um að viðhalda þeirri stöðu sem nú er uppi og berjast fyrir því sem við höfum," segir Þorgeir. */MÞÞ*

Milliliðalaus viðskipti með mat:

Hver er reynslan af REKO?

Tuttugu áhugasamir einstaklingar og söluaðilar í REKO-hringjum komu til samráðsfundar á netinu og í Bændahöllinni í síðustu viku. Á fundinum var farið yfir skipulag á sölu í gegnum Facebook-síður sem tengja matvælaframleiðendur beint við kaupendur.

Fyrirkomulagið er þannig að kaupendur panta vörur sem eru í boði og þær eru síðan afhentar á fyrirfram gefnum tíma í þéttbýlinu. Nokkrir REKO-hringir eru starfandi á Íslandi, nánar tiltekið á Vesturlandi, Suðurlandi, Austurlandi, sunnanverðum Vestfjörðum og á Norðurlandi. REKO er alþjóðlegt heiti yfir sölufyrirkomulagið en skammstöfunin merkir „Rejäl konsumtion“ á sænsku og þýðir „heiðarleg neysla“.

Hlédís Sveinsdóttir hélt utan um SVÓT-greiningu. Myndir / TB



Oddný Anna Björnsdóttir stýrði fundi.

Framlegðin góð

Á fundinum var rætt um reynsluna af REKO-hringjunum hingað til. Gerð var svokölluð SVÓT-greining á stöðunni þar sem farið var yfir styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í REKO-hugmyndafræðinni. Hópurinn var á einu máli um að framlegð af vörusölu væri góð og bein samskipti við kaupendur væru jákvæð. Tímahagræði felst í því að afhenda fyrirframseldar vörur á einum stað og matarsóun er ekki fyrir hendi. Þá er salan talin jákvæð fyrir ímynd bænda og mikill áhugi og velvild sé gagnvart REKO hjá kaupendum.

Veðrið hefur áhrif

Veikleikarnir eru nokkrir og nefnt var að veðurfar á afhendingardegi hefði sitt að segja. Aðstæður væru misjafnar og óaðlaðandi að afhenda vörurnar á bílastæðum eins og gert hefur verið í nokkrum REKO-hringjum. Í því tilliti er líklegt að þróunin verði sú að vörur verði afhentar inni við en á Selfossi eru vörur t.d. afhentar í húsnæði Jötunn Véla. Þær ógnanir sem steðja að REKO mátu fundargestir helst vera að fólk gæfist upp, veðrið fældi frá og flækjustig væri of hátt. Almennt var þó umræðan á fundinum mjög jákvæð og hópurinn telur ótal tækifæri fram undan. Söluaðilar geti aukið sína markaðshlutdeild verulega, kynna mætti REKO víðar og samnýta ferðir úr sveitinni á afhendingarstað. Þá var jafnframt rætt um tíðni REKO-afhendinga og var talið að mánaðarleg sala væri hentugt fyrirkomulag.

Nánari upplýsingar um afhendingar REKO má finna á Facebook-síðum undir merkjum REKO. /TB

Arnheiður Hjörleifsdóttir, bóndi á Bjarteyjarsandi, er í hópi frumkvöðla sem hafa tileinkað sér REKO-hugmyndafræðina við sölu á sínum vörum.

LÍF & STARF

Byggðastofnun styrkir meistaranema:

Framtíðarsýn bænda á heimavinnslu og viðskipti

Stjórn Byggðastofnunar hefur ákveðið að styrkja þrjá meistaranema sem vinna að lokaverkefnum á sviði byggðamála. Heildarupphæð styrkjanna er ein milljón króna. Veittir eru tveir styrkir að upphæð 350.000 krónur, en þriðja verkefnið hlýtur styrk að fjárhæð 300.000 krónur. Tvær rannsóknanna eru á sviði heilbrigðismála en þriðja verkefnið er könnun varðandi heimavinnslu landbúnaðarafurða.

Alls bárust níu umsóknir um styrkina, sem er nokkur fjölgun frá síðasta ári. Styrkirnir eru fjármagnaðir af byggðaáætlun og skulu verkefnin sem sótt er um styrk til hafa skírskotun til markmiða eða aðgerða byggðaáætlunar.

Langvinnir sjúkdómar fjarri sérfræðiþjónustu

Þórunn Björg Jóhannesdóttir, meistaranemi á heilbrigðisvísindasviði í Háskólanum á Akureyri, hlaut 350 þúsund króna styrk vegna verkefnis sem heitir „Að takast á við langvinnan sjúkdóm fjarri sérfræðiþjónustu: upplifun einstaklinga með kransæðasjúkdóm“. Markmið rannsóknarinnar er að lýsa upplifun fólks með kransæðasjúkdóma á landsbyggðinni af eftirliti, endurhæfingu, fræðslu og stuðningi við sjálfsumönnun og lífsstílsbreytingar og hins vegar að lýsa sýn þátttakenda á þeirri heilbrigðisþjónustu sem veitt er og þeim úrbótum sem hópurinn telur mikilvægar.

Krabbameinsmeðferð fjarri heimabyggð

Reynsla fólks af landsbyggðinni af krabbameinsmeðferð fjarri heimabyggð er verkefni sem Halldóra Egilsdóttir, meistaranemi í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, hlaut 350 þúsund króna styrk til að gera. Markmið rannsóknarinnar er að veita innsýn í reynslu einstaklinga af landsbyggðinni af því að fá krabbameinsmeðferð fjarri heimabyggð. Niðurstöður rannsóknarinnar gætu verið leiðbeinandi við þróun þjónustu, bæði í dreifbýli og á Landspítala og stuðlað að því að betur verði mætt þörfum einstaklinga óháð búsetu.

Viðhorf bænda til heimavinnslu

Þriðja styrkinn fékk Elfa Björk Sævarsdóttir, meistaranemi í matvælafræði við Háskóla Íslands, 300 þúsund krónur, vegna verkefnis sem nefnist Heimavinnsla landbúnaðarafurða – framtíðarhorfur. Í verkefninu verður viðhorf bænda til heimavinnslu og heimasölu búafurða kannað sem og skoðað hver framtíðarsýn bænda er varðandi vöruþróun og milliliðalaus viðskipti. Eins verður kannað hversu margir bændur sjá fyrir sér fullvinnslu heima á býli eða í héraði og milliliðalausa sölu afurða. Einnig verður skoðað hvernig matvælaöryggi er tryggt í heimavinnslu. */MÞÞ*

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út
14. febrúar

UTAN ÚR HEIMI

Í flestum tilfellum var kjötið innkallað vegna alvarlegrar salmónellusýkingar, það sem í Bandaríkjunum kallast „Class One“ sýking og getur hugsanlega valdið alvarlegri sýkingu og jafnvel dauða neytenda.

Bandaríki Norður-Ameríku:

Innkallanir á sýktu kjöti tvöfaldast á fimm árum

Samkvæmt tölum sem Landbúnaðarráðuneyti Bandaríkjanna hefur birt tvöfölduðust innkallanir á sýktu rauðu og hvítu kjöti í landinu á árunum 2013 til 2018. Innkallanir á alvarlega sýktu kjöti voru 97 árið 2018, eða fjórða hvern dag og alls rúm 5,4 milljón tonn.

Í flestum tilfellum var kjötið innkallað vegna alvarlegrar salmónellusýkingar, það sem í Bandaríkjunum kallast „Class One“ sýking og getur valdið alvarlegri sýkingu og jafnvel dauða neytenda.

Samkvæmt nýlegri skýrslu um sýkingar í kjöti í Bandaríkjunum segir að því miður sé það staðreynd að sífellt meira af hættulega sýktu kjöti sé á markaði og að berast inn á borð þjóðarinnar og breytir þá engu hvort um sé að ræða rautt kjöt eða kjúklinga.

Kjötframleiðendur í Bandaríkjunum hafa svarað skýrslunni og segja að auknar innkallanir séu vegna aukins eftirlits en ekki vegna þess að meira af sýktu kjöti sé í umferð.

Þrátt fyrir aukið eftirlit eru skráð um 48 milljón tilfelli af völdum mataeitrunar á ári í Bandaríkjunum. Um 120.000manns lenda á spítala og um 3.000 manns látast af völdum matareitrana í Bandaríkjunum á ári.

Í skýrslunni er eftirlit með matvælum og matvælaframleiðslu í Bandaríkjunum gagnrýnt harðlega. Meðal annars vegna þess að þrátt fyrir að afbrigði sýklalyfjaónæmrar salmónellu greinist í kjöti sé sala þess leyfileg.

Svar kjötframleiðenda við þessu er að salmónella sé náttúruleg baktería sem ekki sé hægt að losna við að fullu. Í svari sínu greina þeir ekki á milli salmónellu sem hefur öðlast sýklalyfjaónæmi vegna ofnotkunar á sýklalyfjum í landbúnaði og salmónellu sem finnst víða í umhverfinu. */VH*

INNRÉTTINGAR

spinder

Spinder fjósainnréttingar eru hannaðar og prófaðar eftir strömgustu gæðakröfum og miða að velferð bæði dýra og manna. Áralöng reynsla hefur leitt af sér innréttingakerfi sem auðvelt er að aðlaga að nánast öllum þörfum nútímafjósa.

Við afgreiðum stíur, jötugrindur og milligerði í mörgum stærðum og gerðum og í flestum tilfellum er afgreiðslutíminn stuttur og varan flutt heim í hlað.

Hafðu samband:
bondi@byko.is

byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Eftir að lirfur grenibarkarbjöllunnar klekja út eggi og umbreytast í fullorðin dýr naga þær við sitkagrenis og geta hæglega drepið trén.

Bretlandseyjar:

Fyrsta tilfelli grenibarkarbjöllu

Fyrsta alvarlega tilfelli grenibarkarbjöllu var staðfest í Kent í Englandi fyrir skömmu.

Skógfræðingar á Bretlandseyjum segja að skaðinn sem grenibarkarbjallan geti valdið nái hún fótfestu í landinu sé mun meiri en áhrif útgöngu Evrópusambandsins verði nokkurn tíma. Talið er að grenibarkarbjalla, Ips typographus, geti valdið talsverðum skaða í skógrækt á Bretlandseyjum takist ekki að hefta útbreiðslu hennar. Áætlað er að skaði vegna bjöllunnar í Svíþjóð og Noregi síðustu hálfa öldina eða svo nemi um níu milljón rúmmetrum af timbri.

Grenibarkarbjöllur eru 4 til 5 millimetrar að lengd og brúnar eða svartar á litinn. Lirfa bjöllunnar er hvít og eftir að hún umbreytist í fullorðið dýr veldur hún trjánum skaða með því að naga viðinn eftir að hún klekst úr eggi. Auk þess sem sveppasýking fylgir iðulega í kjölfarið.

Yfirvöld skógarmála á Bretlandseyjum hafa sívaxandi áhyggjur af því að sífellt fleiri tegundum meindýra og sjúkdóma eru að berast til landsins og eykst fjöldi þeirra á hverju ári og tíu nýjar plöntuóværur skráðar á mánuði.

Skógfræðingar á Bretlandseyjum segjast sérlega áhyggjufullir yfir þeim skaða sem bjöllurnar geta valdið sitkagreni, en um 29% skóga landsins eru vaxnir sitkagreni. Auk þess sem sitka er helsta nytjatré landsins þegar kemur að viðarframleiðslu. */VH*

Samtök ungra bænda vilja innlausnarmarkað í mjólkurframleiðslu

Samtök ungra bænda héldu aðalfund sinn á Öngulsstöðum í Eyjafirði á dögunum. Á fundinum var samþykkt stefnumótun samtakanna til næstu fimm ára sem verður kynnt á næstu misserum. Á dagskrá fundarins voru meðal annars ályktanir um afstöðu samtakanna til framleiðslustýringar í sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu.

Stjórn Samtaka ungra bænda. Steinþór Logi Arnarsson, Birgir Örn Hauksson, Jóna Björg Hlöðversdóttir, Þórunn Dís Þórunnardóttir og Guðmundur Bjarnason. Mynd / SUB

Vilja áfram framleiðslustýringu í mjólk og fagna tilkomu markaðar með greiðslumark í sauðfé

Fundurinn telur að hagsmunum ungra bænda í mjólkurframleiðslu sé best varið með því að viðhalda framleiðslustýringu í greininni. Vísað var í tilvonandi atkvæðagreiðslu um framtíð kvótakerfis í mjólk og því beint til stjórna Bændasamtakanna og Landssambands kúabænda að ef greiðslumark verði kosið áfram þá verði settur á endurbættur innlausnarmarkaður með útgefnu verði sem yrði tvöfalt afurðaverð. Ungir bændur leggja áherslu á að nýliðar verði áfram í forgangshópi að greiðslumarki.

Í ályktun í tengslum við efni endurskoðaðs sauðfjársamnings kemur fram að fundurinn fagni tilkomu markaðar fyrir greiðslumark í sauðfjárrækt. „Það er von samtakanna að fyrirkomulagi markaðsins verði þannig komið fyrir að ungir bændur verði í forgangi á kaupum á greiðslumarki,“ segir jafnframt í ályktuninni.

Jóna Björg áfram formaður

Ný stjórn var kjörin á fundinum en tveir stjórnarmenn höfðu lokið kjörtímabili sínu, þeir Jóhannes Kristjánsson og Jón Elvar Gunnarsson. Þeim var þakkað gott starf í þágu samtakanna á liðnum árum.

Jóna Björg Hlöðversdóttir er áfram formaður en að öðru leyti skipa stjórn Samtaka ungra bænda þau Guðmundur Bjarnason, varaformaður, Steinþór Logi Arnarsson, gjaldkeri, Þórunn Dís Þórunnardóttir, ritari og Birgir Örn Hauksson, meðstjórnandi.

Styrkir 2019

Fiskræktarsjóður starfar á grundvelli laga nr. 72/2008. Meginhlutverk sjóðsins er að veita lán eða styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim. Umsóknarfrestur um lán og styrki úr *Fiskræktarsjóði*, sem koma til greiðslu árið 2019, er til og með 28. febrúar 2019.

Þeir sem fengið hafa styrk úr sjóðnum og sækja aftur um vegna sama verkefnis, skulu skila inn framvinduskýrslu með nýrri umsókn.

Umsóknareyðublöð vegna styrkveitinga úr *Fiskræktarsjóði* má nálgast á **www.fiskistofa.is** undir lax- og silungsveiði. Þar má einnig nálgast verklagsreglur sjóðsins. Einnig er hægt að hafa samband við Höllu Björk Garðarsdóttur, starfsmann *Fiskistofu*, í síma 569 7900.

Umsóknum um styrki eða lán úr sjóðnum skal skila til formanns *Fiskræktarsjóðs* á eftirfarandi heimilisfang:

Fiskistofa
v/Fiskræktarsjóðs
Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

FISKRÆKTARSJÓÐUR
Salmonid Enhancement Fund

Kálflugudúkar

Við tökum við pöntunum á kálflugudúk til 15. mars n.k.

Fatnaður og skór fyrir fagfólkið

praxis ...þegar þú vilt þægindi

Mikið úrval af fatnaði sem þolir hátt hitastig í þvotti, ótrúlega góð efni.

Gæða bómullarbolir fyrir dömur og herra, stutterma og síðerma, í mörgum fallegum litum.

Erum með fatnað og skó fyrir þá sem gera kröfur

Bonito ehf. • Praxis • Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími 568 2870
www.praxis.is • Opið mán. og mið. 13-17, fim. 16-18.

Bændablaðið
Kemur næst út
14. febrúar

Ertu að gleyma þér?

Samkvæmt reglugerð nr 916/2012 skulu ásetningsmerki vera kominn í við 6 mánaða aldur

Micro lambamerki

Minnum á pöntunarvefinn www. bufe.is

PLASTIÐJAN BJARG
IÐJULUNDUR
Iðjulundur – Furuvöllum 1 – 600 Akureyri.
Opið frá kl. 8 - 16 alla virka daga
Sími 414-3780 – pbi@akureyri.is

LÍF & STARF

Skipulagsstofnun varð 80 ára á síðasta ári og er komin með skipulag strandsvæða á sitt borð:

Markviss stefnumótun og aukin skilvirkni mikilvæg til að koma í veg fyrir ágreining og tafir

– segir Ásdís Hlökk Theodórsdóttir forstjóri og telur líka aðkallandi að móta skipulagsstefnu um landslag, vindorku og skógrækt

Skipulagsstofnun átti 80 ára afmæli á síðasta ári. Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, segir að sífellt stærri hluti starfseminnar felist í vinnu að stefnumótun og miðlun upplýsinga um skipulagsmál á breiðum grunni.

Stefna um skipulagsmál er sett fram í Landsskipulagsstefnu, sem samþykkt var á Alþingi 2016. Segja má að með tilkomu landsskipulagsstefnunnar liggi í fyrsta sinn fyrir heildstæð skipulagsstefna á landsvísu. Þar setur ríkisvaldið fram stefnu og leiðbeiningar til sveitarfélaga, sem lögum samkvæmt bera hitann og þungann í þessum málaflokki.

Viðfangsefni Skipulagsstofnunar eru fjölbreytt

Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og umhverfismat. Það spannar m.a. mótun landsskipulagsstefnu, þar sem mótuð er sýn í skipulagsmálum fyrir landið í heild jafnt í þéttbýli og dreifbýli, á hálendi og láglendi. Einnig aðstoðar stofnunin sveitarfélög við gerð skipulagsáætlana og hefur eftirlit með skipulagsgerð þeirra. Þar eru verkefnin auðvitað fjölbreytt, allt frá þéttingu byggðar á höfuðborgarsvæðinu, til ákvarðana um nýtingu lands í dreifbýli og mannvirkjagerðar á miðhálendinu, svo eitthvað sé nefnt. Auk mótunar skipulagsstefnu og aðkomu að skipulagsgerð sveitarfélaga fer stofnunin síðan með stórt hlutverk varðandi umhverfismat. Þar eru stærstu verkefnin mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda, svo sem fiskeldis í sjókvíum, virkjunaráforma, vegagerðar og raflínulagna. Þannig að viðfangsefni Skipulagsstofnunar eru fjölbreytt, en varða öll hvernig við tökum sem bestar ákvarðanir um það hvernig landi er ráðstafað til framtíðar, með sjálfbærni og almannahagsmuni að leiðarljósi.

Unnið að strandsvæðisskipulagi á Vestfjörðum og Austfjörðum

„Jafnframt erum við að hefja vinnu við gerð strandsvæðiskipulags sem er nýjung á Íslandi. Strandsvæðisskipulag snýst um skipulag nýtingar á fjörðum og flóum utan við netlög, því skipulag á landi út að mörkum netlaga er viðfangsefni aðalskipulags sveitarfélaga. Fyrstu strandsvæðisskipulögin sem verða unnin núna á næstu misserum verða fyrir Vestfirði og Austfirði. Þetta er gert samkvæmt lögum sem samþykkt voru á Alþingi vorið 2018.“

Sjókvíaeldi kallaði á skipulag strandsvæða

Ásdís Hlökk segir að mikið hafi verið kallað eftir að gert verði skipulag fyrir strandsvæði á Vestfjörðum og Austfjörðum, ekki síst vegna áforma um uppbyggingu sjókvíaeldis. Strandsvæðisskipulag muni hins vegar taka á fleiru en fiskeldi. Það verði alhliða skipulag, áþekkt aðalskipulagi á landi, þar sem skoðuð eru og samþætt ólík framtíðarnot svæðisins, svo sem siglingaleiðir, efnistaka á hafsbotni og virkjanir í sjó, ef eða þegar áform um slíkt kvikna hér við land.

„Þessi uppbygging í fiskeldinu sýnir vel að það gildir það sama um firði og flóa eins og svæði uppi á landi. Þar sem koma fram hugmyndir ólíkra aðila um að nýta sömu svæði, eða nálæg svæði, þá þarf að hugsa hlutina í samhengi. Það þarf að skoða og greina svæðin, leita málamiðlana og finna bestu lausnir á hvernig við staðsetjum t.d. fiskeldi með tilliti til siglingaleiða, eða efnistöku á hafsbotni með tilliti til uppeldissvæða nytjastofna svo eitthvað sé nefnt.“

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir, forstjóri Skipulagsstofnunar, við lágmynd af Guðmundi Hannessyni lækni sem var einn helsti áhrifavaldur á skipulagsmál hérlendis á fyrri hluta 20. aldar. Myndir / HKr.

Mikilvægt að tryggja skilvirkni

Nú hefur verið mikið rætt um það í þjóðfélaginu að umhverfismat sé allt of hægvirkt og svifaseint ferli. Er hægt að gera eitthvað til að flýta því?

„Já, það er nokkuð um þetta rætt. Stundum er þar þó verið að tala út frá einstökum dæmum sem eru ekki dæmigerð fyrir gang mála almennt. Þetta geta verið óvenju umfangsmikil og umdeild uppbyggingarverkefni sem kalla á ítarlegri greiningar og umræður en almennt gerist. Eða jafnvel að framkvæmdarhugmynd eða skipulagstillaga er á einhvern hátt vanbúin í upphafi og kallar á miklar skýringar, breytingar og lagfæringar. Þannig geta verið í þessu, eins og öllu öðru, einhver frávik frá hinu almenna.

Þá má benda á að þegar mikill uppgangur er í samfélaginu og framkvæmdagleðin í hámarki, þá eykst álagið á stofnanir eins og okkar sem fjalla um undirbúning framkvæmda og leyfisveitingar vegna mannvirkjagerðar. Auðvitað ber á því í slíku ástandi, eins og hefur gerst á undanförnum misserum, að málsmeðferðartími getur lengst.

Þá er heldur ekki alltaf þolinmæði fyrir því eða skilningur, að stór uppbyggingaráform þurfa sinn tíma því þau varða ólíka hagsmuni og marga ólíka aðila. Þá þarf að gefa tíma fyrir greiningar, samtal og mótun og útfærslu slíkra framkvæmdaáforma. Stundum er eins og það sé ekki að fullu gert ráð fyrir því í tímaáætlunum framkvæmdaraðila. Auðvitað þarf þó að vera einhver skynsemi í slíku og takmörk fyrir því hvað hlutirnir geta tekið langan tíma. Það geta örugglega allir sett sig í þau spor að það er óþægileg staða þegar búið er að ganga frá skipulagi og gefa út leyfi, að þá sé kært og niðurstaða úrskurðarnefndar liggi ekki fyrir fyrr en einhverjum mánuðum eða jafnvel misserum síðar og leyfi jafnvel fellt úr gildi. Slíkt er auðvitað mjög bagalegt.“

Kæruréttur er mikilvægur og veitir stjórnsýslu aðhald

– Fólk er væntanlega smám saman að verða meðvitaðra um að aðdragandi og undirbúningur verkefna tekur sinn tíma, hins vegar furða menn sig jafnframt á að hægt sé að kæra niðurstöður að því er virðist út í hið óendanlega. Menn tala jafnvel um misnotkun á kæruréttinum. Er þetta ekki eitthvað sem þarf að endurskoða?

„Það er alls ekki svo að hægt sé að kæra endalaust. Og það er reyndar mikill minnihluti skipulags- og byggingarmála sem eru kærð. Einkum eru það stórar framkvæmdir sem vísað er með kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

En það þarf líka að muna að kærurétturinn felur í sér mikilvæg borgaraleg réttindi. Við getum væntanlega hvert og eitt gert okkur í hugarlund hversu mikilvæg þessi réttindi eru, að geta látið á það reyna hvort ákvarðanir séu lögmætar sem snerta hagsmuni sem varða okkur persónulega og við viljum standa vörð um. Áfrýjun ákvarðana veitir líka aðhald fyrir alla stjórnsýslu skipulags- og byggingarmála og er brýning fyrir bæði framkvæmdaraðila og stjórnvöld að vanda til verka. Hins vegar þarf auðvitað að umgangast slík réttindi af ábyrgð.“

Oft verið að taka matskenndar ákvarðanir

„Það er þannig í skipulagsmálum að oft er verið að taka matskenndar ákvarðanir. Þá er ekki verið að telja og reikna sig til niðurstöðu, heldur er beitt mati, sjónarmið vegin og metin, metið hvað sé nægilegur rökstuðningur og hvað teljist til dæmis vera fullnægjandi gögn. Þetta gerir það að verkum að úrskurðarnefndin getur á endanum metið mál með öðrum hætti en við eða önnur stjórnvöld hafa gert á fyrri stigum. Þó þurfa jafnt stofnanir ríkisins, sveitarfélög og aðrir sem að koma að virða þær reglur um stjórnsýslulög mæla fyrir um, svo sem um rannsókn máls, meðalhóf og jafnræði.“

Mikilvægt að mál tefjist ekki að óþörfu

– Er þá ekki hætta á að kærur séu að tefja verk með tilheyrandi kostnaði?

„Þegar leyfi eru kærð, þá getur framkvæmdaraðili engu að síður hafið framkvæmdir, nema í þeim einstöku tilvikum þegar úrskurðað er um stöðvun framkvæmda. En hann fer þá í framkvæmdir í óvissu um hvort leyfi verði síðar fellt úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndar.

Ég tel að leiðirnar til að bregðast við þessu séu í reynd tvær. Í fyrsta lagi þarf að tryggja að þeir sem láta sig viðkomandi skipulag eða framkvæmdir varða hafi tækifæri snemma í ferlinu til að viðra sínar spurningar, áhyggjur og tillögur, þannig unnið sé með þær við mótun endanlegrar skipulags- eða framkvæmdatillögu. Þetta kallar á að virkt samráð sé byggt inn í þankagang og vinnubrögð hjá öllum sem vinna að undirbúningi mannvirkja og skipulagsgerð.

Síðan þarf stjórnsýslan almennt og sérstaklega úrskurðarnefndin að hafa nægan mannafla til að geta annað öllum málum í tíma sem til hennar berast.

Þá er einnig sjálfsagt að yfirfara regluverkið eins og nú er til dæmis verið að gera við endurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum. Við verðum að vera tilbúin til að skoða hvort þar sé eitthvað sem betur mætti fara. Eru t.d. of víðtækar kæruheimildir, eða eru einhver atriði sem tekin eru fyrir í kærum á leyfisveitingarstigi sem væri hægt að taka á við áfrýjun ákvarðana fyrr í ferlinu?“ Vísar Ásdís Hlökk þar m.a. til afturköllunar á leyfum til fiskeldisstöðva á Vestfjörðum á síðasta ári sem deilur spunnust um. Afturköllun leyfanna hafi verið gerð vegna annmarka á umhverfismatinu sem var forsenda leyfisveitinganna.

„Það er í skoðun hvort það sé eitthvað í sjálfu módelinu sem er hægt að gera skilvirkara. Eftir stendur samt að kærurétturinn felur í sér dýrmæt réttindi borgaranna.“

Ábyrgð skipulagsmála flutt til sveitarfélaga árið 1997

– Er ótvírætt að skipulagsvaldið sé í höndum sveitarfélaganna?

„Hugtakið skipulagsvald er reyndar ekki til í lögum þótt það sé oft nefnt í umræðunni. En ábyrgð á

gerð skipulagsáætlana og framfylgd þeirra er hjá sveitarstjórnum. Þannig hefur það verið síðan sett voru skipulags- og byggingarlög árið 1997, þótt tilhögun mála hafi verið að færast í þessa veru áratugina þar á undan.

Fyrr á tíð voru skipulagsmálin á hendi ríkisins. Fyrstu skipulagslögin voru sett árið 1921, eða lög um skipulag kauptúna og sjávarþorpa. Þá var viðfangsefnið eingöngu þéttbýlisstaðirnir og fór þriggja manna nefnd embættismanna á vegum ríkisins með gerð skipulags fyrir bæina. Með breytingum á lögunum árið 1938 var skipulagsnefndin fest í sessi þannig að hún skyldi skipuð húsameistara ríkisins, vegamálastjóra og vitamálastjóra. Jafnframt var henni heimilað að ráða sér starfsmann, en það var Hörður Bjarnason arkitekt sem var fyrsti skipulagsstjóri ríkisins og markar það í raun upphaf Skipulagsstofnunar eins og við þekkjum hana í dag. Í dag eru viðfangsefni skipulagsmála orðin mun víðfeðmari en þau voru í upphafi því nú er allt landið undir og meira að segja firðir og flóar einnig.“

Stefnumótun og fræðsla er mikilvæg

Hjá Skipulagsstofnun í dag starfa um 25 manns. Telur Ásdís Hlökk að ekki veiti af þessum mannskap m.a. vegna aukinnar áherslu í samfélaginu á skipulagsmál og kröfu um skilvirkni í skipulagsmálum.

„Við gætum án vafa náð meiri slagkrafti og árangri ef stofnunin hefði úr meiri mannafla að spila. Það gæfi meira svigrúm til að vinna fyrirbyggjandi að stefnumótun og miðlun upplýsinga. Ég staðhæfi að með fleiri höndum á dekki sé hægt að koma í veg fyrir tafir á verkefnum með tilheyrandi kostnaði, bæði með því að sinna stefnumótunar- og fræðsluþættinum af meiri krafti og eins að hafa fleiri til að sinna afgreiðslu erinda frá sveitarfélögum og framkvæmdaraðilum. Við þurfum einnig að hafa í huga að einstök deiluefni og þrætumál sem upp koma varða ekki bara það einstaka verkefni heldur geta einnig skemmt út frá sér, ef svo má segja. Við sjáum dæmi þess að til verða andstæðar fylkingar og á stundum nokkuð hatrammar deilur. Það dregur úr tiltrú og trausti á milli aðila og á stofnunum sem að málum koma. Það er mikið til vinnandi að fækka slíkum þrætumálum.“

Ásdís Hlökk hefur margþætt verkefni á sínu borði. Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og umhverfismat. Það spannar m.a. mótun landsskipulagsstefnu, þar sem mótuð er sýn í skipulagsmálum fyrir landið i heild jafnt í þéttbýli og dreifbýli, á hálendi og láglendi. Einnig aðstoðar stofnunin sveitarfélög við gerð skipulagsáætlana og hefur eftirlit með skipulagsgerð þeirra.

Forverarnir horfðu til lengri framtíðar en nú er gert

„Áhugavert er að skoða það núna þegar kallað er eftir að við hugsum nægilega langt til framtíðar, m.a. vegna loftslagsmála, að í fyrstu skipulagslögunum árið 1921 átti að horfa til 50 ára í allri skipulagsvinnu. Í skipulagslögum í dag er aðeins miðað við 12 ár en ljóst að engu að síður þurfum við að horfa til lengri tíma þegar við mótum stefnu í skipulagsmálum. Það á til dæmis við í þeirri vinnu sem nú er að hefjast við mótun landsskipulagsstefnu um loftslagsmál. Þar verður sett niður stefna um hvernig við getum nýtt skipulagsgerð sveitarfélaga til að draga úr losun og binda gróðurhúsalofttegundir og bregðast við breyttum aðstæðum, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs.

Það er fleira sem tengir okkur við upphafsár formlegrar skipulagsgerðar hér á landi. Einn helsti áhrifavaldur á skipulagsmál hérlendis á fyrri hluta 20. aldar var Guðmundur Hannesson læknir. Í kringum aldamótin 1900 kom formleg skipulagsgerð til ekki síst út frá heilbrigðismálum. Þá snerist skipulagsgerðin um að tryggja heilnæm híbýli, skólplagnir, aðgang að hreinu vatni og fleira sem laut að heilbrigði fólks. Í dag erum við að hefja vinnu við landsskipulagsstefnu um tengsl lýðheilsu við skipulag vegna þess að við getum enn þann dag í dag haft mikil áhrif á lýðheilsu með skipulagi byggðar, svo sem með því hvernig fyrirkomulag byggðar styður hreyfingu fólks í daglegu lífi.

Skipulagsstofnun leiðbeinir og hefur eftirlit með skipulagsgerð sveitarfélaga

„Sveitarfélög fara eins og áður segir með ábyrgð á gerð og framfylgd skipulagsáætlana, en það er þó undir eftirliti ríkisins og með leiðbeiningum og ráðgjöf frá ríkinu. Skipulagsstofnun fer með það verkefni fyrir hönd ríkisins. Stofnunin þarf til dæmis að staðfesta aðal- og svæðisskipulag sveitarfélaga. Í staðfestingarafgreiðslunni fer stofnunin yfir hvort rétt hafi verið staðið að framsetningu og afgreiðslu skipulagsins. Einnig er farið yfir hvort skipulagið gangi gegn lagafyrirmælum eða stefnu stjórnvalda á landsvísu.“

Dæmi um skipulagsmál sveitarfélaga þar sem reynir á samræmi aðalskipulags við lög og stefnu stjórnvalda er t.d. við ákvörðun um legu þjóðvegarins í Reykhólahreppi. Einnig varðandi Reykjavíkurflugvöll og ýmsar framkvæmdir í vegagerð í Reykjavík gagnvart aðalskipulagi Reykjavíkur. Og varðandi aðalskipulag sveitarfélaga á Norðurlandi vegna legu nýrrar háspennulínu milli Blönduvirkjunar og Eyjafjarðar.

„Þegar stefna ríkisins og sveitarfélaga fer ekki saman, getur komið upp pattstaða. Stundum þarf þá að fresta skipulagi um það svæði sem deilt er um eða staðfesta skipulagið með fyrirvara um tilteknar framkvæmdir eða uppbyggingu.“

Það þarf pólitíska úrlausn til að rjúfa pattstöðu

– Er eitthvað annað en pólitísk íhlutun sem getur rofið slíka pattstöðu?

„Þegar upp er komin slík pattstaða eru engin formleg stjórntæki sem taka við. Það er í raun fyrst og fremst samtal og málamiðlun á milli þeirra aðila sem hlut eiga að máli sem getur leyst úr málum. Það má því segja að það sé pólitískt úrlausnarefni, eins og reyndar öll stefnumörkun í skipulagsmálum er. Að mínu mati er lagasetning almennt ekki ákjósanleg leið og ætti eingöngu að horfa til sem neyðarúrræðis í slíkum málum.“

Engin heildarstefna til um skipulag skógræktar

– Snýr skipulag ekki líka að skógrækt og er til einhver heildarstefna um skipulag skógræktar í landinu?

„Jú, skipulag snýr líka beint og óbeint að skógrækt. Skógræktin (áður Skógrækt ríkisins) hefur sínar áherslur og áform, en annars er ekki til formleg stefna um skógrækt. Í landsskipulagsstefnu eru reyndar sett fram almenn sjónarmið sem höfð skulu í heiðri við ráðstöfun lands í dreifbýli, meðal annars til skógræktar. Það varðar t.d. að tekið sé tillit til landslags og náttúrulegs umhverfis. Náttúruverndarlöggjöfin gefur líka ákveðin fyrirmæli í þessum efnum. Það er síðan í höndum sveitarfélaganna að útfæra stefnu í aðalskipulagi, hvert á sínu svæði. Þar getur útfærslan verið ólík, enda aðstæður ólíkar.

Með áherslu á kolefnisbindingu með skógrækt sem hluta af loftslagsaðgerðum íslenskra stjórnvalda er orðið enn brýnna að yfirfara skipulagsmálin.“

Víðerni og landslag mikilvæg

– Nú hef ég rætt við ferðamenn, m.a. frá Kanada, sem leggja á það áherslu að Íslendingar verði að passa sig á að eyðileggja ekki útsýnið með skógrækt. Sýna slík sjónarmið ekki einmitt að mjög áríðandi sé að móta heildarstefnu í skógræktarmálum á landsvísu í ljósi stóraukinnar ferðamennsku sem er mjög oft að sækja í okkar opna víðerni?

„Þótt ekki sé hægt að leggja að jöfnu skógrækt og vindmyllur, þá má segja að það sama eigi við í umræðum um staðsetningu vindorkuvera í íslenskri náttúru. Grunnsjónarmiðin eru þau sömu, þ.e. að við göngum ekki á verðmætar landslagsheildir eða víðerni sem við viljum viðhalda. Þetta þarf að hafa í huga í skipulagsvinnu. Við þurfum að læra af því sem aðrar þjóðir hafa gert vel í þessum efnum. Í Skotlandi var til dæmis á sínum tíma mótuð stefna um svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir vindorkuverum, svæði með ákveðnum takmörkunum og svæði sem geta hentað fyrir vindorkunýtingu. Þetta eru má segja rauð, gul og græn svæði með tilliti til nýtingar vindorku. Í Skotlandi hefur orðið mikil uppbygging vindorkuvera og þau eru ekki á þessum rauðu svæðum og að takmörkuðu leyti á gulu svæðunum. Kannanir sýna að ferðamenn eru sáttir við uppbyggingu vindorkuvera í Skotlandi. Þarna sér maður hvað skýr og markviss stefna skilar miklum árangri.

Núna er að hefjast ferli við mótun landsskipulagsstefnu um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu. Varðandi landslagsþáttinn er það sérstakt viðfangsefni að setja niður viðmið fyrir uppbyggingu vindorkunýtingar hér á landi með tilliti til landslags. Þar erum við mögulega að horfa til þess að fara áþekka leið og Skotar. Og þótt ég vilji ekki líkja saman vindorkunýtingu og skógrækt, þá getur verið að sambærileg aðferðafræði geti átt við varðandi skógræktina.“

Skipulag skógræktar með tilliti til landslags aðkallandi

– Er þá ekki orðið aðkallandi að búa til svipaða skipulagsstefnu fyrir skógrækt?

„Jú, ég held að það sé fullt tilefni til að skoða það. Sérstaklega vegna þess að við sjáum fyrir okkur aukna skógrækt á næstu árum og áratugum sem lið í að mæta okkar skuldbindingum í loftslagsmálum. Það er um að gera að vel sé að því staðið til að koma í veg fyrir að ágreiningur verði um slíka skógrækt. En þar á það sama við og um skipulagsmálin almennt að við verðum að hafa þolinmæði til að undirbúa verkefnin og gefa okkur tíma til að móta stefnu,“ segir Ásdís Hlökk Theodórsdóttir. /HKr.

ÁHRIFAMAÐUR Í BÚVÍSINDUM

Angus Russel, skoskur búvísindamaður sem lét gott af sér leiða í þágu íslensks landbúnaðar

Nýlega er fallinn frá dr. Angus J.F. Russel sem var frumkvöðull í fjölmörgum þekktum landbúnaðarrannsóknum, kom hingað til lands og hafði áhrif hér með ýmsum hætti.

Á námsárum mínum í Wales fyrir 50 árum las ég greinar eftir hann og samstarfsmenn um beit og fóðrun fjallafjár í Skotlandi en frá og með 1976 kynntist ég Angusi, einkum á ráðstefnum Búfjárræktarsambands Evrópu (EAAP) og Breska búfjárræktarfélagsins (BSAS). Í Skotlandi lágu leiðir okkar fyrst saman 1978.

Dr. Angus J.F. Russel (1936–2018), búvísindamaður í Skotlandi.

Skoskar svarthöfðaær og lömb í sumarhögum til fjalla. Angus og félagar rannsökuðu mikið næringarástand og fóðrun slíks fjár.

Kynni við erlenda búvísindamenn

Við sem höfum numið við erlenda háskóla erum gjarnan í betri aðstöðu en aðrir til að kynnast vísindamönnum sem hafa reynst brautryðjendur á sínum sviðum, jafnvel á alþjóðavísu. Einkum hafa slík tengsl myndast í gegnum landbúnaðarháskóla á Norðurlöndum, mest í Danmörku, Noregi og Svíþjóð, þar sem margir íslenskir búvísindamenn hafa numið. Tengslin við Bretlandseyjar hafa einnig verið töluverð, einkum við skoska búvísindamenn, og þá helst við háskólana í Edinborg og Aberdeen. Þótt aðeins sumir þeirra hafi komið hingað til lands hafa áhrifin verið töluverð og með ýmsum hætti.

Áður fyrr voru samskiptin mest með bréfaskiptum og lestri greina, sérprentanir voru sendar í pósti og fólk hittist stöku sinnum á alþjóðlegum ráðstefnum. Nú er öldin önnur og miðlun faglegs efnis, svo og samskipti öll, eru auðveldari. Hvað Angus varðar ætla ég að nefna þrennt sem hefur einkum skapað tengslin við Ísland:

Holdastigun sauðfjár

Í tengslum við umfangsmiklar rannsóknir sínar á holdafari og næringarástandi áa á meðgöngutíma í hálendustu héruðum Skotlands fyrir rúmlega 50 árum þróuðu Angus Russel ásamt samverkamönnum, einkum þeim Doney og Gunn, matsaðferð – body condition scoring – sem hér hlaut heitið holdastigun, um 1970. Nánar tiltekið eru gefnar einkunnir fyrir bakhold á gripnum, bæði vöðva og fitu, með átaki, eftir 5-punkta mælikvarða, allt frá holdastigi 5 þar sem holdin eru afbragðs góð þannig að háþornin finnast ekki, niður í holdastig 1 þar sem gripurinn er mjög horaður og að dauða kominn. Endurspeglar þessi stigun vel næringarástandið og hefur þetta holdamatskerfi verið notað töluvert hér á landi, einkum fyrir sauðfé en einnig nokkuð fyrir hross, sérstaklega þar sem nauðsynlegt hefur reynst að hafa afskipti af vanfóðrun og horbúskap. Þá hefur kerfið hefur verið notað töluvert hér við rannsóknir á fóðrun áa á meðgöngutíma líkt og Angus og félagar hans gerðu á sínum tíma.

Glöggar skilgreiningar á flokkunum fimm er m.a. að finna á bls. 262 í hinu ágæta fræðsluriti, Sauðfjárrækt á Íslandi, sem bókaútgáfan Uppheimar gaf út 2013 undir ritstjórn Ragnhildar Sigurðardóttur (ISBN 978-9935-423-92-6).

Fósturgreining og talning

Fyrir liðlega hálfri öld komu á markað Doppler hljóðbylgjutæki til fósturgreiningar og kynntist ég þeim 1970 þegar ég beitti slíku tæki við fósturgreiningu á gemlingum í tengslum við doktorsverkefni mitt í Aberystwyth Háskóla í Wales. Þetta var seint á meðgöngutíma, numin voru hjartaslög fósturs og tókst með sæmilegri nákvæmni að ákvarða hverjar gengju með lömb og hverjar væru geldar, sbr. grein mína í Búnaðarblaðinu, 4-5. tbl. 1974.

Ekki var þó hægt að greina fjölda fóstra með neinni nákvæmni en slík tækni kom fram og var þróuð í Ástralíu um áratug síðar þegar farið var að fósturgreina með sónartækjum. Það var reyndar í Bretlandi sem fósturgreining með þess konar tækjum breiddist fyrst verulega út, upp úr 1980, að frumkvæði Angusar Russel. Átti hann í samstarfi við lækna þegar verið var að þróa tæknina. Þá var fyrst unnt að greina vel fjölda fóstra, einnig mun fyrr á meðgöngutímanum en hægt var með gömlu tækjunum.

Sónartækin kynnt hér

Skemmst er frá að segja að Búnaðarfélag Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins buðu þeim Angusi og samverkamanni hans, Ian R.White, við hálendisrannsóknastöðina í Skotlandi (Hill Farming Research Organization) að kynna þessa nýju fósturgreiningartækni hér. Við dr. Stefán Aðalsteinsson á RALA skipulögðum heimsókn þessara sérfræðinga og fór kynningin fram á Keldnaholti 6. mars 1985. Þar voru fyrstu íslensku ærnar fósturgreindar með þessari gagnlegu tækni. Tókst sú kynning mjög vel og vakti athygli.

Það var þó ekki fyrr en 2002 að farið var að fósturgreina hjá bændum en þá kom John E. Johansen frá Noregi hingað í fyrsta skiptið. Námskeið á Tilraunabúinu á Hesti 13. janúar 2004, þar sem John og Alan Picken frá Skotlandi kenndu fósturgreiningu með nýjum ómsjám þaðan, markaði tímamót. Við skipulagninguna komu aftur samtök bænda við sögu, mest við Jón Viðar Jónmundsson fyrir hönd þeirra, í samvinnu við félaga á RALA. Mér er þó alltaf hugsað til Angusar Russel þegar minnst er frumkvöðla fósturgreiningar á fjárbúum, bæði hér og á Bretlandseyjum.

Geitur fluttar til Skotlands

En Angus Russel kom meira við sögu hér og með allt öðrum hætti en áður greinir. Þegar hann kom hingað til að kynna hina nýju fósturgreiningartækni var hann nýlega farinn að sinna geitfjárrannsóknum í Skotlandi, einnig frumkvöðull þar á því sviði. Auk okkar Stefáns höfðu fleiri íslenskir búvísindamenn haft kynni af Angusi, einkum hjá RALA, og fengum við hann til að flytja erindi um beitartilraunir, einkum með tilliti til geita, en þær nýta gróður með nokkuð öðrum hætti en sauðfé. Erindið reyndist fróðlegt og vel flutt að hætti Angusar en hann var vel máli farinn, hafði hlýlegt viðmót og var glaðlyndur. Stefán hafði umsjón með geitahjörð RALA í Þormóðsdal, farinn að sinna rannsóknum á þeim, einkum á ullinni, sem sýndu að þelið/fiðan hafði Kasmíreiginleika. Ég sá um skýrslur o.fl. varðandi geitur hjá Búnaðarfélagi Íslands og kynntist fljótt þessu áhugaverða brautryðjendastarfi.

Angus beitti sér fyrir flutningi íslenskra geita til Skotlands þar sem þær mynduðu 25% nýs geitfjárkyns. Á myndinni eru Jón Trausti Steingrímsson (t.v.) og Tryggvi Gunnarsson, starfsmenn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, með veturgamlan geithafur sem var í hópi 6 geita úr hjörðinni í Þormóðsdal sem fluttar voru til Skotlands vegna þelrannsókna. Myndin var tekin á Reykjavíkurflugvelli 30. október 1986, skömmu fyrir flugtak vélar Flugleigu Sverris Þóroddssonar. Íslenskar sauðkindur voru fluttar með sömu vél til Kanada sumarið áður. Mynd / Ólafur Dýrmundsson

Geitur af hinu nýja kyni, The Scottish Cashmere Goat, í heimkynum sínum í Skotlandi. Kasmírþel þessara geita er með sterk áhrif frá íslensku geitinni.

Málin þróuðust þannig að Angus vildi fá íslenskar geitur til kynbóta í Skotlandi. Við Stefán o.fl., einkum á RALA, undirbjuggum þann útflutning, en það voru 5 kið og 1 veturgamall hafur sem fóru út í flugi til Skotlands 30.október 1986, sbr. grein mína í Frey, 13.-14.tbl, 1990. Hinir sérstæðu þeleiginleikar íslensku geitanna komu að góðu gagni við mótun nýs geitfjárkyns, The Scottish Cashmere Goat, þar sem þrjú önnur geitakyn komu einnig við sögu. Þetta er gott dæmi um notkun íslensks erfðaefnis erlendis sem hefur ekki haft mikið gagnýtt gildi hér á landi til þessa. Vísindagreinar Angusar sem hann birti með Bishop og fleiri félögum vitna um þetta merka ræktunarstarf þar ytra.

Þess er vert að geta að Angus átti einnig samvinnu við Bishop o.fl. um rannsóknir á íslenska Þokufrjósemisgeninu í sauðfé í Bretlandi.

Dr. Angus J.F. Russel var mikils metinn búvísindamaður, m.a. á þeim sviðum sem getið var um hér að framan. Hann var frá Edinborg og stundaði búvísindanám í háskólanum þar og síðar á Nýja-Sjálandi. Hann var forseti Breska búfjárræktarfélagsins 1987–88 sem nú heitir The British Society of Animal Science. Þar var Angus heiðursfélagi og hlaut ýmsar aðrar viðurkenningar svo sem frá Breska sauðfjárræktarsambandinu. Angus var höfðingi heim að sækja og um fjölmargt til fyrirmyndar. Margir minnast hans með virðingu og hlýhug, þeirra á meðal greinarhöfundur. Angus lést af völdum hjartaslags á 83. aldursárinu 14. desember og var jarðsunginn frá Peebles Old Parish Church, suður af Edinborg, 20.desember sl.

Dr. Ólafur R. Dýrmundsson
(oldyrm@gmail.com)

LESENDABÁS

Kerfi í kreppu

Um þessar mundir eru 40 ár síðan framleiðslustýringu í landbúnaði var komið á hér á landi. Það var gert með því að veita Framleiðsluráði landbúnaðarins, sem starfaði 1947-1997, víðtækar lagaheimildir til að grípa til aðgerða til að hafa stjórn á framleiðslu helstu búvara. Lög þessi voru samþykkt á Alþingi 6. apríl 1979.

Framleiðsla mjólkur var þá um 20% umfram þarfir landsmanna og um 40% af dilkakjötsframleiðslunni fór til útflutnings sem gaf 20-30% af innanlandsverði; útflutningsbætur greiddu það sem uppá vantaði. Aðgerðir Framleiðsluráðs voru einkum tvíþættar: Annars vegar búmark sem byggðist á framleiðslu viðkomandi bús á svonefndum viðmiðunarárum, sem voru 1976-1978, hins vegar álagning á kjarnfóðurskatti sem mátti vera allt að 100% af innkaupsverði kjarnfóðurs. Fyrir framleiðslu innan búmarks, kvótann, skyldi leitast við að bændur fengju fullt afurðaverð, og aldrei lægra en 80% af fullu verði. Fyrir framleiðslu umfram búmark skyldi greitt meðal útflutningsverð. Innleiðing framleiðslustýringar vakti mikla ólgu meðal bænda, átök voru um skiptingu framleiðsluréttar milli svæða og langan tíma tók að taka ákvarðanir um framleiðsluheimildir; 17. febrúar 1986 var haldinn í Njálsbúð í V-Landeyjum einn fjölmennasti bændafundur fyrr og síðar hér á landi, þar sem um 600 manns mættu og flytja þurfti kirkjubekki úr Akureyjarkirkju til að fundarmenn gætu setið. Á fundinum mótmæltu bændur því harðlega að reglugerð um framleiðsluheimildir bænda var ekki sett fyrr en verðlagsárið var tæplega hálfnað, þannig að rekstrargrundvöllur búanna var í fullkominn óvissu svo mánuðum skipti.

Búmarkið brestur

Búmarkskerfið lenti fljótlega í ógöngum. Til að laga stöðu þeirra sem báru skarðan hlut frá upphaflega úthlutunarborðinu, var sífellt meira búmarki úthlutað með tilviljanakenndum hætti og árið 1984 var búmark í mjólk rúmlega 140 milljónir lítra, á meðan innanlandsmarkaðurinn var um 100 milljónir lítra.

Framleiðsla mjólkur 1985 varð 115 milljónir lítra og það ár var gripið harkalega í taumana, innleiddur var fullvirðisréttur á grundvelli samninga bænda og ríkisvalds, heimild til innheimtu fóðurbætisskatts var hækkuð í 200% og greiðsla útflutningsbóta lækkuð úr 7% af verðmæti búvöruframleiðslunnar niður í 4% á fimm ára tímabili.

Útflutningsbætur voru endanlega aflagðar 1992. Sú aðgerð var sauðfjárræktinni sérlega þungbær og hafa rekstrarerfiðleikar verið nær samfelldir í þeirri grein upp frá því. Það sama ár tók gildi nýr samningur um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu, beingreiðslur voru teknar upp í stað þess að stuðningur rynni í gegnum afurðastöðvar og frjálst framsal á greiðslumarki var heimilað. Það var m.a. gert til að gera bændum kleyft að takast á við hagræðingarkröfu sem sett var á í kjölfar Þjóðarsáttarsamninganna 1990 og reyndist bændum mjög þung í skauti; frjálsa framsalið reynist eitt af fáum úrræðum sem bændur höfðu til að komast úr þeirri harðlæstu stöðu sem greinin var komin í.

Einn á viku

Viðskipti með greiðslumark voru

Jóhann Nikulásson.

Sigurður Loftsson.

Baldur Helgi Benjamínsson.

tiltölulega umfangslítil fyrst í stað og fyrstu árin seldi u.þ.b. einn framleiðanda greiðslumarkið í viku hverri, fyrir um 100 kr á líter, eða sem nam heildar mjólkurverði sinnum ca. 2. Eftir að nýr samningur með mjög svipuðum formerkjum tók gildi árið 1998 færðist fjör í leikinn; árið 2000 hættu rúmlega 80 framleiðendur eða nærri tveir á viku, auk þess sem verðið hækkaði ört, m.a. vegna afskipta afurðastöðva, blandaðra samvinnufélaga og fleiri aðila. Náði verðið hámarki árið 2004, um 420 kr/ltr eða sem nam rúmlega fimmföldu mjólkurverðinu (afurðastöðvaverði og stuðningsgreiðslum). Að núvirði jafngildir þetta 810 kr/ltr, ef tekið er mið af þróun vísitölu neysluverðs. Það verð reyndist þeim sem keyptu þungur baggi og bera sumir hann enn þann dag í dag.

Brugðist við neysluaukningu

Frá 1990-2010 var lengst af þokkalegt jafnvægi á framleiðslu og sölu. Árið 2005 þurfti þó að grípa til margvíslegra hvatningaraðgerða til að auka mjólkurframleiðsluna, í kjölfar mikillar neysluaukningar á próteini vegna aukningar skyrsölu. Mátti þar vart tæpara standa.

Ennþá stórkostlegri neysluaukning varð á fitu árið 2013 og varð hún hraðari en svo að við henni væri tækist að bregðast og reyndist nauðsynlegt að flytja inn smjör frá Írlandi, eins og frægt varð. Í kjölfarið varð síðan meiri neysluaukning á fitugrunni en dæmi eru um í þróuðu landi, eða 25% á fjórum til fimm árum. Neysluaukning á próteini er mun minni þó hún sé umtalsverð. Þar sem greiðslumarkið, kvótinn, hefur verið ákvarðað miðað við sölu á innanlandsmarkaði af þeim efnaþætti sem meira selst af, hefur nær fjórðungs aukning greiðslumarksins verið langt umfram framleiðslugetu fjölmargra framleiðenda, eins og sést best á hinu mikla magni af ónýttu greiðslumarki sem komið hefur til útjöfnunar. Árið 2017 var það rúmlega 6,5 milljónir lítra. Til að tryggja nægjanlegt hráefni til að mæta þessu, hefur þurft að greiða verð fyrir mjólk umfram greiðslumark sem tekur meira mið af framleiðslukostnaði bænda en útflutningsverðmæti afurða.

Háskalegir hagsmunir

Sú staða að umtalsverður fjöldi greiðslumarkshafa geti ekki með nokkru móti fyllt greiðslumarkið, sama hversu vel er á spilunum haldið, hefur leitt af sér þá flóknu og hættulegu stöðu að það er þeim hinum sömu hagfellt að sala á innanlandsmarkaði dragist saman; að öðru óbreyttu aukast tekjur þeirra búa verði samdráttur í sölu, þar sem stuðningsgreiðslur deilast á færri einingar. Þar með eru þeir komnir í beina mótsögn við heildar hagsmuni mjólkurframleiðenda, sem eru augljóslega þeir að hámarka söluna og þar með tekjurnar og þekja eins stóran hluta markaðarins og unnt er með innlendri framleiðslu. Ekki þarf að fjölyrða hversu háskalegt það er að þröngir sérhagsmunir þessara búa ráði för, þegar vélað er um stefnumarkandi ákvarðanir til næstu ára varðandi rekstrarumhverfi greinarinnar.

Veik lagaumgjörð

Um miðjan síðasta áratug var mjólkurframleiðsla tekin upp að nýju á búi sem hafði hætt slíkri framleiðslu og selt framleiðsluheimildirnar nokkrum árum fyrr. Töldu forsvarsmenn þess „raunhæfara að standa utan við hið opinbera styrkjakerfi landbúnaðarins“, þar sem þátttaka í því kostaði að afsala þyrfti í raun beingreiðslum frá ríkinu í 12-15 ár, vegna þess hversu kvótaverðið var hátt. Til að vinna úr afurðum búsins, og fleiri búa, var jafnframt sett á stofn mjólkurstöð og var hún opnuð af þáverandi landbúnaðarráðherra 2. desember 2005, þrátt fyrir að deilt væri um hvort sú starfsemi færi í bága við lagaumgjörð búvöruframleiðslunnar. Við þetta tækifæri sagðist ráðherrann þar með slá „nýjan tón“ í íslenskri mjólkurvinnslu, það varð og reyndar raunin. Tæplega þarf að rekja sögu þessa fyrirtækis fyrir lesendum, umkvartanir og kærur gengu í sífellu á hendur hins „markaðsráðandi risa“ MS. Fyrirtækið þraut að lokum fjárhagslegt örendi og var keypt upp af KS en Auðhumla keypti fasteignirnar, að sögn til að bjarga kerfinu. Kærumálin héldu þó áfram og er enn ekki séð fyrir enda þeirra í dag. Sumarið 2010 var lagt fram á Alþingi frumvarp til breytinga á búvörulögum, þar sem tryggja átti forgang greiðslumarksmjólkur að innanlandsmarkaði, 662. mál á 138. löggjafarþingi með því að unnt væri að framfylgja núgildandi ákvæði búvörulaga. Úrræðin áttu að felast í því að leggja á fjársekt, 110 kr. fyrir hvern lítra mjólkur umfram greiðslumark sem markaðsfærð væri á innanlandsmarkaði. Kvótakerfi ESB var þá framfylgt með svipuðum hætti, þar var fjársektin 27 evrusent pr. kg mjólkur. Frumvarp þetta vakti mjög hörð viðbrögð víða í samfélaginu og stóðu um það deilur og fjölmiðlafár lungann úr ágústmánuði það ár. Skemmst er frá því að segja að frumvarp þetta dagaði uppi og verður að teljast harla ólíklegt að slíkt frumvarp muni nokkru sinni ná fram að ganga á löggjafarsamkomunni. Staðreyndin er sú að kvótakerfið heldur, meðan lítið reynir á það. Til þess að fylgja því eftir undir álagi og ágjöf þarf inngrip ríkisvaldsins sem það til þessa hefur ekki verið tilbúið í og afar lítill pólitískur vilji er fyrir.

Fótakefli á opnum markaði

Þegar framleiðslustýring var innleidd hér á landi var markaðurinn lokaður. Innflutningur helstu landbúnaðarafurða hafði verið bannaður meira og minna í hálfa öld. Með tilkomu GATT samningsins sem tók gildi 1. júlí 1995 breyttist það og innflutningsbanni var umbreytt í tolla. Með tollasamingi við ESB frá september 2015 blasir við gerbreytt staða, þar sem tollfrjáls innflutningur nemur um 10% af ostamarkaði hér á landi. Hráefnisverð í innfluttum osti er nú um stundir ca. 50 kr/ltr á meðan lögbundið lágmarksverð hér á landi er 90 kr/ltr.

Að óbreyttu er því veruleg hætta á að ostamarkaði verði sinnt með innfluttri vöru í stórauknum mæli, með tilsvarandi lækkun á greiðslumarki og tekjutapinu sem því fylgir, án þess að íslenskir kúabændur fái rönd við reist.

Færeyjar eru dæmi um land þar sem innlend framleiðsla sinnir einungis hluta af ferskvörumarkaði og smjörmarkaði en nær engri ostaframleiðslu, mjólkurframleiðsla þar er 7-8 milljónir lítra á ári. Að teknu tilliti til fólksfjölda samsvarar það að íslensk mjólkurframleiðsla væri 50-60 milljónir lítra á ári.

Kvótakerfi er einnig við lýði í Noregi og Kanada, bæði löndin eiga það sammerkt að markaði er í ört vaxandi mæli sinnt með innflutningi. Viljum íslenskir slást í þennan hóp, sem lætur undan síga á heimamarkaði?

Tollasamningnum fylgir ekki bara innflutningskvóti, heldur einnig útflutningskvóti á skyri. Á fundum haustsins hjá forsvarsmönnum mjólkuriðnaðarins mátti skilja sem svo, að sennilega væri nú bara sniðugast að nota billegt, erlent hráefni til að nýta erlend markaðstækifæri, en ekki innlenda framleiðslu, til þess væri hráefnið einfaldlegs of dýrt. Arðinn af þessum markaði ætti síðan að nota til að dekka halla kvótakerfisins á innanlandsmarkaði.

Hugmyndir á reiki

Í núgildandi samningi um starfsskilyrði nautgriparæktar er gert ráð fyrir að kvótakerfi í mjólkurframleiðslu verði aflagt árið 2021. Til að framlengja það, þarf að framlengja tilheyrandi lagaákvæði búvörulaga. Í þeim efnum er Alþingi einrátt. Sem aðlögun að breyttu umhverfi var ákvæði um innlausnarmarkað ríkisins sett í núverandi samning. Það var einungis hugsað í mjög stuttan tíma, til lengri tíma er það ekki á vetur setjandi. Samtök bænda hafa eytt talsverðu púðri og dýrmætum fjármunum í umfjöllun um hugsanlegt framtíðar fyrirkomulag aðilaskipta á greiðslumarki, þrátt fyrir að ekkert liggi fyrir um framtíð greiðslumarkskerfisins. Rannsóknamiðstöð HA var falið að gera tillögur í þá veru og skilaði um það skýrslu. Um þá skýrslu þarf ekki að hafa mörg orð: hún er að engu hafandi.

Samtök ungra bænda, sem eitt sinn ályktuðu til stuðnings núverandi samningi og áherslum hans, hafa nýverið ályktað sem svo að ríkisverð á greiðslumarki skuli vera tvöfalt afurðaverð. Forsvarsmenn greinarinnar lýsa því svo yfir, í heyranda hljóði, að kvótaverðið sé allt of lágt. Ýmsar aðrar hugmyndir hafa svo litið dagsins ljós; kvótaverði skal haldið föstu, og lágu (miðað við hvað?), en kvótanum skuli fylgja mikil réttindi og auknir fjármunir. Vandséð er hvernig slíkt á að ganga.

Það sem þó er lakast við flestar þessar tillögur, er að þær eru nær allar hugsaðar á forsendum þeirra sem eru búnir að koma sér vel fyrir í greininni, eða ætla út úr henni. Minna fer hins vegar fyrir greiningu á því hvað t.d. bóndi með nýbyggt fjós geti staðið undir í gerbreyttu samkeppnisumhverfi, þannig að stuðningsgreiðslurnar nýtist til að ná settum markmiðum í búvörusamningi; um lægra vöruverð, auðvelda nýliðun og endurnýjun framleiðsluaðstöðu. Það er líka hæsta máta sérstakt þegar því er haldið fram, að tengsl séu milli kvótakerfisins og jöfnunar flutningskostnaðar mjólkur. Staðreyndin er sú að jöfnun flutningskostnaðar var félagsleg ákvörðun bænda sem var tekin í kjölfar þess að mjólkuriðnaðurinn var sameinaður, kvótakerfið hafði þá verið við lýði í tvo áratugi. Þeirri ákvörðun er hægt að breyta strax á morgun og það kemur kvótakerfinu ekkert við.

Raunveruleg stefnumótun

Eftir tæpar þrjár vikur verða liðin þrjú ár frá því skrifað var undir núgildandi búvörusamninga. Ekki er hægt að segja að tíminn sem liðinn er hafi verið vel nýttur, hvorki í að útfæra ákvæði samningsins sjálfs, hvað þá að hugsa til næstu endurskoðunar árið 2023. Svo virðist sem þar hafi lítið verið haft fyrir því að fara yfir stöðu núverandi kerfa magn- og verðstýringar og þá miklu ágalla sem á þeim eru og þeirri gríðarlegu áhættu sem í því felst fyrir framtíð greinarinnar að framlengja þau óbreytt. Það vekur þó óneitanlega athygli, að í nýlegu samkomulagi um endurskoðun á samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar skuli framleiðslustýringarákvæði nautgriparæktarsamningsins, 6. gr. framleiðslujafnvægi, tekið nær orðrétt upp. Það kann að vera vísbending um það hvers má vænta af hálfu ríkisins í komandi endurskoðun á nautgriparæktarsamningi, hvað þann hluta varðar.

Við horfum nú fram á gjörbreytta tíma frá því sem áður hefur verið á íslenskum mjólkurvörumarkaði, tíma aukins frjálsræðis og harðnandi samkeppni. Þessar aðstæður krefja greinina um nýja hugsun og nýjar lausnir ef viðhalda á styrk, byggðafestu og fjölbreytileika greinarinnar. Þetta var þeim sem unnu að gerð núverandi samnings þá þegar ljóst og því er hann opinn fyrir nauðsynlegu samspili milli stuðningsgreiðslna ríkisins og þess jafnvægis sem er greininni svo mikilvægt. Meira um það síðar.

Jóhann Nikulásson
Sigurður Loftsson
Baldur Helgi Benjamínsson

UTAN ÚR HEIMI

Áhugavert safn af austur-evrópskum og rússneskum munum

Í bænum Marijampole í Litháen er áhugavert bílasafn sem hefur verið hugarfóstur Kestutis Kubilius í 30 ár og hefur hann notað hvern frítíma til að viða að sér, gera við og halda þeim munum sem eru á safninu til haga.

Hin síðari ár hafa margir vildarvinir gaukað að honum munum og þannig auðveldað honum söfnunina. Það sem ber hæst á safninu er án efa fjöldinn allur af bílum og mótorhjólum þar sem helst má sjá rússnesk og austur-evrópsk áhrif. Kestutis sagði við blaðamann Bændablaðsins á dögunum að hann mælti ekki með slíkri söfnunaráráttu við nokkurn mann og að hann væri heppinn með það hversu mikinn skilning fjölskylda hans hefur sýnt honum í gegnum tíðina, enda hlaupa vinnustundirnar við safnið á hundruðum klukkustunda. */ehg*

Kestutis Kubilius í bænum Marijampole í Litháen hefur safnað bílum, mótorhjólum, sjónvörpum, útvörpum og alls kyns smærri hlutum í 30 ár.

Rússnesk Volga, GAZ-21, árgerð 1959.

Mótorhjól fyrir hreyfihamlaða, þýskt Krause Piccolo Trump og 1958-árgerð.

Rússajeppi frá rússneska hernum, GAZ-69A, 1959-módelið.

Rússneskur gæðingur, Moskvic-407, 1960-árgerðin.

Skortir ríkisvaldið heildarsýn í landbúnaðarmálum?

„Mér hefur oft fundist að það sé lítil eða engin heildarsýn frá hendi ríkisins á hvaða vegferð það er eða hvers vegna það vill styðja við landbúnaðinn. Er greinin látin einhvern veginn velkjast um frá einum skerinu til annars," sagði Elvar Eyvindsson varaþingmaður í óundirbúnum fyrirspurnatíma á Alþingi, þriðjudaginn 22. janúar.

Hann beindi fyrirspurn sinni til Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra og spurði hvort hún gæti tekið undir það með sér að heildarsýn vanti. „Er hún tilbúin til að vinna að því að búa hana til og veita svo þá pólitísku forystu sem þarf til að draga þennan marghöfða þurs ríkisvaldsins að settu marki?" spurði Elvar.

Hann benti á máli sínu til stuðnings ákvarðanir stjórnvalda að leyfa stóraukinn innflutning á búvörum með tilheyrandi ógn við lýðheilsu og búfjárheilsu. „Án mikils fyrirvara og án þess að menn virðist hafa af því miklar áhyggjur, hvað þá tilburði til að aðhafast eitthvað, er opnað fyrir stóraukinn innflutning t.d. á kjöti frá löndum þar sem við vitum að aðhald og varúð er ekki viðhöfð í sama mæli og hér," sagði Elvar.

Elvar Eyvindsson, varaþingmaður.
Myndir / Alþingi

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Verðmæti matvælaframleiðslu mun aukast

Katrín sagðist fagna fyrirspurn Elvars og sagði Ísland eiga gríðarleg verðmæti í þeirri matvælaframleiðslu sem hér væri stunduð, hvort sem er í landbúnaði eða sjávarútvegi. „Ég tel að þau verðmæti eigi eftir að aukast enn meir. Af hverju segi ég það? Ég held að loftslagssjónarmið spili þar inn í. Við eigum að velta fyrir okkur hvert er kolefnisspor matvælanna sem við flytjum inn í landið og hvernig við getum stuðlað að því að við neytum fremur matvæla með minna kolefnisspor en meira. Þetta tengist auðvitað því sem hæstvirtur þingmaður nefndi um innflutning á matvælum."

Horfum á matvælaframleiðslu út frá lýðheilsusjónarmiðum

Katrín sagði að það ætti líka að horfa á matvælaframleiðslu út frá sjónarmiðum lýðheilsu. „Við vitum að stóru áhætturnar fram undan þegar kemur að heilbrigðismálum snúast einmitt um lýðheilsu, lífsstílssjúkdóma, og hvað við erum að borða og hvernig við erum að haga okkur. Þar eigum við líka gríðarleg verðmæti sem við getum aukið enn frekar með því að efla innlenda matvælaframleiðslu."

Nýsköpun og menntun í matvælaframleiðslu er mikilvæg

Hún sagðist vilja horfa á matvælastefnu fyrir Ísland, sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra vinnur nú að. Katrín nefndi líka að horfa ætti til nýsköpunar í matvælaframleiðslu og gera aukin verðmæti úr frumafurðunum sem við fáum úr innlendum landbúnaði og innlendum sjávarútvegi og nýta þá miklu þekkingu sem við eigum í nýsköpun og rannsóknum til að skapa aukin verðmæti. „Ég vil líka sjá aukna menntun á sviði matvæla því að ég held að við eigum alveg óteljandi tækifæri þegar kemur að því að byggja upp matvælaframleiðslu á Íslandi og fagna öllum þeim stuðningi sem við fáum við að vinna að því verkefni."

Eins og í ævintýrinu um Lísu í Undralandi

Elvar kom upp í pontu öðru sinni og lagði enn frekari áherslu á mikilvægi heildarsýnar og að stjórnvöld vissu hvert þau ætluðu og ættu að vinna samkvæmt því. „Mér finnst þetta stundum vera eins og hjá Lísu í Undralandi sem stóð á krossgötum og spurði hvert hún ætti að fara og vissi það ekki sjálf og þar með var alveg sama hvert hún fór. Hættan er sú að við endum bara einhvers staðar. Það er ekki góður endir."

Forsætisráðherra var fljót til svara. „Ég er nú bara heilluð af þessari síðustu líkingu og vona að ég sé ekki hjartadrottningin eða spaðadrottningin eða hvað það var sem hálshjó allar aðrar persónur í Lísu í Undralandi, sem var ein af mínum eftirlætissögum sem barn."

Opinber innkaup og minni matarsóun

Að því sögðu ítrekaði Katrín að verið væri að undirbúa stefnumótun í innlendri matvælaframleiðslu. Hún sagði mikilvægt að huga að fleiru en framleiðslunni. „Við þurfum til að mynda að huga að því hve hátt hlutfall þess sem við neytum er innlend matvæli. Ég vil líka nefna stefnu í opinberum innkaupum sem ætlað er að draga úr kolefnisfótspori vegna matvælaneyslu hjá hinu opinbera. Ég vil líka nefna matarsóun. Ég heimsótti ferðaþjónustufyrirtæki á Suðurlandi í síðustu viku. Þau hafa dregið úr matarsóun í sínum rekstri um 57% fyrir hvern gest. Þetta er það sem mér finnst frábært, að sjá einkaaðila stíga fram og taka forystuna með svona stefnu. Þetta sýnir mér hvað við eigum mikil tækifæri. Ég nefndi bara nokkra málaflokka hér áðan sem ég taldi að ættu að koma að þessu verkefni en þetta tengist líka atvinnugreinum á borð við ferðaþjónustu og tengist byggðamálunum eins og hæstvirtur þingmaður nefndi. Ég held að þetta eigi að vera verkefni okkar á næstunni, ekki síst út af stöðunni í loftslagsmálum," sagði Katrín Jakobsdóttir að lokum. /TB

FURÐUVÉLAR & FARARTÆKI

Samsettur Farmall þríburi sem Dewitt Steward frá Bolalusa í Los Angeles í Bandaríkjunum smíðaði. Hann var samsettur úr Farmall af árgerðum 1939 og 1946. Ekki var hann mikið notaður í heyskap heldur ferðaðist eigandinn með hann á sýningar um allar trissur. Hér er hann á tvöföldu að aftan.

Farmall þríburi

Í gegnum tíðina hafa menn tekið upp á ýmsu til að skapa öflugar dráttarvélar án þess þurfa að vera með stærri sprengihreyfla. Þar hafa menn einfaldlega soðið saman tvær eða fleiri vélar sem getur auðvitað skapað vandamál við að samhæfa aflið út í hjól. Gamli góði Farmallinn er þar engin undantekning.

Á síðari árum hafa menn einkum gert þetta sér til gaman fremur en að horfa í notagildið. Í ritinu Farm Show frá 2003 getur m.a. að líta grein sem segir frá þreföldum Farmall sem Dewitt Steward frá Bolalusa í Los Angeles setti saman. Áður hafði Steward smíðað tvöfaldan Farmall. Ekki er vitað til að verksmiðjur International Harvester (IH), sem smíðuðu McCormick Farmall, hafi nokkru sinni framleitt slíka gripi. Ekki er þá heldur að finna á yfirliti IH yfir dráttarvélaframleiðsluna frá 1950 til 1970.

Farmall þríburinn var gerður úr þremur uppgerðum Farmall dráttarvélum frá árunum 1939 og 1946. Samansoðnar vélarnar voru á fjórum hjólum og 3,5 metrar að breidd. Þennan þríhöfða þurs smíðaði Steward árið 1997 og var síðan að ferðast með hann á milli sýninga árum saman. Upp úr þessu brölti sínu náði hann samningi við Rawling nokkurn Williams um að smíða sams konar grip til að sýna á America's Old Iron Museum í Bush í Los Angeles.

Svona voru gírkassarnir settir saman og hægt að kúpla hverri vél út fyrir sig.



Steward er þó ekki sá eini sem dottið hefur í hug að setja saman svona fjölbura, því vitað er af slíkum Farmall grip sem smíðaður var úr elstu gerðum Farmall sem var á járnhjólum. Þessi samsetta vél er af gerðinni Farmall F-30 árgerð 1936, en Farmall mun fyrst hafa verið kynntur til sögunnar árið 1923.

Við smíði Steward þurfti hann að smíða frá grunni nýjan öxul sem var tengdur við gírkassann á miðjuvélinni. Hinar tvær vélarnar voru svo boltaðar þar utan á með gírkössum og öllu saman. Kúplingarnar voru svo samtengdar og ein eldsneytisgjöf var svo fyrir allar vélarnar. Samt gat hann kúplað miðjuvélinni frá og keyrt á hinum tveim eða keyrt á miðjuvélinni og kúplað hinum tveim frá. Vakti þessi samsetta vél mikla athygli hvar sem hann fór. Steward viðurkennir að þrefaldi Farmallinn hans hafi ekki verið sérlega lipur í keyrslu. */HKr.*

Þessi Farmall þríburi var smíðaður upp úr Farmall F-30 árgerð 1936, en um nánari deili á þessari sambyggðu dráttarvél er ekki vitað.

UTAN ÚR HEIMI

Julian Lechner hönnuður er hugmyndasmiður að kaffibollunum sem urðu til eftir nám hans á Ítalíu og þriggja ára þróunarvinnu.

Endurvinnanlegir og ilmandi kaffibollar

Fyrirtækið Kaffeeform í Berlín í Þýskalandi hefur kynnt á markað kaffimálið Weducer Cup sem er enginn venjulegur kaffibolli. Hér fara saman hönnun og sjálfbærni en bollinn er framleiddur úr kaffikorg og sérstökum efnasamböndum úr fjölliðum og ekki skemmir fyrir að það ilmar dásamlega af kaffi. Fyrirtækið hlaut Red Dot: Best Design Award í flokki efna og aðferða árið 2018 fyrir hönnun sína.

Kaffeeform er ungt fyrirtæki sem leggur áherslu á sjálfbæra hönnun og nýsköpun þar sem hugmyndin er að geta nýtt hráefni sem annars endar í ruslinu og ekkert verður úr. Um 600 billjón pappírs- og plastmál eru flutt heimshorna á milli á hverju ári og fæst þeirra eru endurvinnanleg og fara beint í venjulegt heimilissorp. Langflest þessara mála eru ekki búin til úr endurvinnanlegum trefjum eða pappír þannig að tré eru höggvin niður til að framleiða þau ásamt því að flest málin innihalda einhver plastefni og við framleiðsluna þarf að notast við hráolíu. Þar að auki koma plastlokin á málin sem eru ekki endurvinnanleg.

„Við höfum öll séð þessar sláandi myndir af plastdrasli sem flýtur um heimshöfin og á ströndum og jákvætt er hversu mikið meira þetta er í umræðunni nú en áður og það virðist vera að stjórnmálamenn séu jákvæðir fyrir því að taka á vandanum. Í nokkurn tíma hafa kaffiáhugamenn og hönnuðir verið uppteknir af því að finna hentugan og endurvinnanlegan kaffibolla sem fólk getur tekið með sér þegar það er á ferðinni af kaffihúsum," segir hönnuður bollans, Julian Lechner, og bætir við:

Kaffibollarnir eru léttir, endurvinnanlegir, má setja í uppþvottavél og ilma af kaffi.

„Ég var við nám á Ítalíu og gat ekki hætt að hugsa um að gera eitthvað slíkt sem var algjörlega nýtt. Eftir þriggja ára rannsóknar- og þróunarvinnu varð Kaffeeform til úr endurnýttum kaffikorg en hér er ný aðferð notuð til að búa til algjörlega nýja vöru úr gömlu kaffi. Allir bollarnir sem við framleiðum, fyrir espresso, cappuccino og venjulegt kaffi hafa áferð af dökkum harðviði, þeir lykta af kaffi, eru mjög léttir, hægt er að setja þá í uppþvottavél og þeir vara lengi. Þeir virka vel og það er auðvitað aðalatriðið. Núna erum við að kanna nýja möguleika á að skipta út plasti sem framleidd er úr jarðefnum með okkar einstöku vistfræðilegu blöndu svo þróunarvinnan er hvergi nærri hætt hjá okkur." */ehg*

Kaffimálin Weducer Cup frá þýska fyrirtækinu Kaffeeform eru búnir til úr kaffikorg og eru 100 prósent endurvinnanlegir.

BÆKUR & MENNING

Góðborgarar grænkerans

– og annarra sem unna góðum borgurum

Hjá mörgum er nú tími yfirbótar og hreinsunar í mataræði eftir óhóf jólahátíðarinnar og áramótanna með tilheyrandi kjötátsæði.

Fyrir þá sem vilja taka aðeins til í sínu mataræði en samt leyfa sér góðan, hollan og vandaðan borgara án þess að fá samviskubit, gæti matreiðslubókin Góðborgarar eftir Ninu Olsson verið málið, þar sem lögð er áhersla á grænmetisborgara í fjölmörgum girnilegum tilbrigðum. Það er bókaforlagið Angústúra sem gefur bókina út og Helga Soffía Einarsdóttir þýðir.

Kaflaskipt eftir heimshlutum

Í bókinni er að finna uppskriftir að næringarríkum grænmetisborgurum, brauði, sósum og ýmsu hnossgæti. Bókinni er skipt upp í kafla eftir heimshlutum og er í hverjum þeirra að finna einkennandi bragð og keim fyrir hvern þeirra. Nina gefur einnig grunn að góðum grænmetisborgara fyrir þá sem vilja hanna sinn eigin.

Borgarar við allra hæfi

Borgararnir eru fjölbreyttir og girnilegir og ættu að höfða til þeirra sem borða kjöt eins og hinna sem vilja sneiða hjá því.

Nina Olsson heldur úti vefnum Nourishatelier.com til að deila ástríðu sinni fyrir grænmetisfæði. Hún er fædd og uppalin í Svíþjóð en býr núna í Hollandi. Hún hefur unnið í rúmlega tíu ár á skapandi hátt með mat og hlotið verðlaun sem listrænn stjórnandi, stílisti og hönnuður.

Grillborgari

Svartbaunir / Karamellugljáður laukur / Grillsósa

Grillborgarinn sækir innblástur

til Rómönsku-Ameríku með svartbaunum og chilipipar.

Svartbaunir og hrísgrjón gera klattana fastari í sér og það má leika sér með að nota mismunandi krydd. Þið getið prófað ólíkar tegundir af chilipipar, hér nota ég ancho-pipar. Ancho er þurrkað afbrigði af poblano-piparnum frá Mexíkó. Hann er frekar mildur en veitir akkúrat nógu mikið bit til að gera borgarann áhugaverðan. Berið fram löðrandi í sætri og reyktri appelsínu-grillsósu, með karamellugljáðum lauk og, ef þið viljið gera sérstaklega vel við ykkur, með sneið af hörðum, þroskuðum osti.

Klattarnir

- 300 g svartar baunir úr dós, skolaðar, sigtaðar og stappaðar með gaffli
- 2 hvítlauksgeirar, marðir
- 200 g sveppir, skornir
- 2 msk. ólífu- eða jurtaolía
- ¾ tsk. salt, meira eftir smekk
- 50 g valhnetur, muldar
- 100 g panko-raspur eða venjulegur brauðraspur
- 50 g soðin hýðishrísgrjón
- 2 msk. næringarger eða rifinn
- parmesan-ostur
- 1 msk. sinnep
- 1 msk. balsamikedik
- 1 tsk. ancho-chiliduft eða annars konar chili
- 1 tsk. milt chiliduft
- ¼ tsk. malaður svartur pipar
- 4 brauð, skorin til helminga og léttristuð á grillinu

Ofanálag

- Appelsínu-grillsósa
- 4 sneiðar af osti eða vegan-osti
- Karamellugljáður laukur

Aðferð

1. Hitið ofninn í 220°C. Setjið bökunarpappír í ofnskúffu og setjið í hana baunirnar, hvítlaukinn og sveppina. Úðið olíu og sáldrið salti yfir. Bakið í 20 mínútur, gætið þess að snúa öllu við eftir 10 mínútur. Takið úr ofninum. Stappið hvítlaukinn með gaffli og saxið laukinn smátt. Setjið í stóra skál og blandið restinni af hráefnunum í klattana saman við.
2. Stillið matvinnsluvél á púls og blandið deigið í skömmtum þangað til áferðin er gróf, kornótt og klístruð. Smakkið til og saltið og piprið eftir þörfum. Látið standa í kæli í 15–30 mínútur eða allt að sólarhring undir loki. Ef þið eruð með útigrill skuluð þið stilla það á meðalháan hita.
3. Skiptið deiginu í fernt og mótið fjóra klatta. Salt og pipar eftir smekk. Setjið klattana á grillið í u.þ.b. 2 mínútur á hvorri hlið þangað til þeir eru fallega brúnir, eða grillið lengur ef þið óskið eftir meira grillbragði. Hægt er að steikja klattana á pönnu eða baka þá í 15–20 mínútur í 200°C heitum ofni.
4. Takið klattana af grillinu og setjið þá á brauð með ofanálagi og sósu.

Gerir fjóra borgara. */smh*

MAST Matvælastofnun

Umsóknir um styrki vegna vatnsveitna á lögbýlum

Í samræmi við reglugerð um framlög úr *Jöfnunarsjóði* sveitarfélaga til vatnsveitna á lögbýlum nr. 180/2016 skal umsóknum um stuðning skilað inn rafrænt á Bændatorginu eigi síðar en **1. mars 2019.**

Umsóknarfrestur verður ekki framlengdur.

Fylgigögn sem skila þarf með umsókn eru:

a. Mat Búnaðarsambands á þörf býlis fyrir framkvæmd.
b. Kostnaðar- og framkvæmdaráætlun.
c. Sé um byggingu að ræða skulu fylgja teikningar.

Stuðningur fyrir hvern framkvæmd getur að hámarki numið 44% af stofnkostnaði við vatnsveitu til heimilis- og búsþarfa.

Bændablaðið
á bbl.is og líka á Facebook

HELSTU NYTJAJURTIR HEIMSINS

Ópíumvalmúi er falleg planta sem á sér langa og skrykkjótta sögu.

Ópíumvalmúi – líkn og dauði

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is

Valmúi hefur verið ræktaður í margar aldir og saga plöntunnar er skrykkjótt en merkileg. Úr plöntunni er unnið ópíum og ópíumtengd efni sem notuð eru til lækninga úr ópíuminu en einnig sem nautnalyf með skelfiegum afleiðingum. Fræ plöntunnar eru best þekkt hér sem birkifræ á birkirúnstykkjum. Auk þess sem valmúaolía er unnin úr fræjunum.

Nánast er ómögulegt að gera sér grein fyrir því hversu mikil ræktun á valmúa er í heiminum. Stór hluti valmúaræktunar til ópíumframleiðslu er ólögleg en sá hluti hennar sem er löglegur er nýttur til lyfjagerðar. Áætluð heimsframleiðsla á ólöglegu ópíum árið 2017 var ríflega tíu þúsund tonn. Mest er framleiðslan í Gullna hálfmánanum í Mið-Asíu og í Gullna þríhyrningnum í Suðaustur-Asíu. Auk þess sem talsvert er framleitt af ópíum í Mexíkó og Kólumbíu.

Ástralía, Tyrkland og Indland eru stærstu framleiðendur löglegs ópíums í heiminum.

Heimsframleiðsla á valmúafræjum í heiminum árið 2016 er áætluð 92,6 tonn. Tékkland var stærsti framleiðandi það ár og framleiddi tæp 28,6 tonn, Tyrkland var í öðru sæti með rúm 18,2 tonn, Spánn framleiddi tæp 13,4 tonn, Ungverjaland rúm 8,9 og Frakkland um 5,8 tonn.

Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands voru flutt inn rétt rúm 1,9 tonn af valmúafræjum árið 2017. Mestur var innflutningurinn frá Danmörku, 976 kíló og 363 kíló frá Tékklandi. Einnig er talsvert flutt inn af ópíumtengdum lyfjum í lækningaskyni og einnig ólöglega til sölu á svörtum markaði.

Valmúi skorinn til ópíumframleiðslu.

Ættkvíslin Papaver og draumsóley

Hátt í eitt hundrað tegundir eins-, tví- og fjölærra plantna tilheyra ættkvíslinni Papaver. Allar eru þær fremur harðgerðar og finnast á norðurhveli jarðar. Tegundirnar eru misjafnar að hæð og allt frá því að vera um tíu og yfir 100 sentímetrar að hæð og flestar eru þær með hærðan stöngul. Þegar valmúar blómstra fellir blómknúppurinn tvær áberandi blómhlífar. Krónublöðin þunn fjögur til sex, rauð, hvít, bleik, gul og lillablá. Blómið tvíkynja og frævan og frævlarnir eru áberandi. Fræhirslan er brúnn hærður baukur sem inniheldur fjölda fræja sem losna auðveldlega eftir að þau hafa náð þroska.

Kínverskir ópíumneytendur við upphaf síðustu aldar.

Fulltrúi ættkvíslarinnar í flóru Íslands kallast melasól, P. radicatum og er milli 5 og 20 sentímetra há og ber skærgul, hvít og bleik blóm. Hvít og bleik litarafbrigði eru alfriðuð. Eitt af alþýðuheitum plöntunnar er draumsól og sagt er að hún bæti svefn. Garðasól, P. nudicaule, er algeng garðplanta hér og finnst einnig sem slæðingur og til í mörgum litum. Plantan er víða erlendis kennd við Ísland, Icelandic Poppy á ensku og Isländischer Mohn á þýsku. Í görðum má einnig finna risasól, eða tyrkjasól, P. bracteatum, og risavalmúa, P. orientale, sem nær allt að metra á hæð. Auk annarra valmúategunda sem ræktaðar eru til skrauts.

Ópíumvalmúi

Plantan sem ópíum og birkifræ, eða birkens, er unnið úr kallast P. somniferum á latínu en ópíumvalmúi á íslensku. Einær og sterkleg planta sem nær um eins metra hæð og með grágræna áferð. Stöngull og blöð grófhærð. Laufblöðin stór flipuð, saxtennt og umvefur blaðhálsinn stöngulinn. Blómin þrír til tíu sentímetrar í þvermál og krónublöðin yfirleitt hvít eða hvít en einnig bleik, lillablá eða hvít með rauðu í. Aldinið stór hárlaus kúlu- eða hnattlaga baukur, fjórir til níu sentímetrar að hæð og breidd og með kórónu á toppnum. Fjöldi fræja þroskast í bauknum. Í plöntunni allri en aðallega aldininu er hvítur mjólkursafi sem hráópíum er unnið úr.

Svíinn Carl Linnaeus var fyrstur til að lýsa plöntunni í bók sinni Species Palntarum sem kom út árið 1753.

Í dag er til fjöldi ræktunarafbrigða og yrkja af ópíumvalmúa sem hvert um sig er notað til sérhæfðrar ræktunar. Valmúi sem ætlaður er til ópíumframleiðslu ber lítið af fræjum og valmúi sem ætlaður er til framleiðslu á fræ inniheldur lítið

af ópíumi og plöntur sem seldar eru til skrauts innihalda ekki þau efnasambönd sem þarf til framleiðslu á ópíumi. Séreiginleikum ólíkra afbrigða hefur verið náð fram með kynbótum og nýjustu erfðatækni.

Bann og ekki bann

Það hvort afbrigði plöntunnar framleiða eða framleiða ekki ópíum skiptir máli víða um heim þegar kemur að því hvort rækta megi plöntuna eða ekki.

Reynt var að setja lög í Evrópusambandinu sem bönnuðu einstaklingum alfarið að rækta P. somniferum. Íbúar víða í Austur-Evrópu, þar sem neysla á fræjunum er mikil, mótmæltu banninu harðlega, auk þess sem fólk sem ræktaði plöntuna til skrauts taldi bannið fráleitt og lögin gengu aldrei í gildi. Þrátt fyrir það gilda í sumum löndum Evrópusambandsins reglur um ræktun plöntunnar og stundum þarf leyfi til að rækta hana á skika umfram ákveðna stærð.

Aftur á móti bíður þeirra sem eiga valmúafræ, hvað þá rækta hann, í Singapúr, Sameinuðu arabísku furstadæmunum eða Sádi-Arabíu löng fangelsisvist.

Dæmi um yrki af ópíumvalmúa sem framleiða ekki ópíum eru 'Sujata' og 'Danish Flag'.

Bandarískur hermaður á valmúaakri í Afganistan.

Ópíum í þýskum neytendaumbúðum frá um lok átjándu aldar.

Saga valmúaræktunar

Úr ópíumvalmúa er unnið ópíum og önnur ópíöt eins og heróín, morfín, kódein, metadón, og oxycodone. Flest þessi efni eru notuð til lækninga en einnig misnotuð sem nautnalyf með hræðilegum afleiðingum. Einnig er plantan ræktuð til fræframleiðslu og fræin notuð sem krydd við bakstur, auk þess sem plantan er ræktuð til skrauts.

Erfitt er að segja um upprunaleg heimkynni plöntunnar þar sem plantan hefur verið lengi í ræktun og ræktunarsvæði hennar stór en líklegast er það í löndunum við botn Miðjarðarhafsins.

Myndir af fræbelgjum valmúaplöntunnar eru þekktar sem skreytingar á nytjamunum Súmverja sem voru uppi um 4000 árum fyrir Krist. Súmverjar litu á valmúa sem plöntu sem veitti gæfu og Asseríumenn kölluðu hana blóm lífsins eða blóm gleðinnar og notuðu rótina sem samfarastyrkjandi.

Mínóísk menning á eyjunni Krít, 2700 til 1450 fyrir Krist, þekkti til ópíums og kallaði mjólkursafa plöntunnar opion. Krítverjar tilbáðu einnig eins konar valmúagyðju sem réði svefn og dauða.

Valmúaleifar hafa fundist í egypskum grafhýsum frá árinu 1000 fyrir okkar tímatal. Grikkinn Hippocrades leit á ópíum sem lyf til lækninga og sagði það gott við astma, kviðverkjum og sjóndepru. Grikkir tengdu ópíum við svefnguðinn Hypnos og son hans, Morfeus, guð undirheima, svefns og drauma. Þanos, hálfsystir Morfeusar, er stundum tengd valmúa og svefni.

Rómverjinn Pliny segir að fólk löngu fyrir hans tíma hafi neytt valmúafræja með hunangi.

Valmúafræ hafa fundist meðal mannvistarleifa sem taldar eru vera yfir 4000 ára gamlar við fornleifarannsóknir á Spáni, Norður-Afríku og suðurhluta Frakklands.

Í plöntunni allri en aðallega aldininu er hvítur mjólkursafi sem hráópíum er unnið úr.

Ópíumstríðin

Breska heimsveldið og Kínverjar áttu í deilum vegna verslunar Breta með ópíum í Kína á átjándu og nítjándu öld. Deilurnar, sem voru á köflum harðar, kallast fyrra og seinna ópíumstríðið. Tilefni deilnanna var að Kínverjar vildu stöðva verslun Austur-Indíafélagsins með ópíum til Kína.

Eftirspurn eftir silki, postulíni og te var mikil í Evrópu á 17. og 18. öld og verslun með vörur milli breska heimsveldisins og Qing keisaradæmisins var Bretum í óhag.

Á síðust áratugum 18. aldar hóf Austur-Indíafélagið að smygla miklu magni af ópíum frá Indlandi til Kína og um 1770 hafði fyrirtækið ná yfirburðum á þeim markaði. Aðferð fyrirtækisins við smyglið var að flytja ópíumið til fríhafna í Kína og þaðan var því smyglað um landið af innfæddum. Eftirspurn eftir ópíum í Kína var takmarkalaus og ágóði fyrirtækisins af sölu þess gríðarlegur. Á sama tíma óx fíkn í ópíum í Kína og varð sífellt alvarlegra þjóðfélagsmein. Embættismenn í landinu virtust sérlega útsettir fyrir ópíum og sífellt fleiri urðu efninu að bráð og talið að hátt í 12 milljón manns hafi látist af völdum ópíums sem smyglað var til Kína.

Verslun með ópíum til Kína á þessum tíma var svo ábatasöm að Bandaríkjamenn sáu sér leik á borði og fluttu það frá Tyrklandi til Kína. Atkvæðamestur í þeim viðskiptum mun hafa verið langalangafi Roosevelt Bandaríkjaforseta.

Um miðjan fjórða áratug 19. aldar sendi keisarinn í Kína bréf til Viktoríu Bretadrottningar og bað hana að sjá til þess að smyglinu yrði hætt en drottningin hunsaði bréfið. Árið 1839 hafnaði keisarinn boði Breta um að ópíum yrði gert löglegt í Kína og greiddur skattur af því eins og hverri annarri vöru. Í kjölfarið fyrirskipaði keisarinn flota sínum að stöðva smyglið og gera allt ópíum í landinu upptækt. Bretar töpuðu miklu á aðgerðum Kínverja en héldu uppteknum hætti. Sama ár sendu Bretar hluta flotans til Kína til að gæta hagsmuna Austur-Indíafélagsins og heimsveldisins. Árið 1842 kom til átaka milli ríkjanna þar sem kínversku herskipi var sökkt. Sama ár var keisarinn neyddur til að skrifa undir svokallaðan Nanking-samning þar sem Bretar fengu yfirráð yfir Hong Kong og Kínverjum gert skylt að greiða gríðarlegar skaðbætur. Bretar tryggðu sér yfirráð yfir Hong Kong til 99 ára í samningi sem var gerður árið 1898. Hong Kong fór aftur undir kínversk yfirráð 1987.

Valmúagyðjan frá Krít.

Seinna ópíumstríðið, 1856 til 1860, snerist um tilraun Breta til að gera ópíum löglegt í Kína, auka og tryggja viðskipti sín í landinu. Brölt Breta mætti mikilli andstöðu í Kína, ekki síst þar sem Nanking-samningurinn þótti vægast sagt óréttlátur. Frakkar gengu í lið með Bretum og hugsuðu sér eflaust gott til glóðarinnar með viðskipti í Kína, auk þess sem Bretar óskuðu eftir stuðningi Rússlands og Bandaríkjanna vegna aðgerða sinna í Kína.

Árið 1856 gerði breska herskipið Arrow árás á hafnarborgina Canton og hertók hana. Nokkrum sinnum kom til vopnaðra átaka milli Breta og Frakka saman gegn Kínverjum, meðal annars við Taku-virkið sem stendur við ána Hai og ætlað að fylgjast með skipaferðum um ána. Kínverjar töpuðu stríðinu og varð það til að opna fyrir verslun Vesturlanda í landinu.

Breski þingmaðurinn William Gladstone og síðar forsætisráðherra var alla tíð andvígur verslun Breta í Kína og hélt margar ræður þar sem hann mótmælti henni og kallaði skömm Breta og svívirðu gagnvart Kína sem seint mundi gleymast. Hann gekk svo langt að segja að hefnd Guðs væri óhjákvæmileg hættu Bretar ekki að smygla ópíum til Kína. Andstyggð Gladstone stafaði af því að hann horfi á systur sína verða efninu að bráð.

Valmúafræ þekkjast meðal annars sem birkifræ á rúnstykkjum.

Svefnlyf fyrir börn

Ópíumneysla var gríðarlega mikil í Evrópu og Bandaríkjunum vel fram á síðustu öld. Breskir verkamenn og -konur í verksmiðjum og námum í upphafi iðnbyltingarinnar gáfu ungum börnum iðulega ópíumdropa svo að þau svæfu á meðan foreldrarnir voru í vinnunni. Í Bandaríkjunum var hægt að kaupa ópíumdropa í apótekum eða panta eftir póstlistum og fá senda heim fram á fyrstu áratugi tuttugustu aldarinnar.

List, bókmenntir og ópíum fólksins

Í evrópskri miðaldamyndlist er rauður valmúinn vísun til líkama og blóðs Krists, uppréttur stöngullinn er líkaminn en rauð krónublöðin tákna blóðið.

Rauður valmúi er víða minningartákn þeirra sem létust í heimsstyrjöldinni fyrri og rauður pappírsvalmúi borinn sem barmmerki á ákveðnum dögum til að minnast þeirra.

Breski rithöfundurinn Tomas de Quincey sendi árið 1822 frá sér bókina Confessions of an English Opium Eater, þar sem hann lýsir ópíumfíkn sinni. Margir átjándu og nítjándu aldar rithöfundar notuðu ópíum sem innblástur við skriftir að eigin sögn og má þar nefna bresk höfuðskáld, Samuel Taylor Coleridge, John Keats, Percy Shelley, Sir Walter Scott, Elizabeth Browning og Lord Byron.

Franska tónskáldið Berlioz notaði ópíum þegar hann samdi Symphonie Fantastique. Í sögu verksins deyr ungur listamaður af völdum ópíums.

Árið 1987 gerði fíkniefnalögregla Bandaríkjanna upptæka valmúaplöntur í Monticello-garði Tómasar Jefferson, þriðja forseta Bandaríkja Norður-Ameríku. Plöntunum hafði verið viðhaldið í garðinum frá því um 1780 og mun Jefferson hafa unnið úr þeim ópíum til eigin neyslu. Í aðgerð fíkniefnalögreglunnar voru einnig gerð upptæk fræbréf með fræjum úr garðinum og bolir með áprentuðum myndum af plöntunum sem voru til sölu í gjafavöruverslun garðsins.

Í kvikmyndinni Galdrakarlinn í Oz er atriði þar sem Dóróthea og fylgdarsveinar hennar fara yfir valmúaakur þar sem Dóróthea, Tótó og Ljóni falla í svefn.

Karl Marx kallaði trúarbrögð ópíum fólksins og átti þar við að trúarbrögð slævðu hugsunina alveg eins og ópíum og væru þess valdandi að fátæklingar sættu sig við hlutskipti sitt í stað þess að rísa upp gegn kúgun auðvaldsins og valdastéttanna.

Fræ og olía

Auk þess sem valmúafræ eru notuð sem krydd meðal annars við brauðgerð og bakstur er unnin úr þeim olía og fræmauk. Valmúafræ eru lítil, innan við millimetri að lengd og nýrnalaga og þarf um eina til 1,3 milljón fræja í kílóið.

Nafnaspeki

Ættkvíslarheitið Papaver er gamalt latneskt heiti sem er hugsanlega dregið af forn-indóevrópsku orði yfir eld. Tegundaheitið somniferum þýðir svefn á latínu.

Heitið ópíum er upprunalega grískt, opion eða opós, sem þýðir jurtasafi.

Heitið birkems, sem víða er notað yfir fræin, er upprunalega jiddískt orð sem þýðir blessun og notað í sambandi við sabbatbrauð, sem er stráð með valmúafræjum.

Valmúi á Íslandi

Í Ný félagsrit frá 1841 um blóðtöku í sambandi við drykkjuskap: „Sá er einn sjúkdómur, er mjög á náskylt við heilabólgu, en það er drykkju æði af völdum brennivíns ofdrykkju; byrjar það með þrálátu svefnleysi, handaskjálfta og hristingi á öllum kroppnum, er við því þörf góðrar blóðtöku, einkum ef sjúklingur er blóðmikill, og hefir blóðsókn að höfði, þá skal einnig leggja kalda bakstra á höfuðið og gefa svefnjurtardropa (ópíum, 30 til 40 dropa í senn), svo hann geti fengið vær. Leita skal læknis þegar, ef þess er kostur.“

Ópíumvalmúi finnst sums staðar í görðum á Íslandi en ólíklegt er að að hann framleiði ópíum að nokkru ráði. Til þess er vaxtartíminn of stuttur og aðstæður hér langt frá því að vera ákjósanlegar fyrir plöntuna og því engin ástæða til að draga garðeigendur til saka fyrir ræktunina.

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Afkvæmarannsóknir í sauðfjárrækt 2018

Eyþór Einarsson
ábyrgðarmaður í sauðfjárrækt
ee@rml.is

Eitt af þeim verkefnum sem ræktunarstarfið í sauðfjárræktinni byggir á eru afkvæmarannsóknir á hrútum, þar sem bændur bera hrúta sína saman innan búa. Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum frá síðasta hausti.

Umfang afkvæmarannsókna og þátttökuskilyrði

Það voru 75 bú sem uppfylltu skilyrði um styrkhæfa afkvæmarannsókn haustið 2018. Alls eru í þessum uppgjörum 750 hrútar og þar af 446 veturgamlir. Þetta eru örlítið færri bú en í fyrra en talsvert fleiri hrútar, en þá voru 82 afkvæmarannsóknir sem innihéldu 638 hópa og 377 veturgamla hrúta.

Kröfurnar voru óbreyttar frá fyrra ári, þ.e.a.s. að í samanburði þurfa að vera a.m.k. 5 hrútar, hver þeirra þarf að eiga að lágmarki upplýsingar um 8 ómmæld og stiguð lömb og 15 lömb með kjötmatsniðurstöður. Af þessum 5 hrútum þurfa að lágmarki 4 að vera veturgamlir en styrkir greiðast eingöngu út á veturgamla hrúta. Markmiðið með þessum afkvæmarannsóknum er að hvetja til notkunar á lambhrútum og fá sem bestan dóm á þá veturgamla m.t.t. skrokkgæða. Mikilvægi ómmælingahlutans felst m.a. í því að þar fæst besta hlutlæga mælingin á vöðvaþykkt sem við getum hagnýtt okkur með góðu móti og í gegnum þær er einnig markvisst unnið að því að bæta verðmætasta hluta skrokksins. Stífar kröfur eru ekki gerðar varðandi framkvæmd afkvæmarannsókna og því er mismikið hægt að byggja á niðurstöðum þeirra eftir því hversu sambærilegir hóparnir eru. Mælst er til þess að bændur prófi á skipulagðan hátt ákveðna hrúta, s.s. lambhrútana í samanburði við besta fullorðna hrútinn og leggi þá áherslu á að hafa ærhópana og haustmeðferð afkvæmanna sem líkasta.

Margir öflugir hópar og athyglisverðir hrútar

Margir glæsilegir afkvæmahópar koma fram vítt og breytt um landið. Bakvöðvaþykkt hjá meðalafkvæmahópnum var 28,9 mm, gerð í sláturhúsi 9,7, fitueinkunn 6,6 og fallþungi 17,3 kg. Samanborið við síðasta ár er meðalhópurinn vænni, feitari, með þykkari bakvöðva en gerðareinkunn þó sú sama og árið 2017. Þá var meðaltalið fyrir bakvöðva 28,7 mm, gerðareinkunn 9,7, fitueinkunn 6,4 og fallþungi 16,9 kg.

Umfangmestu afkvæmarannsóknirnar voru á Brúnastöðum í Fljótum og á Mýrum 2 í Hrútafirði þar sem 22 hrútar voru í samanburði. Flestir veturgamlir hrútar voru prófaðir á Mýrum 2 en þar voru 18 veturgamlir hrútar í samanburði auk eldri hrúta í sameiginlegri prófun hjá Ástu Böðvarsdóttur og þeim Böðvari Sigvalda og Ólöfu.

Ef skoðaðir eru feður þeirra hrúta sem ná 110 stigum í heildareinkunn eða þar yfir þá á Börkur 13-952 frá Efri-Fitjum flesta eða fimm og síðan eiga þeir fjóra syni hver, þeir Burkni 13-951 frá Mýrum 2, Dreki 13-953 frá Hriflu og Ebiti 13-971 frá Melum. Það eru 82 sæðingastöðvahrútar sem eiga syni í þessum afkvæmarannsóknum en stöðvahrútarnir eru feður ríflega helmings hrútanna.

Af einstökum hrútum

Listi yfir þá hrúta sem mest hafa skarað fram úr er í meðfylgjandi töflu, raðað eftir heildareinkunn. Heildareinkunn hvers hrúts byggir á þremur þáttum sem allir hafa jafnt vægi, en það er einkunn fyrir mat á lifandi lömbum þar sem ómmælingar spila lykilhlutverk, einkunn fyrir kjötmat þar sem jafnt vægi er á gerð og fitu og einkunn fyrir fallþunga. Þessar einkunnir byggja á samanburði innan hvers bús og verður því að horfa á þær með það í huga. Í samanburði þar sem hrútar eru býsna jafnir getur verið að þeir séu allir mjög öflugir eða í raun enginn þeirra. Hrútar sem sýna mikið útslag í þessum afkvæmarannsóknum eru í öllu falli athyglisverðir gripir.

Sá hrútur sem gerir mest útslag samkvæmt heildareinkunn er **Spakur 16-302**, staðsettur í Innri-Múla, Barðaströnd. Þessi hrútur var einnig með hæstu heildareinkunn allra hrúta á síðasta ári og staðfestir því rækilega yfirburði sína í þessari hjörð. Spakur er kaupahrútur frá Broddanesi 1, sonur Svala 14-071 og dóttursonur Dabba 10-162 sem báðir hafa reynst fyrna sterkir lambafeður. Árangur Spaks skilar honum ofurkynbótaeinkunn í BLUP kynbótamati fyrir gerð sláturlamba en þar stendur hann með 145 stig. Sá hrútur sem kemur annar í röðinni samkvæmt heildareinkunn er **Svimi 17-062** frá Ketilseyri, Dýrafirði og er hann jafnframt sá veturgamli hrútur sem mesta yfirburði sýnir í þessum afkvæmarannsóknum í ár. Svimi á hér tiltölulega ungan og jafnframt glæsilegan afkvæmahóp. Faðir Svima, Nagli er 15-071 er frá Borg/Mjólkárvirkjun undan Gutta 12-030 frá Bolungarvík sonar Gosa 09-850 frá Ytri-Skógum. Þriðji efsti hrúturinn er frá Bárðartjörn í Grýtubakkahreppi, **Hreinn 16-451**. Í þeim hrút rennur einnig Ytri-Skógablóð en hann er sonur Svima 14-956. Hreinn sýndi líka mikið útslag veturgamall. Í fjórða sæti á listum er Saumur 16-116 frá Melum á Fljótsdalshéraði. Þar er áfram Ytri-Skógablóð en hann er sonur Saums 12-915. Í móðurætt er hann komin út af Neista 06-822 frá Heydalsá og er því blandaður af hyrndu og kollóttu fé. Í þessum samanburði eru kollóttir hrútar í aðalhlutverki en það er ekki óalgengt að hyrndir hrútar hafi forskot þegar kemur að bakvöðvamælingum í slíkum samanburði. Fimmti hrúturinn í röðinni er frá Hraunsmúla í Kolbeinsstaðahreppi, **Gyllir 17-554**. Hann er einnig út af Saumi 12-915 en faðir hans, Harðangur 4 15-553, sem stóð efstur í afkvæmarannsókn í Hraunsmúla 2017, er sonur Saums 12-915 frá Ytri-Skógum.

Þessu til viðbótar má nefna nokkra hrúta sem vekja athygli. **Landi 17-058** í Hriflu er með aðra hæstu einkunn út úr kjötmatshlutanum á eftir Hreini frá Bárðartjörn. Landi er fæddur í Landamótsseli, sonarsonur Dreka 13-953 og sameinar hann frábærlega góða gerð og hóflega. Þrír hrútar eiga afkvæmahópa sem ná 12,5 í einkunn fyrir gerð sláturlamba en það eru **Greifi 16-043** og **Javi 14-014** frá Litlu-Reykjum í Suður-Þingeyjarsýslu og **Beitir 15-076** frá Broddanesi á Ströndum. Greifi er í föðurætt frá Bjarnastöðum í Öxarfirði en rekur ættir í Fannar 07-808 frá Ytri-Skógum. Javi er hinsvegar undan Saumi 12-915 frá Ytri-Skógum og því vart hægt að segja annað en að öll vötn falli hér til Ytri-Skóga og undirstrikar hve öflugt það fé er m.t.t. skrokkgæða. Beitir er síðan af hinum öfluga kollótta meiði í Broddanesi sonur Djákna 13-065. Það eru einnig þrír hrútar sem eiga afkvæmahópa sem standa efstir og jafnir fyrir bakvöðvaþykkt þar sem meðaltal afkvæmanna var 33 mm þykkur bakvöðvi. Það eru **Guðni Már 17-091** frá Broddanesi, **Steinríkur 16-242** frá Skerðingsstöðum í Hvammssveit og **Ýmir 17-193** frá Gillastöðum í Laxárdal. Faðir Guðna Más er öflugur heimahrútur Glæsir 16-081. Steinríkur er sonarsonur Saums 12-915 en Ýmir er kollóttur hrútur sonur Yls 14-522 frá Hróðnýjarstöðum. Mest útslag í fallþunga gerir **Boði 17-056** í Efri-Rauðsdal, Barðaströnd. Hann er frá Broddanesi sonur Beitis 15-076 sem getið er hér að ofan. Sá hrútur sem hinsvegar á þyngsta afkvæmahópinn ber hið fróma nafn Kerlingafjallaafleggjari nr. 17-240 frá Gýgjarhólskoti en meðalfallþungi afkvæma hans var 25,7 kg. Hann er skyldleikaræktaður út af Guðna 09-902 frá Mýrum 2.

Niðurstöður allra afkvæmarannsókna eru aðgengilegar inn á www.rml.is og þeim fylgja að vanda umsagnir sem ritaðar hafa verið sauðfjárræktarráðunautum.

1. tafla. **Hrútar í afkvæmarannsóknum 2018 með yfri 120 stig í heildareinkunn**

Býli	Nafn	Númer	Faðir	Faðir Númer	Eink. Fallþ.	Eink. kjötmat	Eink. líflömb	Eink. Heild	Fallþ.	Gerð	Fita	Ómv.	Ómf.	Læri	Aldur
Innri-Múli, Barðaströnd	***Spakur***	16-302	Svali	14-071	127	140	163	**143,3**	18,7	11,8	6,7	29,2	3,3	17,7	145,0
Ketilseyri, Dýrafirði	***Svimi***	17-062	Nagli	15-071	120	135	144	**133,3**	18,8	11,8	7,5	30,1	3,2	17,9	127,7
Bárðartjörn, Grýtubakkahreppi	***Hreinn***	16-451	Svimi	14-956	100	154	127	**126,8**	15,8	10,3	5,5	29,3	2,5	17,3	139,0
Melar, Fljótsdalshéraði	***Saumur***	16-116	Saumur	12-915	91	139	146	**125,6**	16,0	9,6	5,4	30,8	2,7	17,9	133,2
Hraunsmúli, Kolbeinsstaðahreppi	***Gyllir***	17-554	Harðangur 4	15-553	105	124	147	**125,2**	16,1	9,6	5,2	29,5	2,3	17,4	140,9
Grænahlíð, Arnarfirði	***Lárus***	15-567	Gutti	12-030	84	143	145	**124,0**	16,7	10,5	6,3	32,1	3,0	17,8	137,1
Litlu-Reykir, Reykjahverfi	***Kambur***	16-038	Grímur	14-955	108	126	137	**123,6**	19,0	12,1	7,2	31,5	2,1	18,3	151,0
Gunnarsstaðir, Þistilfirði	***Dóni***	17-055	Hrauni	12-948	105	112	150	**122,6**	16,3	10,1	6,9	31,8	2,5	17,9	132,3
Klifmýri, Skarðsströnd	***Safi***	17-403	Dreki	13-953	104	131	132	**122,1**	17,9	10,4	6,1	30,3	2,4	17,7	151,8
Melar, Hrútafirði	***Músi***	17-776	Bangsi	14-765	99	135	131	**121,9**	16,7	10,5	6,5	29,3	2,6	17,6	129,8
Litla-Hof, Öræfum	***Lútó***	16-335	Burkni	13-951	113	127	125	**121,4**	18,3	11,3	6,5	31,4	3,2	17,9	155,2
Fornustekkar, Nesjum	***Vísir***	15-075	Hvati	13-926	96	109	158	**121,0**	16,5	9,5	6,7	30,5	3,4	17,8	151,3
Þorgautsstaðir, Hvítársíðu	***Óliver***	17-164	Tinni	15-968	109	120	133	**120,7**	16,8	10,4	6,4	28,5	2,4	17,7	136,6
Hrifla, Þingeyjarsveit	***Landi***	17-058	Litli-Dreki	16-163	95	148	118	**120,6**	16,9	11,4	6,2	30,0	2,5	17,8	143,8
Hrepphólar, Hrunamannahreppi	***Hagur***	17-196	Bekri	12-911	109	127	126	**120,3**	18,6	11,1	6,9	30,6	2,6	18,0	155,5
Hvammur, Lóni	***Svartur***	17-455	Klettur	13-962	103	108	149	**120,2**	17,0	9,0	6,2	28,8	2,1	17,5	141,0
Þóroddsstaðir, Hrútafirði	***Þremill***	17-051	Kölski	10-920	101	134	124	**120,1**	17,9	11,1	5,7	31,6	2,4	17,5	138,4

LESENDABÁS

Ályktun frá Þingeyrarakademíunni:

Höfuðstöðvar Landsbankans ættu að vera þar sem þær eru!

Rétt fyrir aldamótin 1900 reisti Landsbankinn sér glæsihýsi á norðvesturhorni Austurstrætis og Pósthússtrætis og hafa höfuðstöðvarnar verið þar síðan. Landsbankahúsið þótti „fyllilega á borð við slíkar byggingar í stórborgum“ eins og sagt var. En nú á að fara að byggja nýjar höfuðstöðvar banka allra landsmanna. Áætlaður kostnaður 9 milljarðar. Raunkostnaður að viðbættri Pí-reglunni sennilega 15-20 milljarðar ef að líkum lætur.



Húsnæði með sál. Eru þetta ekki nógu flottar höfuðstöðvar?

Þingeyrarakademían að störfum. Þingeyrarakademían er stór hópur manna sem stundar morgunsund og heita pottinn á Þingeyri. Þar eru ýmiss konar innanlands- og heimsvandamál rædd og jafnvel leyst. Þingeyrarakademían kemur til dyranna eins og hún er klædd.
Mynd / Haukur Sigurðsson

Og auðvitað á þessi glæsibygging að vera í miðbæ Reykjavíkur ofan á allt annað sem þangað er búið að troða af steinsteypu, járni og gleri. Nokkra metra frá gamla, fallega Landsbankanum með sögu sína. Og bílakjallarar þar undir sem munu líklega fyllast af sjó í fyllingu tímans. Er eitthvert vit í þessu?

Þingeyrarakademían bendir á að Englandsbanki, Bank of England, er í eldgamalli virðulegri byggingu með sögu, í fjármálahverfinu í London. Engum heilvita manni dettur í hug að flytja höfuðstöðvar þess banka. Sama er að segja um margar slíkar stofnanir vítt og breitt um heiminn. Og til hvers nýjar höfuðstöðvar þegar allt bankakerfið er að verða rafrænt? Það skiptir engu máli hvar tölvurnar eru staðsettar. Er þetta kannski bara eitt snobberíið?

Og meðal annarra orða: Er ekki nóg af lausum herbergjum í Seðlabankanum sem Landsbankinn okkar getur fengið lánuð ef nauðsyn krefur? ***/Þingeyrarakademían***

LESENDABÁS

Hurðarbaksmenn hetjur handboltans og íþróttanna

Handboltinn færir okkur Íslendingum eina þjóðarsál, gleði og hrifningu. Og hvernig sem það má nú vera þá eigum við landslið aftur og aftur sem slær stórþjóðir út. Við Íslendingar erum í fremstu röð og nú í fótboltanum einnig, á það jafnt við um karla og kvennaliðin. Eða eins og forsetafrúin okkar, hún Dorrit Moussaieff, sagði í hrifningu sinni þegar við unnum silfrið á Ólympíuleikunum í Peking 2008: „Ísland er ekki lítið land. Ísland er stórasta land í heimi.“

Nú er handboltalandsliðið í mikilli endurnýjun og hefur aldrei leikið yngra eins og á HM, þeir voru aðeins 23 ára gamlir að meðaltali. Nú vakti það mikla athygli að Selfyssingar voru margir í liðinu, fjórir talsins ,og þar af þrír þeirra náfrændur, komnir af Hurðarbaksætt. Og enn fremur er spútniklið Selfoss sem Patrekur Jóhannesson þjálfar og leiðir til stórra sigra oft skipað að hálfu strákum af þessari ætt. Haukur Þrastarson sá ungi aðeins sautján ára sem leikstýrði landsliðinu gegn heimsmeisturum Frakka og Teitur Örn Einarsson eru systkinasynir og hinn frábæri Elvar Örn Jónsson náfrændi þeirra og Árni Steinn Steinþórsson markaskorarinn snjalli sem leikur með Selfoss einnig. Í Selfossliðinu hafa einnig leikið þeir Örn Þrastarson, bróðir Hauks og besti þjálfari hans frá barnsaldri, og svo Rúnar Hjálmarsson frá Langsstöðum sem var leikmaður og fyrirliði liðsins. En þessir sex strákar eiga allir sömu formóðurina, Þuríði Árnadóttur frá Hurðarbaki, hennar maður var Guðmundur Kristinn Gíslason.

Guðni Ágústsson.

Einstök íþróttagen og afreksfólk í keppnisíþróttum

Uppruni þessa fólks er frá Hurðarbaki í Flóa, frá hjónunum Árna Pálssyni og Guðrúnu Sigurðardóttur. Þau eignuðust tólf börn, níu syni og þrjár dætur. Það fór magnað orð af hreysti og dugnaði þessara systkina, þau eru eftirminnileg öllum þeim sem þeim kynntust og fara af þeim héraðs- og þjóðsögur. Keppnisskap þeirra var orðlagt og drengskapur í leik og starfi. Þessi ættarfylgja erfist kynslóð fram af kynslóð og fáar ættir eru jafn vel búnar til íþróttaafreka og þetta fólk. Fyrrnefnd Þuríður og Guðmundur eignuðust níu börn og út af þeim hefur sprottið afreksfólk sem bar uppi sigra Héraðssambandsins Skarphéðins og gerir enn.

Synir Þuríðar og Guðmundar voru tveir, þeir Gísli og Rúnar, fjölhæfir frjálsíþróttamenn, m.a. í glímu, hástökki og köstum. Rúnar glímukóngur Íslands og Gísli vann það sér m.a. til afreka í glímu að leggja ofurmennið Ármann J. Lárusson, sem fáir gerðu. Systur þeirra bræðra á Hurðarbaki voru liðtækar í íþróttum og börn þeirra ekki síður. Má þar fyrst nefna Guðmund Kr. ,Sigurð, Kára og Þuríði Jónsbörn og Sigríðar frá Hurðarbaki,en hún sjálf var óvenju spretthörð. Systkinin öll margfaldir Íslandsmeistarar í spretthlaupum og stökkum og Þuríður átti Íslandsmet í 200 metra hlaupi. Þá ber að nefna Jón Arnar Magnússon, son Þuríðar Jónsdóttur, sem er tvímælalaust einn mesti afreksmaður íslenskra íþrótta og hafa fáir tugþrautarmenn í heimi komist með tærnar þar sem hann hafði hælana.

Jón Birgir og Ólafur, synir Guðmundar Kr. og Láru Ólafsdóttur, voru einnig og eru afburðamenn í frjálsíþróttum og Jón Birgir er faðir Elvars Arnar sem fyrr er nefndur. Eins má nefna Árna Stein og Kristrúnu Steinþórsbörn en þau hafa verið lykilmenn með liði Selfoss í handbolta og verið valin í landslið, móðir þeirra er ein Þuríður enn Einarsdóttur í Oddgeirshólum, dóttir Eyrúnar frá Hurðarbaki. Þuríður og systkini hennar frá Dalsmynni unnu einnig til afreka í Skarphéðni. Og enn ber að nefna Þuríði til leiks Ingvarsdóttur en sonur hennar er Teitur Örn Einarsson, hún sjálf var góð frjálsíþróttakona í HSK. Ragnar Sverrisson Járnkarl er einn Hurðarbaksmanna sem fer mikinn, kominn um sextugt, þar er það Stefanía Pálsdóttir frá Litlu-Reykjum sem er móðirin, dóttir Páls Árnasonar frá Hurðarbaki. Haukur Þrastarson, sem nú er talinn eitt mesta efni í heiminum, er sonur Þrastar Ingvarssonar og Guðbjargar Bjarnadóttur og Örn Þrastarson einnig sonur þeirra en þau eiga líka dæturnar Hrafnhildi Hönnu og Huldu Dís, báðar í handboltaliði Selfoss og Hrafnhildur Hanna í landsliði kvenna í handbolta og Hulda Dís í unglingalandsliðinu í handbolta. En Helga Guðmundsdóttir frá Hurðarbaki er móðir Þrastar, og því amma þeirra systkina.

Tvíburabróðir Þrastar er Svanur en þeir voru miklir afreksmenn í sundi. Í þessari ætt er eitthvað meira afl en gerist og gengur, óvenjulegir hæfileikar á sviði íþrótta og gæti ég talið margt fólk til viðbótar sem frækið er. Nefni Sævar Þór Gíslason, afburðamann í fótbolta og lykilmann Selfoss um langa hríð. Genin eru góð og auðvitað má ekki gleyma að allir eru líka annarrar ættar, enginn er eingetinn nema Jesús Kristur. Og ég verð að nefna í lokin að Guðbjörg, móðir Hauks og þeirra systkina, er sjálf af magnaðri handboltaætt, sjálf var hún handboltakona og sunddrottning, átti Íslandsmet. En systkini hennar, þau Sigurjón, Gústaf og Hulda afreksfólk í handboltanum og öll í landsliðinu. Og Gústi Bjarna á enn Íslandsmet í markaskorun í landsleik, hann skoraði 21 mark af 32 mörkum Íslendinga gegn Kínverjum í sínum heimabæ þá Selfossi 1997. Rammir íþróttahæfileikar í báðum ættum þeirra Guðbjargar og Þrastar. Svo hjálpar auðvitað lýsið, lambakjötið, mjólkin og skyrið.

Guðni Ágústsson

Áskell sýnir í Energia í Smáralind

Laugardaginn 2. febrúar opnar Áskell Þórisson, fyrrum ritstjóri Bændablaðsins, ljósmyndasýningu í veitingastaðnum Energia í Smáralind. Áskell verður með á annan tug mynda sem allar eru tengdar íslenskri náttúru.

Meðfylgjandi mynd tók Áskell í leirhver á Suðurlandi.

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

RML
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Ég C!

– Nokkur orð um skeiðgensgreiningar og fleira, 2018

Pétur Halldórsson
ráðunautur í hrossarækt
petur@rml.is

Seinnipart vetrar 2018 greindi þekkingarfyrirtækið Matís 125 fyrirliggjandi sýni m.t.t. skeiðgens (AA-CA-CC). Fjöldi hrossaræktenda hafði sýnt málinu áhuga og vildi forvitnast um erfðaeiginleika valinna ræktunargripa auk þess sem hægt var að þoka greiningarkostnaði niður með auknum fjölda sýna. Úr þessum forvalda hópi komu eftirfarandi niðurstöður (Greining´18); rétt tæpur helmingur hrossanna reyndust vera CA-hross:

Að líkindum var niðurstaðan í flestum tilfellum staðfesting á grun og tilfinningu eigenda en í öðrum tilfellum kom niðurstaðan á óvart. WorldFengur birtir sérstök og lýsandi tákn fyrir staðfesta skeiðgensarfgerð, spá um skeiðgensarfgerð eða óráðna óvissu. Ef arfgerðin hefur verið greind eru táknin (AA-CA-CC) á bláum grunni. Ef um er að ræða spá WFengs er bakgrunnurinn hvítur. Þriðji hópurinn telur hross þar sem ekki er unnt að spá fyrir um arfgerð en þar birtir WFengur einfaldlega spurningarmerki (?) á gráum grunni. Óráðin hross (?) eru fjölmörg í afkvæmalistum staðfestra CA-foreldra.

Til að leita uppi t.d. dæmda, lifandi og staðfesta CA-stóðhesta, á Íslandi, í WFeng, er raðað inn leitarforsendum í Ítarlegri leit. Í flettiglugga landa valið: Ísland. Í flettiglugganum arfgerð er valið: DMRT3 arfgerðargreining. Þá valið CA. Í kynjavalglugga: stóðhestur. Í flettiglugga afdrifa: lifandi. Í flettiglugga valmöguleika: dómur. Þann 27. des. 2018 gefur þessi afmörkun leitar alls 29 stóðhesta sem svara kröfunni. Ef kyninu er breytt (hryssa) kemur Fengur með lista yfir 62 sýndar og staðfestar CA-hryssur, skráðar á lífi – á Íslandi.

Annar leitarmöguleiki væri að skoða Dómaleit WFengs. Þar mætti t.d. skilyrða leitina svo: Kyn=Hestur, Afdrif=Lifandi, Land staðsett=Ísland, Sýningarár=2018, Sýningarland=Ísland, DMRT3-arfgerðargreining, Arfgerð=CA. Þessum forsendum svarar WFengur með 5 greindum CA-stóðhestum, sýndum á Íslandi árið 2018. Ef forsendum er breytt þannig að beðið er um sýnda hesta á Íslandi 2018 með DMRT3-arfgerðarspá (CA) er svarið 20 hestar; á aldrinum 4-8 vetra.

C á LM

Á landsmóti í Víðidal 2018 komu alls 160 hross til reiðdóms. Af 160 voru 38 sýnd með einkunnina 5,0 fyrir skeið eða 23,8%, alls 42 hross sýnd með 6,5 eða minna f. skeið eða 26,3% heildar. Ef lesið er milli línanna í hraðsoðinni tölfræði LM-hrossa (sjá töflu) má m.a. greina eftirfarandi þætti:

Tafla I / LM2018 í Víðidal

- Skeiðlaus hross eiga ágæta möguleika á því að komast á landsmót í yngstu flokkum kynbótahrossa en möguleikarnir sýnast mjög þverrandi í elstu flokkum.
- Sama á við um meint eða staðfest CA-hross. Möguleikar þeirra til að komast á LM virðast helst liggja í yngstu flokkum kynbótahrossa. Aðeins 3 af 160 LM-hrossum eru með skeiðgensgreiningu; staðfestingu á DMRT3-arfgerð sinni (1,9%).
- Af 160 hrossum eru 13 (8,1%) með CA-spá/staðfestingu eða óvissu (?) í WFeng. Sem fyrr segir 38 LM-hross með einkunnina 5,0 fyrir skeið. Af þessu mætti áætla að +/- 25 LM-hross (15,6% heildar) séu í grunninn AA-arfgerðar en skeiðgeta engu að síður takmörkuð eða um val knapa og eigenda að ræða, að hreyfa ekki við skeiði.
- Af sömu tölum má draga þá ályktun að liðlegur meirihluti þeirra hrossa sem sýnd eru skeiðlaus á LM2018 séu AA-hross.
- Til viðbótar má geta þess um afkvæmahesta á LM2018 að allir, 14 að tölu, eru staðfestir eða ætlaðir AA-hestar (aðeins 5 með skeiðgensgreiningu).

Nú er fróðlegt, til að setja hluti í stærra samhengi, að skoða sömu gögn fyrir aðra kynbótasýningu á árinu 2018. Fyrir valinu verður stærsta einstaka sýning ársins, Vorsýning á Gaddstaðaflötum, seinni vika 11.-15. júní. Þar voru alls hæfileikadæmd 218 hross, að geldingum frátöldum. Eitt og annað er hér allrar athyglivert:

Tafla II / Vorsýning Gaddst. flötum – seinni vika 11.–15. júní

- Sýnd hross með 5,0 fyrir skeið eru hér 30,7% heildar – í stað 23,8% á LM.
- Fast að helmingi 5v. hesta eru með 5,0 fyrir skeið.
- Klárhross eru meira áberandi í eldri flokkum en á LM – ef frá er talinn flokkur 6v. hesta.
- Hross með CA-spá/staðfestingu eða óvissu (?) eru 17,9% heildar – í samanburði við 8,1% á LM (aðeins tvö hross í sýningunni með staðfesta skeiðgensgreiningu).
- Tæpur helmingur þeirra hrossa sem sýnd eru skeiðlaus eru líkleg AA-hross.

Nokkrar grundvallarspurningar og hugleiðingar vakna þegar rýnt er í gögnin. Meðal annars þessar: Er þegar nóg að gert til að tryggja sýnileika klárhrossa á stærsta „sviðinu“, þ.e. LM? Klárhross eru tæp 24% LM-hrossa en tæp 31% sýndra á stærstu einstöku sýningu ársins. Sýnileiki klárhrossa er afar breytilegur eftir aldursflokkum á LM. Gefur það tilefni til breytts verklags við val inn á mótið? CA-hross virðast eiga verulega dræma möguleika á að komast alla leið á LM. Er það eitt og sér ástæða til umhugsunar eða aðgerða í ljósi nauðsynjar þess að varðveita erfðafjölbreytni til framtíðar?

Er ástæða til að tryggja meiri aðgengilegar upplýsingar, fyrir ræktendur/áhorfendur/dómara, um þau hross sem sýnd eru sem klárhross á LM? T.d. ef lagt er upp með 5,0 fyrir skeið, þá komi til skeiðgensgreining; AA-CA-CC? Enn fremur og róttækari hugleiðingar væru: Á að stilla AA-klárhrossum upp í sama hópi og CA-klárhrossum? Og úr því þangað er komið er þá ekki stutt í stærstu spurninguna: Getum við áfram, og með sanngjörnum hætti, borið hross saman á okkar gamla trausta grunni aðaleinkunnar með skeiði, vitandi af möguleikunum AA-CA-CC?

Kyn knapa

Af einskærri forvitni er hér horft til kynjahlutfalls knapa á sömu sýningum, Vorsýning á Gaddstaðaflötum – seinni vika og LM2018. Hestamennska er áhugamál, atvinna og ástríða kvenna og karla. Félagar aðildarfélaga LH eru svo til í hnífjafnt karlar og konur. Útskrifaðir Hólanemar með BS í reiðmennsku og reið-kennslu á árabilinu 2013-2018 er 76,2% konur. Að því sögðu er hlutur kvenna í kynbótasýningum einkennilega rýr, hverjar sem orsakirnar kunna að vera og e.t.v. fróðlegt að gera sams konar úttekt á kynjahlutfalli í íþrótta- og gæðingakeppni.

Hlutur kvenknapa í seinni viku á Gaddstaðaflötum var heilt yfir 36 af 218 sýningum, eða 16,5%. Mestu flugi ná þær í flokkum 4v. og 7v. og eldri stóðhesta (27,8%) en lakast er hlutfallið í flokki 6v. hryssa (8,3%). Stóðhestar sýningarinnar voru í 20,3% tilfella sýndir af konu, en hryssurnar í 14,6% tilfella. Konur sýndu 21,2% LM-hrossa, tæp 26% hryssnanna og tæp 16% stóðhesta.

Fleiri skeiðgensgreiningar

Rík ástæða væri til að greina mun fleiri ræktunarhross m.t.t. skeiðgensins, hryssur og stóðhesta. Athygli hrossaræktenda og orka ætti fyrst og síðast að beinast að þeim hrossum, klárhrossum, sem mögulega eru CA-arfgerðar; þ.e. eiga foreldri/foreldra sem mögulega eða sannarlega eru CA eða CC. Þess utan má benda á þann ávinning sem hlýst af því að vita fyrir víst um CA-arfgerð í ungviði, áður en kemur að tamningaferlinu. Uppbygging tamningar hlýtur að draga dám af þeim verkefnum sem hrossið er yfir höfuð fært um að leysa og CA/CC hross eru ekki að fara að skeiða.

Sjálfsagt er að endurtaka leikinn frá síðasta vori og safna saman í hóp þeim hrossum, með fyrirliggjandi DNA-sýni (strok- eða blóðsýni), lifandi eða dauðum, sem eigendur kjósa að vita meira um. Með auknum fjölda sýna til skeiðgensgreiningar Matís nást alla jafna hagstæðari kjör fyrir þjónustuna. Áhugasömum er bent á að setja sig í samband við undirritaðan fyrir 15. febrúar 2019.

Nánar um skeiðgensgreiningar og DNA-sýnatökur m.a. hér: https://www.rml.is/is/radgjof/hrossaraekt/dna-synatokur

Tafla I / LM2018 í Víðidal	AA-spá/Eða staðf.	%	CA-spá/ ? /Eða staðf.	%	Eink. 5 f. skeið.	%
7v. og eldri hestar (16):	16	100	0	0,0	1	6,3
6v. hestar (17):	16	94,1	1	5,9	5	29,4
5v. hestar (19):	17	89,5	2	10,5	4	21,1
4v. hestar (19):	16	84,2	3	15,8	8	42,1
4v. hryssur (18):	15	83,3	3	16,7	7	38,9
5v. hryssur (28):	25	89,3	3	10,7	7	25,0
6v. hryssur (30):	29	96,7	1	3,3	4	13,3
7v. og eldri hryssur (13):	13	100	0	0,0	2	15,4
Sýnd / LM2018 (160):	**147**	**91,9**	**13**	**8,1**	**38**	**23,8**

Tafla II / Vorsýning Gaddst.flötum - seinni vika 11.-15. júní	AA-spá/Eða staðf.	%	CA-spá/ ? /Eða staðf.	%	Eink. 5 f. skeið.	%
7v. og eldri hestar (18):	17	94,4	1	5,6	3	16,7
6v. hestar (17):	14	82,4	3	17,6	2	11,8
5v. hestar (21):	14	66,7	7	33,3	10	47,6
4v. hestar (18):	16	88,9	2	11,1	8	44,4
4v. hryssur (19):	15	78,9	4	21,1	6	31,6
5v. hryssur (52):	43	82,7	9	17,3	14	26,9
6v. hryssur (36):	30	83,3	6	16,7	10	27,8
7v. og eldri hryssur (37):	30	81,1	7	18,9	14	37,8
Sýnd / Fulln.dóm. (218):	**179**	**82,1**	**39**	**17,9**	**67**	**30,7**

Tafla III / 5,0 fyrir skeið.	7v.♂	6v.♂	5v.♂	4v.♂	4v.♀	5v.♀	6v.♀	7v.♀
Hella 7.-15.jún.	16,7%	11,8%	47,6%	44,4%	31,6%	26,9%	27,8%	37,8%
LM 1.-8.júl.	6,3%	29,4%	21,1%	42,1%	38,9%	25,0%	13,3%	15,4%

Greining ´18	AA	%	CA	%	CC	Fjöldi
Hryssur (81):	47	58%	34	42%	0	81
Hestar (44):	19	43%	25	57%	0	44
Alls (125):	***66***	***53%***	***59***	***47%***	***0***	***125***

Tafla IV / Vorsýning Gaddst.flötum - seinni vika 11.-15. júní	♂	%	♀	%
Kynjaskipting knapa				
7v. og eldri hestar (18):	13	72,2	5	27,8
6v. hestar (17):	15	88,2	2	11,8
5v. hestar (21):	18	85,7	3	14,3
4v. hestar (18):	13	72,2	5	27,8
4v. hryssur (19):	16	84,2	3	15,8
5v. hryssur (52):	44	84,6	8	15,4
6v. hryssur (36):	33	91,7	3	8,3
7v. og eldri hryssur (37):	30	81,1	7	18,9
Sýnd / Fulln.dóm. (218):	**182**	**83,5**	**36**	**16,5**

Tafla V / LM2018 í Víðidal	♂	%	♀	%
Kynjaskipting knapa				
7v. og eldri hestar (16):	12	75,0	4	25,0
6v. hestar (17):	15	88,2	2	11,8
5v. hestar (19):	17	89,5	2	10,5
4v. hestar (19):	16	84,2	3	15,8
4v. hryssur (18):	14	77,8	4	22,2
5v. hryssur (28):	21	75,0	7	25,0
6v. hryssur (30):	22	73,3	8	26,7
7v. og eldri hryssur (13):	9	69,2	4	30,8
Sýnd / LM2018 (160):	**126**	**78,8**	**34**	**21,2**

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í nautakjötsframleiðslunni 2018

Guðmundur Jóhannesson
ábyrgðarmaður í nautgriparækt
mundi@rml.is

Sigurður Kristjánsson
skýrsluhald og prófarkalestur
sk@rml.is

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í nautakjötsframleiðslunni 2018 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, www.rml.is. Hér verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörinu.

Á árinu 2017 tók gildi sú breyting að afurðaskýrsluhald er nú skilyrði fyrir greiðslum samkvæmt samningi um starfsskilyrði í nautgriparækt. Þetta þýðir að skýrsluhald er í raun og veru skylda fyrir alla framleiðendur mjólkur og nautakjöts, í það minnsta ætli menn að halda gripa- og beingreiðslum. Þetta hefur orðið til þess að skapa grunn að skýrsluhaldi í nautakjötsframleiðslu, nokkuð sem er nýtt hérlendis.

Undir lok síðasta árs var byrjað að birta uppgjör fyrir nautakjötsframleiðsluna og nær það til búa þar sem haldnar eru kýr til slíkrar framleiðslu. Sá galli er þó á gjöf Njarðar að þessar niðurstöður ná þá ekki yfir slíkar kýr sem eru á búum þar sem einnig er mjólkurframleiðsla. Þetta má líta á sem bæði kost og galla. Kosturinn er að uppgjörið tekur til sérhæfðra búa þar sem nautgripir eru eingöngu haldnir til kjötframleiðslu en gallinn að uppgjörið nær ekki til allra kúa í slíkri framleiðslu.

Skýrsluhald nautakjötsframleiðslunnar árið 2018 nær til 105 búa og þar af er að finna holdakýr skráðar af erlendu kyni á 67. Fjöldi kúa á þessum búum var við uppgjör ársins 2.217 talsins og var meðalfjöldi kúa á bú 21,1 sem reiknast yfir í 17,1 árskú á bú. Alls var um að ræða 1.747 burði á þessum búum á árinu 2018 sem jafngildir 0,79 burðum/kú.

Kjötframleiðsla og flokkun ársins 2018

Heildarframleiðsla ársins á þessum 105 búum nam rúmlega 488 tonnum sem þýðir að þau framleiða rétt rúm 10% alls nautgripakjöts á landinu. Meðalframleiðsla á bú var 4.650 kg en heildarfjöldi slátraðra gripa var 2.041. Meðalþungi kúa frá þessum búum var 203,8 kg og meðalþungi ungneyta var 246,1 kg og voru þau að jafnaði 732,3 daga gömul við slátrun. Það jafngildir vexti upp á 320,5 g/dag, sé reiknað út frá fallþunga. Til samanburðar var slátrað 9.314 ungneytum á landinu öllu sem vógu 240,2 kg að meðaltali við 738,8 daga aldur. Þessi sérhæfðu bú sem yfirlitið nær til ná því gripunum heldur þyngri við lægri aldur að jafnaði.

Ef litið er á flokkun gripanna var meðalflokkun ungneyta á þessum búum 4,8 á meðan meðalflokkun ungneyta yfir landið er 4,0. Flokkun er því betri á þessum búum til jafnaðar. Rétt er að hafa í huga að meðalflokkun er reiknuð þannig að flokkunum er gefið tölugildi þar sem P = 2, O = 5, R = 8, U =11 og E = 14. Meðalgripurinn á búunum í yfirlitinu er því nálægt því að flokkast í O.

Frjósemi

Eins og áður sagði fæddust 1.747 kálfar á þessum búum á árinu 2018 og reiknast meðalbil milli burða 453 dagar. Það þýðir að meðalkýrin nær ekki einum burði á ári sem hlýtur að teljast grunnforsenda þess að um arðbæran búskap sé að ræða. Þegar við bætist að hlutfall dauðfæddra kálfa við 1. burð er 17,9%, 7,5% við aðra burði og vanhöld frá 0-6 mánaða 2,6%, verður fjöldi kálfa til nytja töluvert langt innan við kálf á kú á ári.

Sæðingar á þessum búum eru nánast óþekkt fyrirbæri þar sem aðeins 124 kýr eða 5,6% voru sæddar á árinu. Þar af voru aðeins 36 kýr af erlendu kyni sæddar. Til jafnaðar voru þessar örfáu kýr sæddar 1,4 sinnum og að meðaltali liðu 127,2 dagar frá burði til 1. sæðingar. Þær kýr sem eru sæddar svo löngu eftir burð munu ekki bera með 12 mánaða millibili.

Af framansögðu verður að ráða að þessi bú eigi mikil tækifæri í notkun nýs erfðaefnis úr þeim Angus-gripum sem eru að vaxa úr grasi á einangrunarstöðinni á Stóra-Ármóti. Þangað á að vera hægt að sækja meiri vaxtarhraða, betri flokkun auk móðureiginleika en horft var sérstaklega til þess við val nauta þegar keyptir voru fósturvísar frá Noregi.

Mestur þungi og vöxtur

Hér á eftir er litið yfir alla nautakjötsframleiðslu í landinu, þar sem kjöt frá búum með mjólkurframleiðslu er ekki undanskilið.

Þyngsta ungneytið sem slátrað var árinu var naut nr. 1132 á Breiðabóli á Svalbarðsströnd. Sá gripur var holdablendingur af Angus-kyni undan Anga 95400 og vóg 532,5 kg er honum var slátrað við 29 mánaða aldur. Hann flokkaðist í UN U2+. Í töflu 2 má sjá þau ungneyti sem náðu yfir 450 kg fallþunga á árinu 2018 en þau voru sex talsins og frá þremur búum, Breiðabóli á Svalbarðsströnd, Nýjabæ undir Eyjafjöllum og Hamri í Hegranesi.

Í töflu 3 má sjá þau ungneyti sem náðu hröðustum vexti í grömmum á dag, reiknuðum út frá fallþunga. Reiknað er með 20 kg fallþunga við fæðingu. Mestan vöxt ársins átti kvíga númer 462 á Halldórsstöðum í Skagafirði. Henni var slátrað tæplega 15 mánaða og vóg fallið þá 309 kg. Kvígan var 60% Galloway og flokkaðist í UN R+2+.

Það er von okkar að birting niðurstaðna skýrsluhalds í nautakjötsframleiðslunni verði til þess að efla þessa framleiðslu og auka arðsemi hennar. Niðurstöðurnar sýna okkur glöggt að það er hægt að gera vel en jafnframt að það eru tækifæri til þess að gera mun betur.

Holdablendingarnir skara fram úr

Við skoðun á þessum tölum sem og listunum yfir þyngstu gripina og þá sem vaxa hraðast sést ákaflega glöggt að holdablendingarnir skara fram úr. Það eru svo sem engin ný sannindi. Eðlilega taka gripir af kynjum sem hafa verið ræktuð m.t.t. vaxtar og kjötgæða, gripum sem eru ræktaðir til mjólkurframleiðslu fram. Það sýnir okkur jafnframt að hið nýja erfðaefni sem væntanlega mun standa til boða síðsumars skapar greininni gríðarmikil tækifæri. Þetta eru tækifæri sem menn mega undir engum kringumstæðum láta fram hjá sér fara og það er brýnt að hefja nú þegar undirbúning að því að taka þetta erfðaefni til notkunar. Við drögum stórlega í efa að það muni skila árangri að reka saman hóp villtra kúa og sæða einn góðan veðurdag. Það þarf að spekja gripina, venja þá við umgengni og meðhöndlun auk þess sem til staðar þarf að vera aðstaða til þess að handsama þá og meðhöndla. Sæðingar eru vandaverk og það má ekki kasta til þeirra höndunum. Eigi að nást góður árangur þarf undirbúning og vandvirkni.

Að lokum er full ástæða til þess að óska þeim framleiðendum sem náð hafa góðum árangri við framleiðslu á nautakjöti til hamingju með þann árangur og vart á neinn hallað þó ábúendur á Breiðabóli, Nýjabæ, Hamri, Halldórsstöðum, Svertingsstöðum 2 og Lækjartúni séu sérstaklega nefndir í því sambandi.

Tafla 2. Þyngstu ungneyti á árinu 2018 (yfir 450 kg fall).

Gripur	Bú	Faðir	Stofn	Aldur, mán.	Þungi, kg	Flokkun
1132 (naut)	Breiðaból	Angi 95400	AA x IS	29	532,5	UN U2+
1115 (naut)	Breiðaból	Álfur 95401	AA x IS	29,4	488,7	UN U3
1133 (naut)	Breiðaból	Angi 95400	AA x IS	28,8	469,1	UN U2+
843 (naut)	Nýibær	751 (AA x IS)	AA x LI x IS	24,6	468,1	UN R+3+
872 (naut)	Nýibær	770 (IS x AA x LI)	IS x AA x LI	25,4	457,6	UN R+3+
599 (naut)	Hamar	420 (AA x IS x LI)	LI x IS x AA	27,6	452,6	UN U3

Tafla 3. Ungneyti með mestan daglegan vöxt á árinu 2018 (yfir 600 g/dag).

Gripur	Bú	Faðir	Stofn	Aldur, mán.	Þungi, kg	Flokkun	Vöxtur, g fall/dag
462 (kvíga)	Halldórsstaðir	384 (GA x IS)	GA x IS	14,8	309,2	UN R+2+	653
1090 (naut)	Svertingsstaðir 2	Angi 95400	AA x LI x IS	22,2	446,4	UN R+3	639
610 (naut)	Lækjartún	1026 (IS x AA)	IS x AA x GA	17,2	346,4	UN R+3	633
604 (naut)	Lækjartún	549 (GA x IS)	GA x IS	17,9	358,9	UN R+3+	632
843 (naut)	Nýibær	751 (AA x IS)	IS x AA x LI	24,6	468,1	UN R+3+	606

Tafla 1

Uppgjör fyrir sið. 12 mán.	Vesturland og Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra og Austurland	Suðurland	Landið allt
Fjöldatölur					
Fjöldi búa með kýr til kjötframleiðslu	18	28	25	34	105
Fjöldi búa með holdakýr af erl. kyni	9	20	14	24	67
Fjöldi kúa	527	650	265	775	2.217
Meðalfjöldi kúa á bú	29,3	23,2	10,6	22,8	21,1
Árskýr á bú	25,6	18,3	9,4	17,3	17,1
Fjöldi burða	414	528	239	566	1.747
Meðalfjöldi burða á bú	23,0	18,9	9,6	16,6	16,6
Fjöldi 1. kálfs kúa	126	171	97	240	634
Fjöldi kvígna eldri en 24 mán	140	42	55	209	446
Endurnýjunarhlutfall	23,9	26,3	36,6	31,0	28,6
Hlutfall kúa með förgunarástæðu	94,1	100,0	97,1	96,1	96,5
Kjötframleiðsla sið. 12 mán.					
Fjöldi slátraðra gripa	625	324	433	659	2.041
Hlutfall með sláturgögn	96,6	90,8	93,3	83,2	90,3
Meðalframleiðsla á bú	8.093,7	3.040,4	4.211,7	4.475,9	4.650,4
Meðalþungi					
Kýr	209,9	212,5	198,6	200,3	203,8
Ungneyti	236.5	270.0	253.3	238.2	246,1
Meðalflokkun					
Kýr	4,0	3,5	2,8	3,4	3,4
Ungneyti	4,9	5,9	4,3	4,5	4,8
Meðalaldur við slátrun					
Kýr	2.103,0	2.621,0	2.098,7	2.034,8	2.140,2
Ungneyti	686,4	726,5	764,8	760,7	732,3
Vaxtarhraði, g/dag	324,2	358,6	315,9	299,6	320,5
Öll bú Ungneyti 12 - 30 mán.					
Fjöldi	1.872	1.199	2.704	3.539	9.314
Meðalflokkun	3,9	4,7	3,9	4,1	4,0
Meðalþungi	218,4	257,5	248,3	239,7	240,2
Meðalaldur	713,7	753,0	745,4	742,2	738,8
Heilsufar sið. 12 mán.					
Hlutfall með sjúkdómsskráningu	8,5	25,6	21,6	3,3	11,2
Kýr					
Fjöldi sjúkdómstilfella á árskú	0,0	0,0	0,1	0,0	0,0
Bráðadauði/slys, hlutfall	0,2	0,6	1,3	0,8	0,7
Kálfar					
Hlutf. dauðra og dauðf. við 1. burð	7,8	14,4	23,8	23,3	17,9
Hlutf. dauðra og dauðf. aðrir burðir	8,3	7,1	6,5	7,7	7,5
Hlutf. dauðra á 1-180 daga	2,2	1,5	2,5	4,1	2,6
Frjósemi sið. 12 mán.					
Fjöldi fæddra kálfa	414	528	239	566	1.747
Bil milli burða	447	424	485	453	447
Aldur við 1. burð	31,9	28,7	28,1	30,5	30,0
Fjöldi sæðinga	12	40	37	89	178
Fjöldi sæddra kúa	11	28	26	59	124
Fjöldi sæddra holdakúa	3	4	3	26	36
Sæðingar á kú	1,1	1,4	1,4	1,5	1,4
Dagar frá burði til 1. sæðingar	119,9	103,3	166,4	120,0	127,2
Hlutfall kálfa undan sæðinganautum	0,7	3,8	15,1	2,5	4,2

UTAN ÚR HEIMI

Mánagull er algeng pottaplanta hér á landi.

Undur erfðatækninnar:

Kanínumánagull til að hreinsa loftið

Það hefur lengi verið vitað að pottaplöntur á heimilum hreinsa loftið af alls kyns óæskilegum lofttegundum. Nýverið splæstu erfðafræðingar geni úr kanínu í mánagull til að auka hreinsunargetu plöntunnar.

Ýmsar misæskilegar og mengandi lofttegundir geta borist inn á heimili okkar. Lofttegundirnar geta borist utan að eða átt uppsprettu sína innandyra vegna eldunar, reykinga, efna sem geymd eru á heimilinu eða komið frá húsgögnum og munum sem geymdir eru á heimilinu.

Ásamt því að lofta út eru pottaplöntur á heimilum besta leiðin til að hreinsa loftið. Þrátt fyrir að pottaplöntur sé afkastamiklar loftsíur má alltaf gott bæta og gera enn betra.

Erfðafræðingum hefur tekist að splæsa geni, CYP2E1, úr kanínu saman við gen mánagulls og aukið þannig getu plöntunnar til að hreinsa loftið. */VH*



Vatnsskortur samfara hitabylgju í Ástralíu.

Gríðarlegir hitar í Ástralíu:

Búfé lógað vegna hita

Vegna gríðarlegra hita í Ástralíu hafa yfirvöld gefið leyfi fyrir því að dýrum sem eru aðframkomin af þorsta verði lógað. Hitinn sem víða hefur farið í 50° á Celsíus er svo hár að leðurblökur og fuglar hafa dottið af himnum ofan dauð vegna hans.

Nú þegar hafa 2.500 úlfaldar sem eru með þolnustu dýrum þegar kemur að vatnsskorti verið skotin í vesturhluta álfunnar. Auk þess er talið að lóga verði fjölda hrossa, geita og asna sem ekki finna vatn eða bithaga vegna þurrka.

Fjöldi villtra og húsdýra hafa fundist við uppþornuð vatnsból þar sem hitinn er mestur.

Hitamet í Ástralíu eru slegin ár eftir ár og er ástæðan almenn hlýnun andrúmsloftsins vegna loftslagsbreytinga af völdum sífells aukins magns gróðurhúsalofttegunda á andrúmsloftinu. Spár gera ráð fyrir að hiti í Ástralíu muni halda áfram að vaxa á næstu árum og að hitabylgjurnar komi til með að standa lengur og auka þannig enn á vatnsskort. */VH*

Undur erfðatækninnar:

Tvær mömmur, enginn pabbi

Nýlega fæddust heilbrigðir músaungar sem voru afkvæmi tveggja kvenkyns músa og foreldarnir samkynja. Fæðingin bendir til að innan tíðar muni samkynja fólk geta átt saman börn.

Nokkrum dögum síðar fæddust músaungar þar sem báðir foreldrar voru karlkyns en kvenkyns staðgöngumóðir gekk með ungana sem drápust fljótlega eftir fæðingu.

Talsmaður kínverska teymisins sem gerði tilraunina segir að í raun sé ekkert því til fyrirstöðu að beita sams konar tækni við fólk eftir að tæknin hefur verið rannsökuð betur og fullkomnuð.

Andmælendur tilraunanna segja þær svo sem góðra gjalda verðar og auki skilning okkar á möguleikum erfðatækninnar en að tæknin muni aldrei ganga þegar kemur að því að geta börn. */VH*

Nýlega fæddust heilbrigðir músaungar sem voru afkvæmi tveggja kvenkyns músa og foreldarnir samkynja.

Á FAGLEGUM NÓTUM

Þeir sem heimsækja kúabú í Indónesíu taka eftir því að kýrnar eru alltaf mjög hreinar enda þvegnar tvisvar á dag. Hér má auk þess sjá að bóndinn er búinn að finna til brauð til þess að gefa kúnum sínum. Myndir / SS

Indónesía – þar sem allt grær

Snorri Sigurðsson
snsig@arlafoods.com

Indónesía er staðsett við miðbaug jarðar, rétt utan meginlands Suðaustur-Asíu. Landið er samsafn af rúmlega 17 þúsund eyjum í Malaja eyjaklasanum og eru íbúar landsins á rúmlega 3 þúsund af þessum eyjum! Landið er gríðarlega stórt og kemur því ekki á óvart að það er fjórða fjölmennasta ríki heims með rúmlega 260 milljónir íbúa. Þó svo að landið sé e.t.v. einna helst þekkt í Evrópu fyrir eyjuna Bali, sem margir fara til og heimsækja, þá er helsti atvinnuvegur landsins landbúnaður, enda landið einstaklega vel fallið til ræktunar og framleiðslu.

Mjólkurframleiðsla hefur ekki verið stunduð af krafti í landinu undanfarna áratugi, en þar horfir til breytinga eins og víða annars staðar með stóraukinni eftirspurn íbúa landsins eftir mjólkurvörum.

19 sinnum stærra en Ísland

Indónesía er gríðarlega stór og nærri 19 sinnum stærra en Ísland, rétt rúmlega 1,9 milljónir ferkílómetra að stærð. Staðsetning, stærð og lega landsins gerir það að verkum að í landinu er ótrúlega fjölbreytt plöntu- og dýralíf og líkt og önnur lönd sem standa við miðbaug jarðar, er tíðarfarið allt öðruvísi í þessum löndum en við erum vön hér á Íslandi.

Dagsbirtu gætir í um 12 tíma allan ársins hring og í raun er ekki til neitt sem við köllum vetur, sumar, vor og haust heldur er þar talað um tvær árstíðir: rigningartímabilið og „ekki rigningartímabil“. Þetta tímabil er misjafnt innan landsins eftir staðsetningu eyjanna og er ekki stöðugt ár frá ári vegna veðurfyrirbrigðisins El Niño. Í Indónesíu verður aldrei verulega kalt og raunar aldrei verulega heitt miðað við mörg önnur lönd. Hitastigið fer lægst í um 20–22 gráður og sjaldan yfir 30–32 gráður þegar heitast er.

Frjósamur jarðvegur

Flestar eyjar landsins eru með einstaklega frjósama jörð svo þegar saman fara allir þessir eiginleikar sem hér að framan hafa verið taldir upp, er nánast hægt að fullyrða að allt geti gróið í Indónesíu og það allt árið um kring! Þannig upplifði t.d. greinarhöfundur það í nóvember sl. að á sama tíma og verið var að uppskera suma hrísgrjónaakra, voru aðrir bændur að planta út og enn aðrir að fjarlægja illgresi frá hálfsprottnum hrísgrjónaplöntum!

Frá móttökustöð mjólkur þar sem mjólkin er vegin inn og svo kæld niður áður en samvinnufélagið keyrir hana í næstu afurðastöð.

Svona líta mörg farartækin út sem eru notuð við mjólkurflutninga í Indónesíu.

Hér er greinilega mikið að gera í mjólkurflutningunum.

Engin hefðbundin árstíð eins og við erum vön!

Pálmaolían mikilvægust

Fjölskyldurnar í Indónesíu sem stunda landbúnað skipta tugum milljóna og er hver þeirra með tiltölulega lítið land hver um sig. Þau bú sem stunda búfjárrækt eru oftar en ekki smá í sniðum og þannig eru t.d. kúabúin oft með 4–5 kýr en einnig eru til kúabú með tugum kúa, þó svo að þau séu ekki mörg. Bændur sem ekki stunda búfjárrækt eru í margs konar annarri framleiðslu en þar er þó ræktun á pálmatrjám, til framleiðslu á ávöxtum trjánna sem svo fara til olíuframleiðslu, ein allra mikilvægasta grein landbúnaðarins, en Indónesía er stærsti framleiðandi á pálmaolíu í heiminum. Þá eru bændur landsins einnig stórtækir í framleiðslu á náttúrulegu gúmmíi.

Búin í Indónesíu sem eru í framleiðslu á pálmaolíu eru af öllum stærðum og gerðum og bæði til lítil og afar stór bú sem rekin eru af hinu opinbera en einnig af einkaaðilum, en um 40% af framleiðslunni kemur frá litlum fjölskyldubúum. Önnur framleiðsla sem er stórtæk í landinu er framleiðsla á kaffibaunum og tóbakslaufi sem og framleiðsla á hrísgrjónum. Þá er framleiðsla á ávöxtum og grænmeti einnig þýðingarmikill landbúnaður í Indónesíu.

Afurðalitlar kýr

Þegar horft er til mjólkurframleiðslunnar þá eru búin eins og áður segir frekar smá í sniðum en þar sem unnt er að framfleyta sér af litlu í landinu þarf ekki nema 4–5 kýr til þess að hafa þokkalegar fjölskyldutekjur. Í dag eru meðalafurðir kúnna, sem eru af Holstein kyni, reyndar ekki nema 9–12 lítrar á dag og bú með 5 kýr er oft að leggja inn aðeins um 50 lítra á dag. Þessar afurðir eru langt undir eðlislægri framleiðslugetu þessa kúakyns og felst skýringin á slakri nýtingu kúnna fyrst og fremst í vanþekkingu á réttri fóðrun og hirðingu þessara kúa.

Nokkrir bændur í landinu hafa hins vegar náð afargóðum tökum á framleiðslunni og eru að nýta Holstein kýrnar mun betur og eru með í kringum 30 lítra á dag eftir kúna. Þessi staðreynd hefur opnað augu fagfólks innan stjórnkerfisins og því hafa verið sett af stað þróunarverkefni í Indónesíu m.a. í samvinnu við afurðafélagið Arla og þróunarstofnun Danmerkur, til þess að efla þekkingu kúabænda landsins á fóðrun og hirðingu. Það má því búast við því að afurðasemi kúnna í Indónesíu muni aukast verulega á komandi árum.

Sækja fóðrið daglega

Til þess að sinna fóðurþörf 4–5 kúa þarf kúabóndi í Indónesíu ekki að hafa aðgengi að nema um þriðjungi af hektara þar sem grasið vex allt árið um kring og uppskeran er gríðarlega mikil vegna hins frjósama jarðvegs, hita, raka og 12 tíma daglengdar! Fá lönd, ef nokkur í heiminum, hafa viðlíka uppskeru af hverjum hektara. Grasið sem flestir kúabændurnir rækta heitir fílagras (Pennisetum purpureum) sem er grófgert gras sem getur vaxið afar hratt og skilað allt að 80 tonnum af þurrefni á ári/ha!

Vegna stöðugs vaxtar þurfa búin ekki að vera með geymslu fyrir fóður heldur er það einfaldlega sótt á hverjum degi. Fæstir nota hefðbundnar vélar við fóðuröflunina heldur er gróffóðrið slegið með sigðum og svo flutt heim á litlum vélhjólum. Stundum eru það starfsmenn búanna sem sjá um þetta, en einnig eru til verktakar sem sjá um þessi verk.

Gefa kúnum brauð!

Þegar komið er inn á kúabú í Indónesíu kemur einna helst á óvart hvað kýrnar eru hreinar, miðað við að vera bundnar á bása. Skýringin felst í því að þær eru þvegnar tvisvar á dag, bæði til að halda þeim hreinum en ekki síður til að kæla þær. Flest búin eru með kýrnar á einhvers konar gúmmímottum án undirburðar og gefa þeim svo auk áðurnefnds gróffóðurs kjarnfóður og ótrúlega mörg búanna gefa einnig kúnum brauð!

Brauðát er algengt í landinu og mjög oft eru miklir afgangar til sem kúabúin geta fengið fyrir lítið og með því að blanda brauðinu saman við kjarnfóðrið fást kýrnar til að éta það.

Afhenda mjólkina tvisvar á dag

Þar sem flest kúabúin eru frekar smá í sniðum eru mjaltavélar óalgengar og kýrnar því handmjólkaðar. Mjólkin er svo sett í brúsa og eftir hverjar mjaltir er farið með hana ókælda í næstu móttökustöð mjólkur. Þessar móttökustöðvar eru oftast reknar af samvinnufélögum en samvinnufélög bænda eru nokkuð algeng í Indónesíu, en það er allfrábrugðið því sem sést í mörgum öðrum löndum í Asíu. Mörg þessara félaga eru enn í dag með umfangsmikla starfsemi bæði varðandi móttöku og sölu á landbúnaðarvörum sem og ýmsa aðra þjónustu fyrir félagsmenn sína eins og rekstur á banka, verslunum, heilsugæslu og margs konar annarri þjónustu.

Enn sem komið er, er mjólkinni ekki safnað saman af afurðastöðvum eða móttökustöðvum og þurfa bændurnir sjálfir að fara með mjólkina. Stundum koma bændurnir gangandi með mjólkurbrúsann sinn, aðrir á mótorhjólum og bú með margar kýr senda mjólkina með pallbílum.

Hér sést bóndi standa í litlum akri með fílagrasi. Þetta gras verður á þriðja metra að hæð og er hægt að slá það á 45–50 daga fresti.

Verktakar sem sjá um að slá og koma gróffóðri heim á kúabúin. Konan bar verkfærin á höfði sér en karlinn ók með 2–3 kýrfóður á vélhjólinu.

Kæla mjólkina og senda áfram

Í móttökustöð mjólkurinnar er tekið sýni af mjólkinni, fyrst og fremst til að tryggja að hún sé ekki vatnsblönduð eða súr og svo er hún vigtuð og sett í sameiginlegan tank til kælingar. Móttökustöðvarnar eru með fasta opnunartíma og eftir lokun að morgni og seinnipart dags er mjólkin kæld niður og svo er henni ekið í næstu afurðastöð sem getur verið bæði einkarekin, rekin af erlendum aðilum eða í rekstri samvinnufélags.

Breytingar fram undan?

Í dag er mjólkurframleiðslan í Indónesíu langt frá því að geta sinnt heimamarkaði sínum og geta bú landsins ekki annað nema tæplega 20% af þörfinni og er innflutningur til landsins því stórtækur. Ríkisstjórnin hefur lýst yfir áhuga á því að þetta hlutfall hækki verulega, en það er hreint ekki einfalt að auka hlutfallið því eftirspurnin eftir mjólkurvörum í landinu vex ört þessi árin með vaxandi efnahag. Á sama tíma hefur framleiðsla landsins á pálmaolíu mætt mikilli gagnrýni þar sem vöxtur þeirrar búgreinar hefur komið niður á umfangi regnskógsins. Enn er þó ekki nema 30% af landmagninu í Indónesíu nýtt til landbúnaðar og því finnst mörgum heimamönnum í Indónesíu gagnrýnin á þeirra landnotkun ekki sanngjörn.

Stærri kúabúin eiga pallbíla og koma með marga brúsa í móttökustöðina tvisvar á dag.

Það að bændur í Indónesíu hafi byrjað nýtingu á sínu landi síðar en bændur í mörgum þróaðri löndum, eigi ekki að hefta þeirra möguleika á að afla sér og sínum tekna. Í samanburði hafa verið nefnd dæmi eins og að bæði í Frakklandi og Þýskalandi sé um helmingur landsins nýttur til landbúnaðar og mörg þróuð lönd hafi hærri nýtingu á landi en það.

Það verður án nokkurs vafa fróðlegt að fylgjast með þróun landbúnaðarins í Indónesíu á komandi árum og vonandi tekst heimamönnum og alþjóðasamfélaginu að finna góða lausn svo bændur landsins geti haldið áfram að nýta þetta einstaka land með sem bestum hætti.

VÍKURVAGNAR EHF.
MIKIÐ ÚRVAL KERRUVARAHLUTA

RAFMAGNSBÚNAÐUR
BREMSUR
BEISLI
DEKK
LJÓS
LED LJÓS

VÍKURVAGNAR EHF.
STYRKUR, ÞJÓNUSTA OG ÁREIÐANLEIKI
Víkurvagnar ehf. – Hyrjarhöfði 8. – 110 Reykjavík
Sími 577-1090 – www.vikurvagnar.is – sala@vikurvagnar.is

RML Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Niðurstöður skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum 2018

Guðmundur Jóhannesson
ábyrgðarmaður í nautgriparækt
mundi@rml.is

Sigurður Kristjánsson
skýrsluhald og prófarkalestur
sk@rml.is

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í mjólkurframleiðslunni 2018 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, www.rml.is. Hér verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörinu.

Á árinu 2017 tók gildi sú breyting að afurðaskýrsluhald er nú skilyrði fyrir greiðslum samkvæmt samningi um starfsskilyrði í nautgriparækt. Þetta þýðir að skýrsluhald er í raun og veru skylda fyrir alla framleiðendur mjólkur og nautakjöts, í það minnsta ætli menn að halda gripa- og beingreiðslum. Vegna þessa er þátttaka í skýrsluhaldi hérlendis um 100% sem mun vera einsdæmi eftir því sem næst verður komist.

Þeir framleiðendur sem skiluðu einhverjum, en þó mismiklum upplýsingum um afurðir kúa sinna á nýliðnu ári voru 569 en á árinu 2017 voru þeir 581. Niðurstöðurnar eru þær helstar að 26.207,7 árskýr skiluðu 6.275 kg nyt að meðaltali. Það er afurðaaukning um 116 kg frá árinu 2017 en þá skilaði 26.352,1 árskýr meðalnyt upp á 6.159 kg. Jafnframt eru þetta mestu meðalafurðir frá upphafi vega og þriðja árið í röð sem þær ná yfir 6.000 kg eftir árskú. Umreiknaðar í orkuleiðrétta mjólk (OLM) eru meðalafurðir síðasta árs 6.516 kg/árskú.

Meðalbústærð reiknaðist 47,1 árskýr á árinu 2018 en sambærileg tala var 45,4 árið á undan. Meðalbústærð reiknuð í skýrslufærðum kúm var nú 63,0 kýr en 2017 reiknuðust þær 60,9. Samtals voru skýrslufærðar kýr ársins 35.823 talsins.

Breytingar á framsetningu niðurstaðna

Á árinu 2018 var framsetningu á mánaðarlegum niðurstöðum skýrsluhaldsins breytt. Uppgjörssvæði voru stækkuð og látin fylgja kjördæmunum að mestu í stað birtingar á sýslugrunni áður. Þetta var meðal annars gert til þess að gera meðaltöl marktækari en vegna fækkunar stóðu sums staðar orðið æði fá bú bak við meðaltöl í hverri sýslu. Þá var farið að birta mun fleiri lykiltölur en áður sem lúta þá að fleiri þáttum en einungis fjölda gripa og afurðum. Má þar nefna tölur er taka til frjósemi, heilsufars og endingar.

Mestar meðalafurðir á Austurlandi

Svæðaskipting er nú gjörbreytt eins og áður hefur komið fram. Á árinu voru mestar meðalafurðir á Austurlandi, 6.649 kg, og síðan kemur Norðurland eystra með 6.481 kg.

Stærst eru búin að meðaltali á Austurlandi, 49,7 árskýr, en næststærst eru þau á Suðurlandi, 49,0 árskýr.

Meðalbúið aldrei stærra

Meðalbúið stækkaði milli ára enda jókst innlegg mjólkur milli ára og innleggjendum fækkaði heldur. Meðalinnlegg á bú með innlegg allt árið nam 274.340 lítrum samanborið við 262.961 lítra á árinu 2017. Þetta er aukning upp á rúm 4%. Á sama tíma fækkaði innleggjendum mjólkur um þrettán og voru kúabú í framleiðslu 556 talsins nú um áramótin 2018/19.

Mestar meðalafurðir á Hóli í Svarfaðardal 2018 – en metið á Brúsastöðum stendur

Mest meðalnyt eftir árskú á nýliðnu ári, 2018, var á búi þeirra Karls Inga og Erlu Hrannar á Hóli í Svarfaðardal en búið stóð annað í röð afurðahæstu búa árið áður. Afurðir kúnna á Hóli voru að meðaltali 8.902 kg/árskú og fóru nærri tveggja ára gömlu Íslandsmeti kúnna á Brúsastöðum í Vatnsdal sem er 8.990 kg. Brúsastaðir í Vatnsdal er einmitt það bú sem skipar annað sæti listans að þessu sinni með 8.461 kg/árskú en hafði vermt efsta sætið árið áður auk áranna 2013, 2014 og 2016.

Þriðja í röðinni við uppgjörið nú var bú Guðlaugar og Jóhannesar Eybergs á Hraunhálsi í Helgafellssveit á norðanverðu Snæfellsnesi en þar var meðalnyt árskúnna 8.452 kg. Í fjórða sæti var Hvanneyrarbúið ehf. á Hvanneyri í Andakíl í Borgarfirði þar sem meðalafurðir árskúnna voru 8.289 kg og fimmta búið var Félagsbúið á Syðri-Grund í Grýtubakkahreppi með 8.237 kg eftir árskú. Sjötta í röðinni var bú Gunnbjarnar ehf. í Gnúpverjahreppi hinum forna eða Eystrihreppi eins og hann var áður nefndur og er jafnvel enn meðal staðkunnugra og þeirra er á

Mestar afurðir eftir árskú eftir landshlutum

Uppgjörssvæði	Bú - árslok 2018	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
Vesturland	370179 Hraunháls	Guðlaug og Eyberg	26,6	8.452
Vestfirðir	460128 Hvammur	Ólöf og Valgeir	46,1	8.187
Norðurland vestra	560112 Brúsastaðir	Brúsi ehf	52,1	8.461
Norðurland eystra	650231 Hóll	Karl Ingi og Erla Hrönn	49,0	8.902
Austurland	761412 Núpur	Björgvin Rúnar Gunnarsson	105,3	7.730
Suðurland	870909 Skáldabúðir	Gunnbjörn ehf	60,4	8.223

Nythæstu kýrnar 2018

Kýr	Faðir	Árs-afurðir	Prót-ein	Fita	Bú
1035 Randafluga	0620 Boli	13.947	3,13	4,17	871065 Birtingaholt 4
1038	05028 Vindill	13.736	3,24	4,53	860315 Hólmur
1639001-0848	11021 Otur	13.678	3,16	3,69	770190 Flatey
482	06022 Kambur	13.521	3,41	3,94	660220 Syðri-Grund
1945 Drottning	1780	13.481	3,46	4,13	871078 Birtingaholt 1
0756 Krissa	06010 Baldi	13.142	3,26	3,97	560112 Brúsastaðir
1526461-2113	06019 Logi	13.018	3,53	4,25	651014 Hranastaðir
0643 Rúna	12004 Tárus	12.897	3,22	4,03	650231 Hóll
0278 Lóa	04041 Stíll	12.895	3,40	3,79	550178 Bakki
765	02003 Lykill	12.707	3,59	3,78	651005 Espihóll
1639001-0895	767	12.609	3,42	3,99	770190 Flatey
1639001-0821	668	12.598	3,15	3,99	770190 Flatey
617	11011 Stólpi	12.445	3,23	4,35	460128 Hvammur
0972 Perla	05043 Birtingur	12.386	3,44	4,50	860315 Hólmur
1377801-0653	05001 Stöðull	12.211	3,17	3,83	380184 Lyngbrekka
0573 Sól	07046 Toppur	12.205	3,41	3,78	350802 Ásgarður

Bú þar sem meðalnyt var yfir 8.000 kg/árskú

Bú - árslok 2018	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
650231 Hóll	Karl Ingi og Erla Hrönn	49,0	8.902
560112 Brúsastaðir	Brúsi ehf	52,1	8.461
370179 Hraunháls	Guðlaug og Eyberg	26,6	8.452
350513 Hvanneyri	Hvanneyrarbúið ehf.	72,2	8.289
660220 Syðri-Grund	Félagsbúið Syðri-Grund	50,4	8.237
870909 Skáldabúðir	Gunnbjörn ehf	60,4	8.223
860315 Hólmur	Garðar Guðmundsson	62,0	8.192
460128 Hvammur	Ólöf og Valgeir	46,1	8.187
870840 Reykjahlíð	Búkostir ehf.	73,2	8.166
650926 Moldhaugar	Þröstur Þorsteinsson, Moldhaugum	64,1	8.144
651005 Espihóll	Félagsbúið Espihóli	63,7	8.133
660519 Stóru-Tjarnir	Stóru-Tjarnir ehf	54,5	8.055
650238 Grund	Friðrik Þórarinsson	52,9	8.042
871058 Hrepphólar	Ólafur Stefánsson	62,8	8.003

Uppgjör fyrir tímabilið	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
Fjöldi búa alls	86	18	92	130	29	203	558
Fjöldi búa með skil	86	18	92	128	29	203	556
Fjöldi kúa alls	3.805	687	4.195	6.302	1.440	10.118	26.547
Meðalbústærð, kýr	44,2	38,2	45,6	49,2	49,7	49,8	47,7
Fjöldi árskúa	3.775,7	709,9	4.136,2	6.191,3	1.440,3	9.954,4	26.207,7
Meðalbústærð, árskýr	43,9	39,4	45,0	48,4	49,7	49,0	47,1
Fjöldi 1. kálfs kúa	1.349	227	1.528	2.517	480	3.922	10.023
Fjöldi kvígna eldri en 24 mán	622	187	669	845	248	1.831	4.402
Endurnýjunarhlutfall	35,5	33,0	36,4	39,6	33,3	38,8	37,7
Hlutfall kúa með förgunarástæðu	100,0	100,0	100,1	100,2	100,0	100,2	100,1
Mjólkurframleiðsla síð. 12 mán.							
Meðalbústærð, innlögð mjólk	237.305	196.563	264.396	298.110	305.724	282.273	274.340
Mjólk/árskú	5.989	5.606	6.368	6.481	6.649	6.208	6.275
Fita kg	254	236	273	276	280	264	267
Fita %	4,25	4,21	4,28	4,27	4,21	4,25	4,26
Prótein kg	201	190	217	221	225	209	212
Prótein %	3,35	3,38	3,40	3,42	3,38	3,36	3,38
Kg OLM/árskú	6.200	5.794	6.644	6.757	6.868	6.434	6.516
Mjólkurnýting	90	89	92	93	93	92	92
Frumutala (reiknuð)	273	273	288	247	258	269	267
Mjólkandi kýr							
Dagsnyt/kú	15	14	16	16	18	16	16
Dagsnyt OLM/kú	15	15	17	17	18	16	17
Kjötframleiðsla síð. 12 mán.							
Kýr							
Hlutfall með slátur gögn	87,4	85,3	84,9	85,4	84,9	88,8	86,9
Flokkun	2,51	2,65	2,75	2,59	2,50	2,64	2,62
Dagar frá burði við förgun	227,4	271,8	258,7	217,3	227,2	226,9	230,4
Meðalþungi, kg	193,6	196,0	203,5	198,5	199,1	197,2	198,0
Heilsufar síð. 12 mán.							
Hlutfall með sjúkdómaskráningu	16,8	10,5	16,9	52,8	41,0	18,2	27,2
Kýr							
Fjöldi sjúkdómstilfella á árskú	0,23	0,14	0,23	0,77	0,57	0,26	0,39
Júgurmeðhöndlanir á árskú	0,06	0,03	0,09	0,11	0,12	0,09	0,09
Geldstöðumeðhöndlanir á árskú	0,02	0,00	0,01	0,02	0,03	0,02	0,02
Bráðadauði/slys á árskú	1,09	1,13	1,52	1,57	0,83	1,62	1,46
Kálfar							
Hlutf. dauðra og dauðf. við 1. burð	28,2	21,6	27,8	27,1	24,0	27,3	27,1
Hlutf. dauðra og dauðf. aðrir burðir	9,0	7,2	9,3	8,7	8,2	9,4	9,0
Hlutf. dauðra á 1-180 daga	10,0	5,6	6,8	6,8	5,7	13,0	9,5
Frjósemi síð. 12 mán.							
Dagar frá burði til 1. sæðingar	68,6	71,2	68,0	66,4	61,3	64,5	66,1
Meðalaldur við 1. burð	27,9	29,0	27,2	27,4	28,5	28,0	27,8
Hlutfall kálfa undan sæðinganautum	71,8	64,5	70,7	68,7	69,8	70,8	70,2
Ending							
Kýr							
Meðaldur við förgun, dagar	1.891,3	1.893,8	1.957,5	1.873,4	1.971,4	1.884,4	1.897,9
Meðalfjöldi burða við förgun	3,00	2,75	3,13	3,00	3,09	2,98	3,01
Meðalævilafurðir fargaðra kúa	15.732,7	13.196,8	18.525,8	16.877,2	17.376,3	15.941,4	16.511,9
Annað							
Ný bú í skýrsluhaldi síð. mánuð	0	0	0	0	0	0	0
Bú sem hættu í síð. mánuði	0	0	0	0	0	0	0

Mest meðalnyt eftir árskú á nýliðnu ári, 2018, var á búi þeirra Karls Inga og Erlu Hrannar á Hóli í Svarfaðardal. Mynd / HKr.

Nythæsta kýrin 2018, Randafluga 1035 í Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi. Hér er Randafluga með kvígukálfi sem hún var að bera og hefur fengið nafnið Húsfluga. Þetta er fimmti kálfurinn hennar. Mynd / Sigurður Ágústsson í Birtingaholti.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

svæðinu búa. Meðalnytin þar var 8.223 kg eftir árskú. Þessum búum til viðbótar náðu átta bú yfir 8.000 kg meðalafurðum eftir árskú eins og sjá má í meðfylgjandi töflu og hefur fjöldi svo afurðahárra búa aðeins einu sinni verið meiri, árið 2017 þegar þau voru 15.

Randafluga 1035 í Birtingaholti 4 mjólkaði mest

Nythæsta kýrin á landinu árið 2018 var Randafluga 1035 í Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi, undan Bola 620 Kastalasyni 07003, en hún mjólkaði 13.497 kg með 4,17% fitu og 3,13% próteini. Burðartími Randaflugu féll mjög vel að almanaksárinu en hún bar sínum fjórða kálfi 3. janúar 2018. Randafluga fór hæst í 55,1 kg dagsnyt á nýliðnu ári en var komin í geldstöðu í desember s.l. Hún sýndi strax á sínu fyrsta mjólkurskeiði mikla afurðagetu er hún fór í 30 kg dagsnyt og náði mjaltaskeiðsafurðum upp á 9.344 kg. Skráðar æviafurðir hennar á fjórum mjaltaskeiðum voru 44.998 kg um síðustu áramót. Randafluga stendur þegar þetta er skrifað með 113 í kynbótamat, þar af 132 fyrir afurðir og á nautastöðinni á Hesti sinnir nú rétt um ársgamall sonur hennar og Úranusar 10081, Humall 18001, því hlutverki sínu að gefa sæði til kynbóta á íslenska kúastofninum.

Önnur í röðinni árið 2018 var kýr nr. 1038 í Hólmi í Austur-Landeyjum, undan Vindli 05028, en hún mjólkaði 13.736 kg með 4,53% fitu og 3,24% próteini. Þessi kýr bar öðrum kálfi sínum 17. desember 2017 og fór hæst í 48,1 kg dagsnyt á árinu 2018. Skráðar æviafurðir hennar eru 22.112 kg. Þriðja nythæsta kýrin var kýr nr. 848 í Flatey í Hornafirði, undan Otri 11021, en nyt hennar á árinu var 13.678 kg með 3,69% fitu og 3,16% próteini. Hún bar sínum þriðja kálfi 23. nóvember 2017, fór hæst í 48,1 kg dagsnyt og skráðar æviafurðir hennar eru 23.559 kg. Fjórða nythæsta kýrin var kýr nr. 482 á Syðri-Grund í Grýtubakkahreppi, dóttir Kambs 06022, en hún mjólkaði 13.521 kg með 3,94% fitu og 3,41% próteini. Hún bar þriðja sinni og þá tvíkelfingum á Þorláksmessudag 2017, fór hæst í 43,5 kg dagsnyt á árinu 2018 og skráðar æviafurðir eru 29.221 kg. Fimmta í röðinni var Drottning 1945 í Birtingaholti 1 í Hrunamannahreppi, dóttir 1780, sonar Kola 06003. Drottning bar öðrum kálfi sínum 16. desember 2017 og fór hæst í 50,5 kg dagsnyt á mjólkurskeiðinu en hún skilaði 13.481 kg á árinu með 4,13% fitu og 3,46% prótein. Skráðar æviafurðir Drottningar eru 23.737 kg.

Alls skilaði 91 kýr afurðum yfir 11.000 kg og þar af 16 yfir 12.000 kg. Árið 2017 náðu 77 kýr nyt yfir 11.000 kg.

Á bænum Tjörn á Skaga er kýrin Braut 112 sem státaði um síðustu áramót af mestu æviafurðum íslenskra kúa sem þá voru á lífi, eða 98.955 kg. Mynd / HKr.

Brúsastaðir í Vatnsdal sem eru í eigu Gróu Margrétar Lárusdóttur og Sigurðar Ólafssonar voru í öðru sæti yfir nythæstu búin 2018. Tveggja ára gamalt met með 8.990 kg að meðaltali eftir árskú stendur enn óhaggað. Mynd / HKr.

Braut 112 á Tjörn á Skaga við 100 tonna múrinn

Af þeim kúm sem eru á lífi í dag státar nú Braut 112 á Tjörn á Skaga, dóttir Stígs 97010, af mestum æviafurðum. Um áramótin hafði hún mjólkað 98.955 kg þannig að óðfluga styttist í 100 tonnin en við sjáum gjarnan í erlendum nautgriparæktartímaritum kýr sem ná 100 tonna æviafurðum heiðraðar. Rétt er að hafa í huga að þar er oftar en ekki um að ræða Holstein-kýr sem mjólka mun meira að meðaltali en íslenskar kýr. Það er því mikið afrek hjá kúm af kyni þar sem meðalafurðir eru ríflega 6.000 kg á ári að ná 100 tonna æviafurðum. Braut 112 er fædd 12. september 2005 og átti sinn fyrsta kálf 23. október 2007 en alls hefur hún borið 10 sinnum að meðtöldum tveimur fósturlátum. Þrátt fyrir þau áföll er Braut nú búin að mjólka 98.955 kg mjólkur eins og áður sagði. Mestum afurðum á einu almanaksári náði hún 2011, 10.961 kg, en á árinu 2017 hjó hún nærri því er hún mjólkaði 10.699 kg. Mestum afurðum á einu mjólkurskeiði, í það minnsta hingað til, hefur hún náð á yfirstandandi mjólkurskeiði, 18.354 kg um síðustu áramót. Þetta mjólkurskeið er orðið langt en hún bar síðast 7. febrúar 2017. Endist henni aldur og heilsa verður það enn lengra. Hún var hins vegar enn að og við mælingu í desember var Braut í 23 kg dagsnyt. Hún á því góða möguleika á að rjúfa 100 tonna múrinn á allra næstu misserum.

Næst Braut 112 stendur Jana 432 á Ölkeldu 2 í Staðarsveit á Snæfellsnesi en hún hafði um síðustu áramót mjólkað 95.069 kg. Þessi kýr er fædd 8. mars 2005, bar fyrsta kálfi 18. september 2007 og hefur borið níu sinnum til viðbótar, nú síðast 28. desember 2017. Hún er með fangi og væntanlegur burðardagur er þann 2. Júlí í sumar. Jana hefur verið farsæl kýr en mestum afurðum á einu ári, allavega hingað til, náði hún 2103 er hún mjólkaði 10.372 kg. Mestum mjaltaskeiðsafurðum náði hún á sínu sjötta mjaltaskeiði eða 11.614 kg. Á yfirstandandi mjaltaskeiði hefur hún mjólkað 10.314 kg þannig að líklega verður það hennar afurðamesta en hún var í 18 kg dagsnyt við mælingu í desember s.l. Rétt er að taka fram að Jana hefur skilað reyndu nauti til notkunar en Öllari 11066 var sonur hennar og Ófeigs 02016.

Núverandi Íslandsmet í æviafurðum á Mókolla 230, dóttir Snarfara 93018, á Kirkjulæk 2 í Fljótshlíð, 117.635 kg.

Á síðastliðnu ári var ein þeirra kúa sem telja má til afrekskúa í íslenska kúastofninum felld eftir langa og farsæla ævi. Vorkoma 534 í Garði í Eyjafirði var fædd á Torfufelli í Eyjafirði 7. maí 2004, dóttir Prakkara 96007, en flutti aðsetur sitt að Garði strax að lokinni mjólkurfóðrun eða við þriggja mánaða aldur. Hún var felld í ágúst s.l. Fyrsta kálfi bar hún 24. september 2006 og hún bar 11. og síðasta sinni 30. apríl 2018. Vorkoma náði að mjólka 96.215 kg á æviskeiði sínu en mestum afurðum á einu almanaksári náði hún 2014 þegar hún mjólkaði 9.523 kg. Afurðamesta mjólkurskeið hennar var það þriðja þegar hún mjólkaði 11.332 kg.

Mjólkurframleiðendum öllum, en ekki síst ábúendum á Hóli í Svarfaðardal og Birtingaholti 4 í Hrunamannahreppi, óskum við til hamingju með glæsilegan árangur og þökkum samstarfið á nýliðnu ári.

Sælureitur

Bjóðum vönduð heilsárshús, hönnuð og framleidd fyrir íslenskar aðstæður sem henta jafnt sem lítil íbúðarhús, sumarhús og til útleigu.

- Vönduð viðarklæðning á veggjum í lit að eigin vali.
- 150mm einangrun í gólfi og veggjum.
- 225mm einangrun í lofti.
- Vandað vinilparket á gólfum.
- 18m² viðarpallur fylgir með.
- Aðrar stærðir fáanlegar.

Fullbúið 31m² hús með gólfefnum, húsgögnum og palli.

Verð aðeins

kr. **6.990.000**

án vsk (8.667.600 m. vsk)*

Öll húsin eru íslensk hönnun og byggðar í samræmi við íslenskar byggingareglugerðir.

Náttstaður

Bjóðum fullbúið 40m² heilsárshús með 2 íbúðum sem hentar mjög vel til útleigu eða sem aðstaða fyrir starfsmenn.

- Vönduð viðarklæðning á veggjum í lit að eigin vali.
- 150mm einangrun í gólfi og veggjum.
- 225mm einangrun í lofti.
- Vandað vinilparket á gólfum.
- Góð hljóðeinangrun á milli herbergja.
- 22m² viðarpallur fylgir með.

Fullbúið hús með gólfefnum, húsgögnum og palli.

Tilboðsverð

kr. **7.980.000**

án vsk (9.895.200 m. vsk)*

Öll húsin eru íslensk hönnun og byggðar í samræmi við íslenskar byggingareglugerðir.

*Öll verð miðast við gengi EUR 133.

JÖTUNN BYGGINGAR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Sími 480 0480 // byggingar@jotunn.is // www.jotunn.is

VÉLABÁSINN

Nýr, stærri og betri SsangYong Rexton

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Í byrjun árs frumsýndi Bílabúð Benna nýjan og mikið breyttan SsangYong Rexton, alvöru jeppa sem byggður er á grind og er mikið breyttur frá síðustu árgerð.

Ég hugðist taka smá rúnt á bílnum og bera saman við fyrri árgerðirnar, en bíllinn var svo skemmtilegur að litli rúnturinn endaði í tæpum 300 km.

Lengri, breiðari, kraftmeiri og betur búinn

Fyrst þegar ég prófaði Rexton var vélin 151 hestafl, lengdin 4.300 mm. Næsti bíll var 178 hestöfl og 4.755 mm. langur, en nú er vélin orðin 181 hestafl og lengdin komin upp í 4.850 mm. Sem sagt stærri, kraftmeiri og þar sem að Rexton er einn af fáum jeppum sem byggður er á grind kemst hann í jeppaflokk í mínum skilningi (verður að vera byggður á grind og vera með hátt og lágt drif til að komast í flokk jeppa í mínum skilningi).

Tæknilega er bíllinn vel búinn og vandaður með mun meira af öryggisbúnaði og þægindum sé miðað út frá fyrri bílunum tveim sem ég prófaði í febrúar 2015 og apríl 2017.

Öryggi og þægindi

Fyrst vil ég nefna öryggisþáttinn í bílnum, en í nýja bílnum eru 9 loftpúðar sem verja ökumann og farþega fyrir höggum í árekstri. Enginn annar jeppi eða jepplingur er með svona marga loftpúða, en helsta nýjungin er loftpúði fyrir framan hné ökumannsins, en ófá slysin hafa orðið á ökumönnum við árekstur þar sem hnén hafa tjónast við að klemmast undir mælaborði bíla.

Helstu hjálpartæki til öryggis í bílnum eru akreinalesari, blindhornsvari, sjálfvirk neyðarhemlun sem tengd er fjarlægðarskynjurum, skiltalesari sem les umferðarskilti og birtir í mælaborði.

Meðal þæginda eru m.a. hiti í stýri, stór 9,2 tommu skjár með íslensku leiðsögukerfi, hiti og kæling í framsætum, 220 volta rafmagnstengill, ný tækni sem stjórnast af fjórum myndavélum sem auðveldar að leggja í stæði, en með þessari tækni er m.a. hægt að sjá bílinn í þrívídd sem virkar eins og að loftmynd sé tekin þrjá til fjóra metra upp og aftan við bílinn.

Einnig er í bílnum skynjari sem segir bílstjóranum að stoppa og fá sér kaffi ef aksturinn er orðinn langur, en þá kviknar í mælaborðinu ljós með mynd af rjúkandi kaffibolla.

Í sjálfskipta bílnum er bakkgírinn í tveim þrepum, en hann skiptir sér upp þegar bakkað er hratt og langt.

Prufuaksturinn

Kaldur bíllinn var fljótur að hitna, eftir gangsetningu vélar á meðan gengið var hringinn í kringum bílinn og sópaður snjórinn af honum var kominn þokkalegur hiti inn í bílinn. Með hitann á stýrinu og sætishitann á var haldið af stað í bíltúr. Fyrst var tekin langkeyrsluprufa til að skoða eldsneytiseyðslu og samkvæmt bæklingi er bíllinn að eyða 8,3 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri, á Reykjanesbrautinni var aksturstölvan að segja mér að mín eyðsla væri nálægt 7,7 lítrum á hundraðið, en það sem kom mest á óvart var lítið veghljóð inni í bílnum á 90 km hraða. Samkvæmt minni mælingu var hljóðstyrkurinn inni í bílnum að mælast á bilinu 65–67db, sem er óvenju lágt og bendir til að bíllinn sé afar vel hljóðeinangraður. Hins vegar gæti það hjálpað að í bílnum er ný tegund mótorpúða sem eru olíufylltir og eiga að gefa minna hljóð og titring frá vél en hefðbundnir mótorpúðar úr gúmmíi.

Aðeins einn mínus

Eins og þeir sem þekkja mín skrif þá finnst mér að varadekkslausa bíla ætti að banna, en þessi bíll er varadekkslaus. Smá klór í „bjargarbakkann“ er að bílnum fylgir dekkjaviðgerðarsett sem á að vera hægt að laga til bráðabirgða dekk sem eru með allt að þriggja sentímetra rifu og er meiningin hjá Bílabúð Benna að kenna væntanlegum kaupendum á viðgerðarsettið.

Margir bílar eru með þannig ljósabúnað að það þarf alltaf að kveikja og slökkva ljósin til að fá á bílana afturljósin, en SsangYong Rexton er þannig að nóg er að kveikja ljósin einu sinni og hafa þau alltaf kveikt því þau slokkna þegar bílnum er lokað þrátt fyrir að mælaborðið segi manni að slökkva ljósin þá er best að hunsa þessa beiðni.

Plúsarnir eru svo margir að þeir vega mun meira en þessi eini varadekks mínus og spurning um hreinlega að fjárfesta í aukadekki og felgu.

SsangYong Rekston er fáanlegur í þrem útgáfum til að byrja með á verði frá 6.990.000 upp í 8.990.000 krónur. Hægt væri að skrifa mun meira um þennan bíl, en sé áhugi á meiri fróðleik þá bendi ég á sölumenn Bílabúðar Benna eða á vefsíðunni www.benni.is.

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	2.049 kg
Hæð	1.825 mm
Breidd	1.960 mm
Lengd	4.850 mm
Eldsneytistankur	70 lítrar

SsangYong Rexton kemur á mismunandi stærðum af felgum, en þessi er á 18 tommu felgum. Myndir / HLJ

Undir lægsta punkt á óbreyttum bíl er 22,4 cm.

Aldrei áður hef ég ekið sjálfskiptum bíl áður sem er með tvo bakkhraðagíra, en skiptingin er frá Benz og skiptir upp um gír þegar bakkað er hratt.

Í mörgum bílum koma mikil óhreinindi á listann þar sem gengið er um bílinn, en á Rexton eru listarnir tveir og fyrir vikið helst bíllinn hreinn svo að maður þarf ekki að eiga á hættu að óhreinka sig þegar stigið er út úr bílnum.

Blindhornsvarinn er að verða staðalbúnaður í flestum nýjum bílum og ætti að vera í öllum bílum.

220 volta tengill er í bílnum, en til að fá straum í tengilinn verður að kveikja á honum í mælaborðinu.

Óvenju lítill hávaði er inni í bílnum á 90 km hraða sem má eflaust þakka olíufylltum mótorpúðunum að hluta.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Frábær árangur í forvörnum á Írlandi á síðasta ári

Hjörtur L. Jónsson
liklegur@internet.is

Þann 22. febrúar á síðasta ári vitnaði ég í þessum pistli til nýjungar sem Írar eru að gera í forvörnum til að fækka slysum almennt í landinu og lögð var sérsök áhersla á forvarnir til að fækka slysum tengdum landbúnaðarstörfum. Þann 8. janúar komu bráðabirgðatölur um árangurinn sem er ótrúlega góður og leyfi ég mér að vitna hér að neðan til viðtals við forstjóra HSA (Helth and Safety Authoryty) og fréttatilkynningu frá HSA.

Að meðaltali frá 2005 hafa orðið að jafnaði 45–50 banaslys árlega á Írlandi og þar af nálægt 20–25 sem höfðu látist í vinnu tengdum landbúnaðarstörfum.

23% fækkun slysa frá meðaltalsárunum

Þann 8. janúar var búið að fara lauslega yfir tölur ársins 2018 og tölurnar hreint frábærar þó svo að aldrei sé ásættanlegt að einhver látist í slysum, sagði dr. Sharon McGuinness, forstjóri heilbrigðis- og öryggismálaráðuneytisins.

„Ég er mjög ánægður með fækkun á vinnutengdum dauðsföllum 2018. Dánartíðnin 1,6 á hverja 100.000 starfsmenn er sérstaklega góður árangur þar sem það var 6,4 á 100.000 starfsmenn snemma á tíunda áratugnum. Alls létust 37 manns á Írlandi í vinnuslysum 2018 sem er lækkun um 23%.Landbúnaðarstörfin hafa verið hættulegasta starfsgrein Írlands í mörg ár, en í fyrra létust 15 við landbúnaðarstörf, en 25 árið 2017. Þetta er lækkun upp á 40% og aldrei frá stofnun HSA verið svona fá slys við landbúnaðarstörf,“ sagði Sharon McGuinness forstjóri.

Árangurinn má þakka miklu átaki í forvörnum

„Á síðasta ári var gert mikið átak í forvörnum, aðgengi var gert betra að fræðsluefni, settir voru upp skyndihjálparskólar og námskeið og ný úttekt gerð á áhættuþáttum við landbúnaðarstörf.

Allt þetta og almennur samhugur og vitund stuðlaði að svona góðu ári hjá Írum. Margir einstaklingar og stofnanir unnu sameiginlega að þessu mikla átaki og má þakka samstilltum hóp og jákvæðni í garð átaksins árangurinn,“ sagði Sharon McGuinness.

Hefur Brexit áhrif á framhaldið?

„Þó að búskapur hafi náð miklum árangri 2018, eru 15 banaslys, jafngild 41% af heildar dauðsföllum, það er of mikið fyrir atvinnugrein eins og landbúnað sem er aðeins um 6% af heildarvinnuafli Írlands.

Næsthæsti geirinn er byggingarvinna með 5 dauðsföll árið 2018 (14% af heildarhlutanum) þannig að báðar atvinnugreinarnar verða lykilatriði fyrir okkur árið 2019 í forvörnum. Ég hvet alla hagsmunaaðila, einkum bændur og þá sem starfa við byggingar, að einbeita sér að því að tryggja áframhald af þessari mjög jákvæðu þróun árið 2019.“ – Dr. McGuinness bætti við:

„Hagkerfið er blómlegt með þúsundum nýrra starfsmanna sem taka þátt í vinnuafli í hverjum mánuði. Það eru áskoranir fram undan, svo sem Brexit og einnig sú staðreynd að margir atvinnurekendur standa frammi fyrir færni og skorti á ákveðnum sviðum. Í þessu sambandi er mikilvægt að heilsa og öryggi starfsmanna sé áfram í forgangsröðinni. Öruggir og heilbrigðir starfsmenn eru burðarás allra árangursríkra fyrirtækja.“

Verður fróðlegt að fylgjast með

Svo virðist sem Írar hafi náð árangri sem vert væri að skoða betur til að læra af þeim. Hins vegar er alveg möguleiki á að Írar hafi dottið á „heppnisár“ í slysatíðni.

Allavega vildi ég benda á þennan frábæra árangur Íra á síðasta ári í von um að ná svipuðum árangri hér á landi í forvarnarvinnu.

Bændablaðið
Kemur næst út
14. febrúar
Smáauglýsingar
56-30-300

RÍKISKAUP
Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.is

TEINAGRINDUR TIL SÖLU - UPPBOÐ

Vegagerðin auglýsir til sölu notaðar teinagrindur lxh, 2.500x1.230 mm. (Grindur sem voru milli akreina).

1.500 stk. sem seldar verða á uppboði hjá Krók ehf. Grindurnar verða boðnar upp í 3x500 stk. einingum.

Aðgengi að uppboðinu er á vefsíðunni:
http://www.bilauppbod.is/

BRIGGS&STRATTON

Mótorar og varahlutir á lager
Hröð og góð þjónusta

Dreifingaraðili BRIGGS & STRATTON á ÍSLANDI

MHG Verslun ehf | Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogi
Sími 544-4656 | www.mhg.is

KROSSGÁTA Bændablaðsins

MYND: RYAN HODNETT (CC BY-SA 4.0)

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

	99	GORM	MESSÍAS	SKOLLANS	TVEIR EINS	TRÉ	■	HRESS	BLANDAR	INN-HVERFUR	MJÖG
	ÓGÖNGUR										
	KÚLU						SLEIT / Á FLÍK				
	KÆLA				KRÆKLA / SKRÁ						
	VANALEG LEIÐ / FÁLMA							EYRIR / ÚTLIMUR			
■		ÁGÆTT	GÆTA / TVEIR EINS					BRAK / SPIL				STJAKA
AF-HENDING						KVIK-MYNDA-HÚS	NOKKRIR / ÁKÆRA				AFSPURN	BÚ-PENINGUR
DÝRA-HLJÓÐ					ELDS / NÆR ÖLL					ALDIN-LÖGUR / ÞESSI			
ÓNEFNDUR			ÞÍÐA / ÖRLÁTUR						RÆSKJA SIG / KIRTILL				
HLÓÐIR				FUGL / KAPÍTULI				LJÓS / SKJÓL-LAUS						ÞÁTT-TAKANDI
■		ATVIKAST / HERÐA-KLÚTUR				ÖGN					FÓSTRA / VELGJA		
SPERGILL						SPENDÝR / FUGL				FLÖTUR / FITA			
BLAÐRA							STEFNA / UTAN					KRINGUM	Í RÖÐ
MANNS-NAFN					GYÐJA				DUGLEGUR				
RÓMVERSK TALA			ELJU-SAMUR						UMGERÐ				

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

MYND: MATT LAVIN (CC BY-SA 2.0)

HÖFUNDUR BH • KROSSGATUR.GATUR.NET

	98	HRASA	RISI	JAPLA	MERGÐ	■	FUGL	STEIN-BOGI	SMÁTT	SKRAUT-STEINN	PRÓF-TITILL
	PLANTA	S	T	J	Ú	P	U	B	L	Ó	M
	KRAKKI	K	R	Ó	I	ÞRÍFA / GÁ	G	R	Í	P	A
	RUNA	R	Ö	Ð	SLOTA / MÖRK	S	L	Ú	T	A	MASAR
	VONSKA	I	L	L	S	K	A	LYKT / ÁVÖXTUR	I	L	M
■	Ś	VÍÐUR	LÍÐA VEL	FRERI / ÁTT	K	L	A	K	I	TIGNA	A	Ð	L	A
SLAGA	K	R	U	S	A	FÝLA	FYRIRHÖFN / FRAM-BURÐUR	Ó	M	A	K	KÝRAUGA	RÓMVERSK TALA / LÉST	L
KVK GÆLUNAFN	R	Ú	N	A	PÚSSA / BÝLI	F	Á	G	A	BYLGJA / OFRA	A	L	D	A
ERGJA	A	M	A	RUDDI / TRAÐKAÐI	B	Ú	R	I	ANDRÍKUR / OP	F	R	J	Ó	R
TVEIR EINS	U	U	BLEK / SKOLLANS	T	Ú	S	S	EINÓMUR / SLEPPA	M	Ó	N	Ó	EFTIRSJÁ	BRAKA
SKJÓTUR	F	R	Á	R	SPENDÝR / HLUTA	S	E	L	U	R	STIG	R	I	M
■	Þ	BORG / NUGGA	R	Ó	M	MÆLI-EINING / MAGUR	T	O	N	N	SVELGUR / REKKJA	I	Ð	A
VELLÍÐAN	U	N	A	Ð	U	R	SNÖGGUR / TVEIR EINS	S	N	A	R	TVEIR EINS / HLJÓTA	R	R
LETUR-TÁKN	R	Ú	N	SPARSEMI	N	Ý	T	N	I	BRODDUR	Ú	F	U	R
FLJÓT-FÆRNI	R	A	S	NABBI	A	R	T	A	NIÐUR-LÆGJA	S	M	Á	N	A

Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

LÍF & LYST – BÆRINN OKKAR

Sólheimahjáleiga



Á Loðmundarstöðum búa Einar Freyr Elínarson og Sara Lind Kristinsdóttir.

Þau reka félagsbú með Elínu Einarsdóttur og Jónasi Marinóssyni, sem búa í Sólheimahjáleigu.

Býli: Býlið heitir Sólheimahjáleiga.

Staðsett í sveit: Í Mýrdalnum við rætur Sólheimajökuls, þar sem Loðmundur gamli nam land.

Ábúendur: Einar Freyr Elínarson og Sara Lind Kristinsdóttir (búa á Loðmundarstöðum) í félagsbúi með Elínu Einarsdóttur og Jónasi Marinóssyni (búa í Sólheimahjáleigu).

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Börnin tvö; Gréta Björk, fimm ára og Ásmundur Kristinn, þriggja mánaða og tíkurnar Ronja og Perla.

Stærð jarðar? Um 50 hektarar af túnum og nokkur þúsund hektarar af svörtum sandi og heiðarlandi milli jökuls og sjávar.

Gerð bús? Sauðfjárbú og ferðaþjónusta. Köllum okkur ferðaþjónustubændur.

Fjöldi búfjár og tegundir? Erum með 290 kindur, 4 geitur, 3 hesta, 14 hænur og 20 herbergja gistiheimili.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Gjafir í fjárhúsum um morgun og seinnipart ásamt tilfallandi vinnu við ferðaþjónustuna, s.s. framreiðsla morgun- og kvöldverðar.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Leiðinlegast er að hreinsa grindur í fjárhúsunum. Skemmtilegast er að hleypa út lambám á vorin í góðu veðri og elda góðan mat fyrir ferðamenn.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Þá verðum við vonandi búin að þróa heimavinnslu afurða hjá okkur enn frekar og farin að græða pening á sauðfénu í gegnum ferðaþjónustuna!

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Þau eru skemmtileg en mikilvægt er að félagskerfið sé einfaldað og gert markvissara.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Honum mun vegna vel svo lengi sem menn eru tilbúnir að berjast fyrir honum!

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Besti útflutningurinn er að selja ferðamönnum hér heima og kynna þá fyrir öllum þeim frábæru kennimerkjum íslenskra matvæla; rekjanleika og lítilli lyfjanotkun. Þeir bera svo hróðurinn út um heim allan og markaðir opnast.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Ostur, smjör, mjólk, egg og lýsið, sem staðið hefur óopnað síðasta árið. Og að sjálfsögðu er frystirinn fullur af kjöti

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Kindahakk sem nýtist í hina ýmsu rétti.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar geiturnar voru komnar upp á húsþak og það þurfti að setja rafstreng á þakskeggið.

Einnig flutningur búfjár í Meðallandið vorið 2010, vegna eldgoss í Eyjafjallajökli.

MATARKRÓKURINN

Hráfæði og keto – sellerírótarhrásalat og steik

Bjarni Gunnar Kristinsson
Matreiðslumeistari

Á hverju ári koma fram nýir matarkúrar sem fá athygli í fjölmiðlum – þar sem hröðu þyngdartapi og/eða betri heilsu er lofað. Tveir af þeim vinsælustu um þessar mundir eru Raw Food Diet (hráfæði) og Ketogenic Diet (keto).

Þótt það sé auðvelt fyrir heilbrigðisstarfsmenn að segja: „fólk á bara að borða hollt og hreyfa sig“, þá ættu allir að vita að þetta er í grunninn bara spurning um hitaeiningar, sem þarf að neyta í hófi til að léttast eða jafnvel að auka inntöku á til að stækka vöðva og þyngjast með æfingum. Með því að borða meira en líkaminn brennir, safnast upp forði í formi fitu. En hvort sem fólk vill bæta við sig þyngd í formi fitu eða vöðvamassa – eða losa sig við auka orkuforða – þá eru allir að leita að bragðgóðum lausnum í sínum verkefnum við þyngdarstjórnun.

Hér eru dæmi um mataræði þessara tveggja matarkúra sem nefndir eru hér að ofan og uppskriftir fyrir hvorn þeirra.

Hráfæði (óeldað hráefni)

Mataræðið miðast við þá forsendu að við eldun á hráefni eyðileggjast næringarefni og ensími sem eru í matnum og stuðla að betri meltingu, sjúkdómavörnum og almennt betri heilsu. Sumir sem kjósa hráfæði eru vegan og borða aðeins matvörur á borð við ávexti, grænmeti, hnetur, fræ, korn og belgjurtir, en aðrir vilja óeldaðar dýraafurðir eins og ógerilsneydda mjólk og osta – sem getur verið erfitt að fá hér á landi nema „beint frá býli“. Margir bændur telja slíka hrámjólk bestu mjólkina.

Kostur: Ekki þarf að elda, bara sneiða og krydda.

Ókostur: Að borða aðeins hráan mat getur valdið erfiðleikum að uppfylla daglega orkuþörf eða að fá öll nauðsynleg næringarefni. Fólk sem aðhyllist þetta mataræði ætti því að hugsa sig vel um og vanda sig við skipulagningu á mataræðinu til að ævinlega sé „nóg á tankinum“ af orku og næringarefnum.

Sellerírótar -og eplahrásalat

Mjög ferskt salat, þunnar ræmur af sellerírót, blaðselleríi og eplum í sítrónu-sinneps vinaigrette.

Sinneps dressing

- 2 tsk. Dijon sinnep
- 2 msk. eplasafi eða hvítvíns edik
- 4 msk. ólífuolía (eða 2 msk. ólífuolía og 2 msk. valhnetuolía)
- Sjávarsalt og ferskur malaður pipar eftir smekk

Hrásalat

- 1 miðlungsstór sellerírót
- 1 miðlungsstórt epli (eins og Granny smith eða Fuji)
- 4 miðlungsstórir blaðselleríisstilkar
- 2 msk. fersk-kreistur sítrónusafi (um ½ stór sítróna)
- 2 matskeiðar fersk selleríblöð, fínt söxuð
- 1/4 bolli fersk steinselja fínt söxuð
- ¼ bolli / 28 g valhnetur, ristaðar

Blandið saman sinnepi og ediki og hrærið vel saman. Bætið olíunni við, kryddið með salti og pipar eftir smekk. Setjið til hliðar.

Skrælið sellerírót og rífið niður með mandólíni, beittum hnífi eða rifjárni. Kryddið með einni matskeið af sítrónusafa. Kjarnhreinsið og skerið eplið eins með beittum hnífi. Skerið líka blaðselleríið eins og blandið saman við sellerírótina og eplið.

Gott er að krydda með fínt söxuðum selleríblöðum, steinselju-sinneps vinaigrette og skreyta með ristuðum valhnetum og smá salti, áður en það er borið fram.

Ketogenic mataræði (keto)

Keto-mataræði er kolvetnissnautt. Flest afbrigði mataræðisins gera ráð fyrir að aðeins um fimm prósent af kaloríum komi úr kolvetni – um 25 grömm á dag ef þú borðar í kringum 2.000 hitaeiningar. Markmið þessa mataræðis er að setja líkamann í ketosis-ástand, þannig að hann vinni orkuna úr fituforða líkamans, vegna skorts á glúkósa frá kolvetnum.

Máltíðir byggjast á kjöti, alifuglum, fiskum, eggjum, fituríkum mjólkurvörum (smjöri, osti og rjóma), góðri fitu (olíu, hnetum, fræjum og avókadó) og grænmeti sem inniheldur lítið kolvetni (grænt grænmeti, tómatar, laukur, paprika o.fl.). Allt sterkjuríkt grænmeti, korn, ávextir, mjólkurvörur eins og mjólk og jógúrt, náttúrulegan og hvítan sykur og sætuefni – og hvaðeina sem eykur kolvetnainntöku þannig að hún fari yfir fimm prósent af heildarkaloríufjöldanum – ætti að forðast.

Kostir: Aukin neysla á dýrapróteinum og notkun á góðum olíum og fitu –eitthvað sem ekki er alltaf gert í mataræði með kolvetnaskertu hráefni og er þá gott fyrir bændur. Annað gott sem er í aðalhlutverki, grænmeti í næstum öllum máltíðum og snarli.

Ef fjölbreytt grænmeti er valið er líklegt að hægt sé að ná ráðlögðum skammti af trefjum og vítamíni. Gæti hjálpað fólki með endalaust hungur og löngun í sykur, prótein og fita er meira mettandi í sama hitaeiningarfjölda og kolvetni.

Ókostir: Getur reynt á líkamann þegar glúkósastig er lágt. Ekki endilega æskilegt ástand fyrir líkama sem er í fullri virkni – og fyrstu dagarnir einkennast oft af „keto-flensu“; höfuðverkjum og máttleysi. Ekki gott mataræði fyrir vegan-fólk því það er næstum ómögulegt að finna allt það prótein sem þarf eingöngu úr plöntum.

Steik með hvítlaukssmjöri, aspas og sveppum

Þetta er auðveld uppskrift er einnig glútenfrí, lítið kolvetni, paleo og keto.

Fyrir fullkomna pönnusteik er mikilvægt að velja fitusprengdan vöðva – því fitan bætir bragðið og steikin verður safaríkari að auki.

Aðferð

1. Láttu steikina ná stofuhita.
Þurrkið með pappírsþurrku og leyfðu steikinni að ná stofuhita til að hún eldist jafnt.

2. Brúnið á háum hita fyrst.
Hár hiti mun gefa kjötinu góða skorpu ásamt góðu bragði.
Sumir kjósa steypujárnspönnu til að steikja kjötið vegna þess að hún heldur hita frábærlega og gefur betri steikingaráferð en ryðfríu stálpönnurnar.

3. Kryddið steikina.
Það er mikilvægt að pensla kjötið með smá ólífuolíu, svo smá salt og nýmalaður svartur pipar. Þá er líka góð hugmynd að bæta við kryddtegundum sem þér líkar; hvítlauk, söxuðum lauk, chili-flögum og svo framvegis.

4. Snúðu steikinni einu sinni á pönnunni.
Snúðu steikum aðeins einu sinni – ef snúið er of oft kemur það í veg fyrir að hún nái réttri steikingaráferð.

5. Notkun kjöthitamælis til að fá ákjósanlega eldun.
Það fer eftir þykkt steikurinnar hversu lengi hún er að eldast, en með hitamæli er auðvelt að tryggja að steikin verði samkvæmt smekk.
Mjög rare: 55 °C
Miðlungs rare-: 58–60 °C
Miðlungs: 60–62 °C
Vel elduð : 65 °C og hærra

6. Bætið við hvítlauk eða kryddjurtasmjöri.
Að steikja kjötið með smjöri eða kryddjurtasmjöri í lok eldunartímans bætir bragð og gerir kjötið safaríkara.

7. Hvílið steikina.
Þegar steikin er tilbúin fyrir þig, taktu hana af hitanum, breiddu yfir hana með filmu og láttu hvíla í fimm mínútur áður en hún er skorin, til að tryggja að kjötsafinn leki ekki út.

8. Berið fram með uppáhalds meðlætinu.
Til dæmis ristaðan aspas á pönnu, smjörsteikta sveppi, og salat.

HANNYRÐAHORNIÐ

Móðir náttúra

– Heklað dúlluteppi úr Drops Delight

Stærð: ca 84 x 120 cm.

Garn: Drops Delight, fæst í Handverkskúnst 200 g litur 08, grænn/beige

150 g litur 16, grænn/blár, 100 g litur 07, ljósbrúnn/blár, 100 g litur 09, túrkís/fjólublár. Ef teppið er heklað í einum lit þarf ca 500 g af þeim lit.

Heklunál: nr 4.

Heklfesta: 20 stuðlar x 11,5 umferðir = 10 x 10 cm. Hver dúlla mælist ca 12 x 12 cm.

Drops mynstur: de-188

Teppið samanstendur af 70 dúllum í mismunandi litum. Þegar allar dúllurnar hafa verið heklaðar eru þær heklaðar saman og að lokum er heklaður kantur utan um allt teppið.

Mynstur

= 1 keðjulykkja um loftlykkju/loflykkjur í byrjun á umferð 2, 3, 4, 5 og 6.

= 1 keðjulykkja sem endar umferð, heklið í þriðju loftlykkju í 1. og 6. umferð, í fyrsta stuðul sem heklaður var saman í 2. umferð, í fyrstu fastalykkju í 3. og 4. umferð og í aðra loftlykkju í 5. umferð.

= 1 loftlykkja

= 1 fastalykkja um loftlykkju/loftlykkjuboga

= 1 hálfstuðull um loftlykkjuboga

= 1 stuðull um loftlykkju/loftlykkjuboga

= 3 opnir stuðlar / 3 stuðlar teknir saman í einn

= 4 loftlykkjur og 1 keðjulykkja í fyrstu loftlykkju til að mynda hring.



Létt

	5	3	2					1
9					6	3		8
	4		9	5		6		
				1	2	7	8	3
		6				4		
7	2	8	5	3				
		7		8	9		1	
2		9	4					7
3					1	5	6	

Miðlungs

5	6			3			1	7
		4	8		6	2		
		9				8		
9				1				5
			2		3			
4				8				9
		1				9		
		3	7		1	5		
6	8		2				7	4

Þung

6	5			2				
					3		5	4
		8			4	7		6
2		9					1	
	6					9		5
7		2	5			6		
8	1		9					
				1			8	2

Þyngst

				9		5		8
								1
	2		6	1				
			7				6	
3	8			5			4	9
	1				2			
				6	4		7	
5								
9		8		3				

Sudoku

Galdurinn við Sudoku-þrautirnar er að setja réttar tölur, frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

FÓLKIÐ SEM ERFIR LANDIÐ

Krossarinn er uppáhalds

Lárus á heima á Syðri-Fljótum ásamt fjölskyldu sinni.

Hann á eina eldri systur sem heitir Svanhildur. Hún er best. Honum finnst mjög skemmtilegt í fótbolta og hjálpar oft til heima við búskapinn og heimilisstörfin.

Hann fer út að keyra á krossaranum sínum alltaf þegar hann getur.

Nafn: Lárus Guðbrandsson.

Aldur: 12 ára.

Stjörnumerki: Tvíburi.

Búseta: Syðri-Fljótar Skaftárhreppi.

Skóli: Kirkjubæjarskóli á Síðu.

Hvað finnst þér skemmtilegast í skólanum? Íþróttir.

Hvert er uppáhaldsdýrið þitt? Lömbin á vorin.

Uppáhaldsmatur: Purusteik.

Uppáhaldshljómsveit: Hlusta lítið á tónlist.

Uppáhaldskvikmynd: Home alone.

Fyrsta minning þín? Leika við Stellu og Sigga á leikskólanum.

Æfir þú íþróttir eða spilarðu á hljóðfæri? Blak og fótbolta, líka sund og frjálsar þegar það er í boði.

Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Stærri.

Hvað er það klikkaðasta sem þú hefur gert? Hoppa út í Eldvatnið með Jóni Óskari, Þorsteini Birni og Svanhildi þegar ég var ca 8 ára.

Hvað ætlar þú að gera skemmtilegt á nýju ári? Keyra krossarann, stækka, fara til Berlínar og margt fleira skemmtilegt.

Næst » Lárus skorar á Jóhönnu Ellen Einarsdóttur, bekkjarsystur sína.

LESENDABÁS

Ómaklega vegið að stjórnarformönnum

Fyrrverandi stjórnarformaður, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Landssambands kúabænda, sem ég kalla þríhöfða hér eftir, vó ósmekklega að núverandi stjórnarformönnum MS og Auðhumlu, í aðsendum pistli í síðasta Bændablaði og væna þá um framkvæmdaleysi eftir að þeir tóku við síðasta sumar.

Staðreyndin er sú að fráfarandi stjórnarformaður ásamt meirihluta stjórnar var nánast búinn að keyra fyrirtækin í þrot með sinni einstrengingslegu afstöðu um greiðslu á umfram mjólk, sem hefur kostað MS og Auðhumlu um 1250 milljónir frá 2013. Halli á fyrstu 6 mánuðum síðasta árs var um 700 milljónir og fjárhagsstaðan í samræmi við það þannig að það var enginn möguleiki á að fara í nýbyggingu á þeirri duftverksmiðju sem þríhöfði vænir þau um að hafa ekki farið af stað með.

Viðsnúningur

Nýir stjórnarformenn héldu fundi síðastliðið haust til að kynna framleiðendum þessa erfiðu stöðu og rekstraráætlun út árið 2018 með aðhaldsaðgerðum og greiðslu fyrir umfram mjólk, það sem hún skilar á erlendum markaði. Sú niðurstaða sýndi viðsnúning, með verðbreytingu 1. september, þannig að niðurstaðan yrði 100 milljónir í plús. Það var vel gert og nauðsynlegt. Þar kom fram að staða MS gagnvart sínum viðskiptabanka var mjög erfið sem sést best á því að það fékkst ekki lán fyrir samkeppnissektinni nema KS mundi ábyrgjast það til jafns við Auðhumlu, það dugði ekki að það væri eftir eignarhlutum. Með stofnun Ísey er erlend starfsemi ekki að greiða niður innlenda starfsemi.

Halli milli prótein- og fitusölu

Þríhöfði talar líka mikið um efnahallann á milli próteinsölu og fitusölu, sem er orðinn mikill, en í töflu sem ég læt fylgja með sýnir að hann hefur löngum verið til staðar og þá líka á hinn veginn. Þeir unnu að því við síðasta búvörusamning að leggja af framleiðslustýringu í lok samningstímans og að gefa framleiðsluna frjálsa og þá verður verðmyndunin trúlega að verða frjáls, og óheimilt að vera með verðtilfærslu á milli vörutegunda, sem myndi trúlega skaða fyrirtækin og okkur bændur. Það tókst að koma inn í samninginn að bændur fengju að kjósa um hvort framleiðslustýring yrði lögð af eða ekki.

	innvigtun	Sala á próteini	Sala fitu	Efnahalli	Efnahall	Mism á prót	Mism á fitu
	Millj lítr	Millj lítr	Millj lítr	Prót milj lítr	af framl	sölu og framl	sölu og framl
Ár						Millj lítra	Millj lítra
2005	109,5	112,3	100,8	-11,5	-10,50%	-2,8	8,7
2006	117,1	113,2	103,9	-9,3	-7,94%	3,9	13,2
2007	124,8	114,8	108,7	-6,1	-4,89%	10	16,1
2008	126,1	117,1	112,2	-4,9	-3,89%	9	13,9
2009	125,6	117,7	115,5	-2,2	-1,75%	7,9	10,1
2010	123,3	114,7	110,7	-4	-3,24%	8,6	12,6
2011	124,8	113,7	111,5	-2,2	-1,76%	11,1	13,3
2012	125,1	115,1	114,1	-1	-0,80%	10	11
2013	122,9	117,6	120,8	3,2	2,60%	5,3	2,1
2014	133,5	121,2	128,9	7,7	5,77%	12,3	4,6
2015	146	122,6	132,8	10,2	6,99%	23,4	13,2
2016	150,3	129	139,2	10,2	6,79%	21,3	11,1
2017	151,1	132,1	145,1	13	8,60%	19	6
2018	152,4	129,5	144,8	15,3	10,04%	22,9	7,6
Tölur af vef Sam					**Samtals millj lítra**	**160,8**	**121,6**

	innvigtun	Sala á próteini	Sala fitu	Efnahalli	Efnahall	Mism á prót	Mism á fitu
	Millj lítr	Millj lítr	Millj lítr	Prót milj lítr	af framl	sölu og framl	sölu og framl
Ár						Millj lítra	Millj lítra
2005	109,5	112,3	100,8	-11,5	-10,50%	-2,8	8,7
2006	117,1	113,2	103,9	-9,3	-7,94%	3,9	13,2
